

Einangrun gæsluvarðhaldsfanga í ljósi 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu

- Meistararitgerð í lögfræði -

Elísabet Ingólfssdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild

Félagsvísindasvið

Umsjónarkennari: Björg Thorarensen

Júní 2015

FORMÁLI

Hugmyndin að þessu ritgerðarefni kviknaði við störf mín hjá Íslandsdeild Amnesty International. Hjá Amnesty fékk ég fyrst áhuga á málefnum fanga og færi ég samstarfsfólki mínu bestu þakkir fyrir innblásturinn. Efniviðurinn var valinn með hliðsjón af gagnrýni alþjóðlegra eftirlitsnefnda á sviði mannréttinda.

Vil ég þakka öllum þeim sem aðstoðuðu mig á einn eða annan hátt. Leiðbeinanda mínum, Björgu Thorarensen, kann ég bestu þakkir fyrir skipulega leiðsögn, aðstoð við val á efni og skjót svör við tölvupóstum. Stjórnarformanni Amnesty, Herði Helga Helgasyni, og starfsfólki innanríkisráðuneytisins færi ég einnig bestu þakkir, einkum Skúla Þór Gunnsteinssyni og Maríu Rún Bjarnadóttur. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni, Jóhönnu, Ingólfi, Ástu og Heiðu Lind fyrir aðstoð við barnapössun, stráknum mínum Kristófer Friði fyrir mikla þolinmæði og síðast en ekki síst, kærastanum mínum, Hugo Esteves, fyrir óþrjótandi uppörvun og aðstoð. Að endingu vil ég þakka Björgu Ástu Þórðardóttur og móður minni, Jóhönnu Eyþórsdóttur, fyrir yfirllestur og hjálplegar athugasemdir.

Reykjavík, 4. maí 2015

Elísabet Ingólfssdóttir

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur.....	5
2 Sögulegt yfirlit og helstu hugtök.....	7
2.1 Söguleg atriði.....	7
2.2 Sjónarmið um áhrif einangrunar sem sérstaks úrræðis í refsivörslukerfinu.....	9
2.3 Þróun skilyrða fyrir beitingu gæsluvarðhalds og einangrunar.....	10
2.3.1 Inngangur.....	10
2.3.2 Lög nr. 27/1951.....	11
2.3.3 Lög nr. 74/1974.....	12
2.3.4 Lög nr. 19/1991.....	12
2.3.5 Lög nr. 88/2008.....	15
2.4 Almenn sjónarmið um þvingunarráðstafanir.....	18
2.5 Hugtakið gæsluvarðhald og skilyrði þess.....	20
2.6 Hugtakið einangrun og skilyrði hennar.....	22
2.7 Samantekt.....	26
3 Athugasemdir Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.....	26
3.1 Inngangur.....	26
3.2 Athugasemdir nefndarinnar um einangrun gæsluvarðhaldsfanga á Íslandi.....	27
4 Bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.....	28
4.1 Alþjóðlegar skuldbindingar.....	28
4.2 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar.....	29
4.3 Þýðing Mannréttinasáttmála Evrópu og tengsl hans við stjórnarskrána.....	33
4.4 Inntak 3. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu.....	36
4.4.1 Inngangur.....	36
4.4.2 Túlkun samningsins.....	36
4.4.3 Pyndingar og ómannleg eða vanvirðandi meðferð eða refsing skv. 3. gr. MSE.....	38
4.4.3.1 Inngangur.....	38
4.4.3.2 Hugtakið pyndingar.....	39
4.4.3.3 Hugtakið ómannleg meðferð.....	40
4.4.3.4 Hugtakið vanvirðandi meðferð.....	41
4.4.4 Mat á því hvort um brot er að ræða.....	41
4.4.5 Einangrun frelsissviptra einstaklinga í ljósi 3. gr. MSE.....	43

4.5 Samantekt.....	48
5 Tölfræði um beitingu einangrunar í gæsluvarðhaldi	49
5.1 Íslensk framkvæmd	49
5.1.1 Inngangur.....	49
5.1.2 Tölfræði.....	49
5.1.3 Samanburður fyrir og eftir tilkomu sakamálalaga nr. 88/2008	51
5.2 Samanburður við önnur Norðurlönd	51
5.2.1 Inngangur.....	51
5.2.2 Danmörk.....	52
5.2.3 Noregur.....	53
5.2.4 Svíþjóð	54
5.3 Samantekt.....	55
6 Skilyrði fyrir einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.....	57
6.1 Inngangur.....	57
6.2 Danskur réttur.....	57
6.2.1 Inngangur.....	57
6.2.2 Skilyrði fyrir einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga	58
6.3 Norskur réttur	62
6.3.1 Inngangur.....	62
6.3.2 Skilyrði fyrir einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga	63
6.4 Sænskur réttur	65
6.5 Samantekt og samanburður við íslenskan rétt.....	66
7 Framkvæmd einangrunar í gæsluvarðhaldi á Íslandi	67
7.1 Inngangur.....	67
7.2 Tilhögun einangrunarvistunar	68
7.3 Álit umboðsmanns Alþingis.....	74
7.4 Dómar Hæstaréttar	78
7.5 Samantekt.....	83
8 Niðurstöður og lokaorð	83
HEIMILDASKRÁ	87
DÓMA- OG ÁLITASKRÁ.....	94

1 Inngangur

Fangelsismál eru ekki undanskilin umfjöllun í fjölmiðlum fremur en önnur samfélagsleg málefni, en fjölmiðlar eru gjarnan kallaðir „fjórða vald“ lýðræðisríkja á eftir löggjafarvaldinu, framkvæmdarvaldinu og dómsvaldinu. Í dagblöðum og á vefmiðlum finnast oft grípandi fyrirsagnir um þessi málefni, til dæmis á þá leið að íslensk fangelsi gefi lúxushótelum ekkert eftir.¹ Aðrir eru hins vegar á þeirri skoðun að það sé ekkert sældarlíf að vera í fangelsi, þar sé stéttaskipting, lítið pláss og takmörkuð útivera.² Hvað sem þessum skoðunum líður felur fangelsisvist óumflýjanlega í sér frelsisskerðingu sem getur verið mönnum þungbær.

Rétturinn til frelsis telst til grundvallarmannréttinda og er ein af grunnstoðum nútíma lýðræðissamfélaga. Hann er enn fremur forsenda margra annarra réttinda, s.s. ferðafrelsis, atvinnufrelsis og stjórnmalapátttöku.³ Undantekningar á meginreglu sem þessari eru bundnar ströngum skilyrðum. Engu að síður er óhjákvæmilegt að frelsissvipta einstaklinga í ákveðnum tilvikum, ekki síst vegna afbrota eða annarra ógna við samfélagið, s.s. smitsjúkdóma. Í 1. mgr. 67. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands (hér eftir einnig: Stjórnarskráin eða stj.skr.), sbr. 5. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 um breyting á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, segir að engan skuli svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Í 2.-5. mgr. sömu greinar er nánar lýst skilyrðum frelsissviptingar. Í 1. mgr. 5. gr. samnings Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis (hér eftir einnig: Mannréttindasáttmáli Evrópu eða MSE) er enn fremur tryggður réttur manna til frelsis og skilyrði frelsissviptingar rakin í 1.-5. mgr. sömu greinar. Í 1. mgr. 9. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (hér eftir einnig: SBSR) segir einnig að „allir menn eig[i] rétt til frelsis og mannhelgi“. Fyrrgreindar reglur hafa mikilvæga þýðingu til að vernda einstaklinga gegn geðþóttaákvörðunum yfirvalda.

Með lögum nr. 62 frá árinu 1994 var Mannréttindasáttmála Evrópu veitt lagagildi hér á landi. Í 3. gr. MSE er bann lagt við pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Íslenska ríkið er einnig aðili að Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum. Með honum var sett á fót eftirlitsnefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, hér eftir einnig: CPT-nefndin eða nefndin). Nefndin hefur það hlutverk að heimsækja staði og stofnanir aðildarríkja samningsins til að hafa eftirlit með meðferð á frelsissviptum einstaklingum. Að lokinni hverri heimsókn skilar nefndin ítarlegri skýrslu til hlutaðeigandi ríkis með ábendingum og tillögum

¹ „Brasilískur strokufangi vill hæli hér: Íslensk fangelsi eru eins og lúxushótel“, <http://www.pressan.is>.

² „Ekkert sældarlíf í Hegningarhúsinu: Stéttaskipting, klukkutíma útivera og litlir klefar“, <http://www.pressan.is>.

³ Sbr. 1. mgr. 34. gr. stj.skr., 3. mgr. 66. gr. stj.skr. og 1. mgr. 75. gr. stj.skr.

um úrbætur.⁴ Ísland er þar engin undantekning, en í skýrslum nefndarinnar til Íslands hefur meðal annars verið gagnrýnt að einangrunarvistun⁵ sé beitt óhóflega gagnvart gæsluvarðhaldsföngum hér á landi.⁶

Í þessari ritgerð verður leitast við að kanna hvort löggjöf og framkvæmd er varðar einangrun í gæsluvarðhaldi uppfylli kröfur 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um bann við pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Einkum verður rannsakað hvort verndin sem 3. gr. MSE veitir sé tryggð bæði með lögum og í mati þess dómara sem ber að úrskurða um gæsluvarðhald og einangrun. Í því samhengi er enn fremur nauðsynlegt að skoða hvaða úrræði gæsluvarðhaldsfangar hafa til að fá úrskurð um einangrun endurskoðaðan.

Í þessu skyni verða athuguð helstu fræðirit og dómar Mannréttindadómstóls Evrópu (hér eftir einnig: Mannréttindadómstóllinn eða MDE) um skýringu á 3. gr. MSE. Enn fremur verður leitast við að leiða í ljós réttarstöðu gæsluvarðhaldsfanga hér á landi, lagaumhverfi og framkvæmd einangrunar í gæsluvarðhaldi. Með það að markmiði verða kannaðar lagareglur, lögskýringargögn og reglugerðir er varða gæsluvarðhald og einangrunarvistun. Þar að auki verður skoðuð tölfræði um beitingu einangrunar á Íslandi fyrir og eftir tilkomu laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (hér eftir einnig: Sakamálalög eða sml.) með hliðsjón af tölfræði þar að lútandi frá hinum Norðurlöndunum. Þá verður gerður samanburður á löggjöf Norðurlandanna um þetta efni og að endingu verður framkvæmd við beitingu einangrunarvistunar skoðuð nánar. Líkt og efniviðurinn ber með sér verður í ritgerð þessari ekki einungis stuðst við íslenska og erlenda löggjöf og dómaframkvæmd heldur einnig innlend og erlend fræðirit er efninu tengjast, skýrslur, tölfræði, álit umboðsmanns Alþingis og dóma Hæstaréttar.

Í næsta kafla verður vikið að sögulegum atriðum, sjónarmiðum um áhrif einangrunar á fanga og þróun skilyrða fyrir einangrunarvistun í gæsluvarðhaldi hér á landi. Þá verður fjallað um þvingunarráðstafanir og leitast við að greina hugtökin *einangrun* og *gæsluvarðhald*. Í 3. kafla verður fjallað nánar um athugasemdir Evrópunefndarinnar um varnir gegn pyndingum. Í

⁴ Vefsíða Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, <http://www.cpt.coe.int/icelandic.htm>.

⁵ Í þessari ritgerð verða hugtökin einangrun og einangrunarvistun notuð jöfnum höndum til blæbrigða, sjá t.d. kafla 8.3 í Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 63-69.

⁶ *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 24 September 2012*, CPT/Inf (2013) 37, dags. 5. desember 2013, 62. mgr.; *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 29 March to 6 April 1998*, CPT/Inf (99) 1, dags. 16. febrúar 1999, 48.-53. mgr. og *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 6 to 12 July 1993*, CPT/Inf (94) 8, dags. 28. júní 1994, 59.-67. mgr.

4. kafla er að finna umfjöllun um bannið við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, þó einkum 3. mgr. MSE og túlkun greinarinnar sem birtist í dómafordæmum MDE. Í 5. kafla verður lýst tölfræði um einangrun gæsluvarðhaldsfanga á Íslandi með hliðsjón af framkvæmdinni á hinum Norðurlöndunum. Jafnframt verður gerður samanburður á beitingu úrræðisins fyrir og eftir tilkomu laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í 6. kafla verður borin saman löggjöf Norðurlandanna um þetta efni og í 7. kafla er að finna umfjöllun um framkvæmd einangrunar í gæsluvarðhaldi á Íslandi. Umfjöllunin verður sett fram í ljósi þess mats sem þarf að fara fram samkvæmt 3. gr. MSE, með hliðsjón af aðstæðum öllum í einangrunarvistun og möguleikanum á endurskoðun úrskurða. Í síðasta kaflanum verða niðurstöður höfundar loks reifaðar.

2 Sögulegt yfirlit og helstu hugtök

2.1 Söguleg atriði

Sú tilhögun refsivistar sem við þekkjum í dag meðal vestrænna þjóða á ekki síst rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna,⁷ en í lok 18. aldar og upphafi þeirrar 19. urðu þar nokkur umskipti í fangelsismálum.⁸ Betrun varð hluti af markmiði fangelsisvistar, sem áður hafði einkum verið hugsuð sem tæki til verndar almenningi frá „illvirkjum“. Til að ná því markmiði að betra fanga var talið að þá þyrfti að vernda, ekki aðeins frá samfélaginu heldur einnig hver frá öðrum.⁹ Talið var að einvera myndi kenna þeim sjálfsgaga og iðrun. Á þessum tíma mótaðist hið svokallaða Filadelfiukerfi í Bandaríkjunum, kennt við borgina Filadelfíu í Pennsylvaníu-fylki. Fangelsi í þessum stíl einkenndust af litlum klefum þar sem fangarnir voru í einrúmi, hver í sínum klefa. Mikil áhersla var lögð á aga, öryggi og skipulag.¹⁰ Fangelsisbyggingarnar voru flestar byggðar upp af sterku miðstýrðu stjórnkerfi sem var alla jafna í miðri byggingunni. Voru slík fangelsi reist víða í Bandaríkjunum og einnig í Evrópu.¹¹ Í New York-fylki var önnur leið farin, sú er kennd við borgina Auburn í sama fylki. Í fangelsinu í Auburn voru fangarnir í einrúmi á nóttunni en látnir vinna saman á daginn. Hins vegar átti að ríkja alger þögn við vinnuna og fangar áttu ekki að eiga nein samskipti hver við annan. Væri út af brugðið varðaði það hörðum refsingum.¹²

⁷ Björn Þórðarson: *Refsivist á Íslandi 1761-1925*, bls. 183-184.

⁸ Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 111.

⁹ David Rothman: *The Discovery of the Asylum*, bls. 82-83.

¹⁰ Stephan Hurwitz: *Den danske Kriminalret, Alm. del*, bls. 372-373 og Björn Þórðarson: *Refsivist á Íslandi 1761-1925*, bls. 182-183.

¹¹ Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 112.

¹² Björn Þórðarson: *Refsivist á Íslandi 1761-1925*, bls. 183-184.

Í stuttu máli má segja að reynslan hafi síðar leitt í ljós að einangrunin, aginn og hin ópersónulegu samskipti sem einkenndu einkum Fíladelfiukerfið hafi gengið mjög nærri sálarlífi fanganna.¹³ Þrátt fyrir þá bjartsýni sem ríkti í upphafi áttuðu gagnrýnendur sig - og Hæstiréttur Bandaríkjanna - fljótt á þeim hættum sem einangrunarvistun gat haft í för með sér.¹⁴ Í gagnrýni sinni á bandaríska kerfið gengu frakkarnir Gustave de Beaumont og Alexis de Tocqueville svo langt að segja að hin mikla einangrun „reyndist banvæn fyrir meirihluta fanga“.¹⁵

Norðurlöndin eru meðal þeirra ríkja Vestur-Evrópu sem hafa sætt aðfinnslum af hálfu alþjóðlegra eftirlitsnefnda vegna einangrunarvistunar fanga.¹⁶ Ísland er þar ekki undanskilið, enda hefur einangrun gæsluvarðhaldsfanga löngum verið beitt óhóflega hér á landi.¹⁷ Skýrasta dæmið um það er e.t.v. Guðmundar- og Geirfinnsmálið sem lauk með dómi Hæstaréttar, *Hrd. 1980, bls. 89*. Málið varðaði tvö mannhvörf sem áttu sér stað árið 1974, hvörf þeirra Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar. Í kjölfar hvarfanna voru fjölmargir handteknir, en sex þeirra voru ákærð og sakfelld í málinu, þau Sævar Marinó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar Leifsson, Albert Klahn Skaftason, Erla Bolladóttir og Guðjón Skarphéðinsson. Þann 7. október 2011 skipaði innanríkisráðherra starfshóp til að fara yfir rannsókn og meðferð Guðmundar- og Geirfinnsmálsins. Starfshópurinn skilaði lokaskýrslu til ráðherra þann 21. mars 2013. Í henni kemur meðal annars fram að sakborningar hafi sætt óhóflega löngu gæsluvarðhaldi og einangrun meðan á rannsókn málsins stóð. Fyrirnefndur Guðjón sætti gæsluvarðhaldi í 1202 daga, en þar af var hann vistaður í einangrun í 412 daga. Kristján Viðar sætti gæsluvarðhaldi í 1522 daga og þar af sætti hann einangrun í 503 daga. Sævar Marinó sætti gæsluvarðhaldi í 1533 daga og þar af einangrun í 615 daga, en hann var samfelldur í einangrun frá því í desember 1975 og þar til í

¹³ Björn Þórðarson: *Refsivist á Íslandi 1761-1925*, bls. 183.

¹⁴ Shira E. Gordon: „Solidary Confinement, Public Safety, and Recidivism“, bls. 499 og dómur Hæstaréttar Bandaríkjanna, *In Re Medley, 134 U.S. 160 (1890)*.

¹⁵ Gustave de Beaumont og Alexis de Tocqueville: *On the Penitentiary System in the United States, and Its Application in France*, bls. 5.

¹⁶ Johs. Andenæs: *Norsk straffeprosess*, bls. 300.

¹⁷ *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 24 September 2012*, CPT/Inf (2013) 37, dags. 5. desember 2013, 62. mgr.; *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 29 March to 6 April 1998*, CPT/Inf (99) 1, dags. 16. febrúar 1999, 48.-53. mgr. og *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 6 to 12 July 1993*, CPT/Inf (94) 8, dags. 28. júní 1994, 59.-67. mgr.

september 1977, þegar hann loks komst undir beran himinn. Tryggvi Rúnar var vistaður í 1522 daga í gæsluvarðhaldi og þar af 655 daga í einangrun.¹⁸

Í skýrslu sinni kemst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að framburðir allra sakborninganna utan eins hafi verið óáreiðanlegir, m.a. vegna hinnar löngu einangrunarvistunar.¹⁹ En hvers vegna getur löng einangrunarvistun valdið óáreiðanlegum framburðum? Til að varpa örlitlu ljósi á það verður nú stuttlega fjallað um áhrif einangrunar.

2.2 Sjónarmið um áhrif einangrunar sem sérstaks úrræðis í refsivörslukerfinu

Geðlæknirinn Stuart Grassian hefur bent á að skortur á umhverfislegri og félagslegri örvun í einangrun geti gert einstaklinga ófæra um að viðhalda fullnægjandi andlegu ástandi, s.s. árvekni og athygli. Enn fremur geti einangrun gert þá ofurnæma fyrir hvers konar áreiti og þeir jafnan átt erfitt með svefn. Raunar geti nokkurra daga einangrunarvistun gert það að verkum að heilalínuritið breytist úr eðlilegu í óeðlilegt mynstur með einkennandi skertri meðvitund og óráði.²⁰ Þessi niðurstaða er sérstaklega áhugaverð með hliðsjón af einangrun gæsluvarðhaldsfanga, enda eru mál þeirra enn á rannsóknarstigi og því geta þeir sætt yfirheyrslum meðan á einangrunarvistun stendur.

Ólafur Ólafsson, fyrrum landlæknir, skrifaði grein í Læknablaðið árið 1998 þar sem hann vísaði í fjölmargar niðurstöður erlendra rannsókna frá árunum 1983-1994, þess efnis að einangrun hefði neikvæð áhrif á geðheilsu fanga. Mæltist hann til þess að einangrun yrði alla jafna ekki lengri en 3-4 vikur.²¹ Eftirmaður hans, Sigurður Guðmundsson, tók í sama streng í bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í nóvember 1999 og lagði til að settar yrðu reglur um hámarkslengd einangrunar og enn fremur að sterkar yrði kveðið á um reglubundið eftirlit lækna og annarra fagaðila með föngum í einangrun.²²

Í lögskýringargögnum með frumvarpi til sakamála kemur einnig fram að langvinn einangrun geti haft alvarlegar og jafnvel varanlegar afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu fanga.²³ Þó að til séu rannsóknir sem ekki hafa leitt í ljós marktæk neikvæð áhrif einangrunar²⁴ eru fjölmargar rannsóknir sem hafa leitt í ljós hið gagnstæða.²⁵ Í vissum

¹⁸ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 3, 22-23, 76, 367, 386, 405 og 428.

¹⁹ Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra, bls. 469.

²⁰ Stuart Grassian: „Psychiatric Effects of Solitary Confinement“, bls. 330-332.

²¹ Ólafur Ólafsson: „Óráðlegt er að einangra fanga lengur en 3-4 vikur“, bls. 591.

²² Sigurður Guðmundsson: „Varðandi einangrun gæsluvarðhaldsfanga“, dags. 26. nóvember 1999.

²³ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1451.

²⁴ Maureen L. O'Keefe o.fl.: *One Year Longitudinal Study of the Psychological Effects of Administrative Segregation*, bls. viii.

²⁵ Sjá t.d.: Stuart Grassian: „Psychiatric Effects of Solitary Confinement“, bls. 328 og Dorte Maria Sestoft o.fl.: „Impact of Solitary Confinement on Hospitalization Among Danish Prisoners in Custody“, bls. 105-106.

tilvikum getur einangrun jafnvel talist til ómannlegrar meðferðar.²⁶ Líkt og síðar verður rakið munu ýmsir þættir hafa áhrif á það mat, þ.á.m. lengd einangrunar, aðstæður í einangrunarvistun og ástand sakbornings, s.s. andlegt og líkamlegt heilsufar.²⁷ Í dæmaskyni má nefna álit umboðsmanns Alþingis, *UA 7. júlí 2000 (2426/1998)*. Í málinu kvartaði fanginn A meðal annars yfir þeirri ákvörðun fangelsisyrfirvalda að láta hann sæta einangrun, þar sem andlegu ástandi hans hefði verið ábótavant á þeim tíma sem ákvörðunin var tekin. Umboðsmaður taldi að rannsókn málsins hefði verið áfátt, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga, enda þyrfti við slíka ákvörðun að meta möguleg skaðleg áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu viðkomandi fanga, sbr. núgildandi 2. og 3. mgr. 43. gr. evrópsku fangelsisreglnanna.²⁸ Enn fremur vakti umboðsmaður athygli á 3. gr. MSE og skyldum íslenska ríkisins þar að lútandi, þess efnis að haga skuli refsifullnustu þannig að gætt sé að andlegri og líkamlegri velferð fanga.

Þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, um skaðleg áhrif einangrunarvistunar, hafa á síðustu árum og áratugum haft mikil áhrif á löggjöf um þetta efni hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Til að varpa ljósi á þessi áhrif verður nú stuttlega rakin þróun lagasetningar um skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi og einangrun fanga hér á landi. Nánar verður fjallað um löggjöf annarra Norðurlanda í 6. kafla.

2.3 Þróun skilyrða fyrir beitingu gæsluvarðhalds og einangrunar á Íslandi

2.3.1 Inngangur

Fyrstu heildstæðu íslensku lögum um meðferð refsímála voru lög um meðferð opinberra mála nr. 27/1951. Fyrir gildistöku laganna var heildstæðri sakamálaöggjöf ekki til að dreifa hér á landi. Fram að þeim tíma var meðferð slíkra mála í meginatriðum eftirfarandi: Ekki var skýrt greint á milli ákæru- og dómsvalds. Dómarar höfðu jafnt á hendi stjórn lögreglu og rannsókn brotamála. Þeir höfðu frumkvæði að rannsókn slíkra mála og stýrðu rannsókninni. Dómarar fóru því með ákærvald, bæði að því leyti að þeir höfðuðu málin og öfluðu gagna, en ráðherra var æðsti handhafi ákærvalds. Þessi skipan byggðist á svokölluðu rannsóknarréttarfari²⁹. Í héraði var enginn sækjandi skipaður til að flytja opinber mál. Skilin milli rannsóknar og málsmeðferðar fyrir dómi voru óljós, enda fór sönnunarfærsla á rannsóknarstigi oftast fram fyrir dómi. Rannsóknin og málsmeðferðin fóru almennt fram fyrir luktum dyrum og

²⁶ Sjá t.d.: *MDE, Mathew gegn Hollandi, 29. september 2005 (24919/03)*.

²⁷ *MDE, Van der Ven gegn Hollandi, 4. febrúar 2003 (50901/99)*, 51. mgr.

²⁸ Recommendation Rec(2006)2 of the Committee of Ministers to member states on the European Prison Rules.

²⁹ Í rannsóknarréttarfari hvílir skylda á dómara til að upplýsa mál. Hann hefur frumkvæði að rannsókn, stýrir henni og annast þ.á.m. gagnasöfnun og yfirheyrslur. Sjá: *Lögfræðiorðabók. Með skýringum*, bls. 333.

sakborning mátti þvinga til að svara spurningum með ógnunum um fangelsi við vatn og brauð. Verjandi var aðeins skipaður ef ákærði óskaði þess en þó ekki fyrir en málshöfðun hafði verið ákveðin. Fullnusta refsídóma var í höndum dómara undir yfirstjórn ráðherra. Reglur um sönnun í refsimálum voru á þá leið að sönnunarbyrðin hvíldi á ákærvaldinu og mat sönnunargagna var frjálst. Á þeim tíma er lög nr. 27/1951 voru samin var fyrrgreind skipan talin löngu úrelt og í hróplegu ósamræmi við réttarfar í þeim löndum sem við höfum gjarnan borið okkur saman við.³⁰

2.3.2 Lög nr. 27/1951

Sem fyrr segir voru lög nr. 27/1951 fyrstu íslensku lögin um meðferð opinberra mála. Um gæsluvarðhald og einangrun var fjallað í IX. kafla laganna. Samkvæmt 69. gr. skyldi dómari úrskurða um gæsluvarðhald innan sólarhrings frá því að beðist var úrskurðar. Gat dómari úrskurðað sakborning í varðhald eða látið hann lausan, á hvaða stigi rannsóknar sem var. Gæsluvarðhaldi skyldi þar að auki markaður ákveðinn tími. Í 70. gr. voru rakin enn frekari skilyrði gæsluvarðhalds. Hið almenna skilyrði var grunur um refsiverða hegðun sakbornings. Þá sagði í 70. gr. að gæsluvarðhaldi skyldi að jafnaði beita vegna 1) hættu á torveldun á rannsókn máls, 2) hættu á stroki, 3) hættu á stefnulausu ráfi sakbornings vegna heimilisleysis, 4) gruns um brot sem varðaði a.m.k. tveggja ára fangelsi, 5) hættu á endurteknum brotum og 6) hættu á árásum af hálfu sakbornings eða til verndar honum. Þar að auki mátti setja þann mann í varðhald sem hefði í hótunum við annan mann, teldist það nauðsynlegt.

Í 2. tölul. 2. mgr. 73. gr. laganna sagði að gæsluvarðhaldsfangar skyldu *alla jafna látnir vera í einrúmi* og ekki skyldu þeir gegn vilja sínum hafðir með afplánunarföngum. Enn fremur skyldu ungmenni yngri en 18 ára ekki vistuð með eldri föngum. Í 3. tölul. sömu greinar var gert ráð fyrir því að dómari tæki ákvörðun um hvort, og að hve miklu leyti, gæsluvarðhaldsfangar fengju að hafa samband við aðra en fangaverði. Enn fremur ættu þeir ekki að hafa samskipti við aðra menn, væri það varhugavert vegna rannsóknarhagsmuna. Þó átti jafnan að verða við óskum þeirra um að hafa samband við lækni eða prest. Samkvæmt 4. tölul. 73. gr. gat dómari látið athuga og kyrretja bréf og önnur skjöl sem fangi sendi eða tók á móti, ef nauðsyn krafði vegna rannsóknarhagsmuna eða ósæmilegs efnis þeirra. Þó skyldi gera fanga viðvart um kyrretningu. Í athugasemdum við IX. kafla í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að í 73. gr. sé að finna ítarlegar reglur um meðferð

³⁰ Alpt. 1990-91, A-deild, bls. 77.

gæsluvarðhaldsfanga sem lúti að því að tryggja góða reglu, öryggi og tilhlýðilegan aðbúnað fanganna, en að öðru leyti þarfnist greinin ekki frekari skýringa.³¹

Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. laganna gat gæsluvarðhaldsfangi lagt fyrir dómara kvörtun vegna slæmrar meðferðar af hálfu fangavarða. Enn fremur gat hann freistað þess að hnekkja úrskurði dómara um varðhald og aðra gæslu með kæru til æðra dóms, sbr. 3. tölul. 175. gr. Þá gat sakborningur krafist bóta á grundvelli 155. gr. laganna. Ef ætla mætti að sakborningur hefði orðið fyrir heilsutjóni vegna frelsisskerðingarinnar skyldi taka það sérstaklega til greina, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

2.3.3 Lög nr. 74/1974

Í nýjum heildarlögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála var ekki að finna neinar efnislegar breytingar á IX. kafla um skilyrði gæsluvarðhalds. Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 70. gr. laganna var *meginreglan enn sú að gæsluvarðhaldsfangar skyldu hafðir í einrúmi*. Kæruheimildir skv. XXI. kafla voru óbreyttar og sömuleiðis heimildir til að krefjast bóta og kvarta vegna meðferðar fangavarða.

2.3.4 Lög nr. 19/1991

Með lögum nr. 92/1989 var dómsvald og umboðsvald í héraði aðskilið. Í kjölfarið var ráðist í heildarendurskoðun á dómstólakerfi landsins og réttarfarsreglum, sem grundvöllur hafði verið lagður að með fyrrgreindum aðskilnaðarlögum. Lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála voru meðal afraksturs af þessari endurskoðun. Leystu þau af hólmi samnefnd lög nr. 74/1974 og fólu í sér veigamiklar breytingar frá því sem áður var.³²

Með lögum nr. 19/1991 var skilyrðum gæsluvarðhalds og einangrunar breytt töluvert. Í XIII. kafla laganna var að finna reglur um gæsluvarðhald og skyldar ráðstafanir. Í 103. gr. voru rakin almenn og sérstök skilyrði gæsluvarðhalds. Almennu skilyrðin kváðu á um 15 ára lágmarksaldur og rökstuddan grun um refsiverða hegðun sem gæti varðað fangelsisvist. Sérstök skilyrði voru rakin í a- til d-liðum sömu greinar. Þau voru 1) torveldun á rannsókn máls, 2) hætta á flóttu, 3) hætta á áframhaldandi brotum og 4) hætta á árásum eða áhrifum frá hendi sakbornings eða gegn honum. Í 2. mgr. var enn fremur að finna viðbótarheimild til að beita gæsluvarðhaldi, væru hin sérstöku skilyrði ekki uppfyllt, ef hin meinta refsiverða hegðun varðaði 10 ára fangelsi. Samkvæmt 1. mgr. 105. gr. skyldi dómari að jafnaði leggja úrskurð á kröfu rannsóknaraðila um gæsluvarðhald í sama þinghaldi, eða í síðasta lagi eftir

³¹ Alþt. 1948, A-deild, bls. 61 og 74.

³² Alþt. 1990-91, A-deild, bls. 1207.

sólarhring. Í 2. mgr. 105. gr. sagði að gæsluvarðhaldi skyldi markaður ákveðinn tími, en reglu um ákveðna hámarkstímalengd var ekki til að dreifa.

Um tilhögun gæsluvarðhalds var fjallað í 108. gr. laganna en þar var að finna nýmæli þess efnis að gæsluvarðhaldsfangar skyldu *aðeins látnir vera í einrúmi ef nauðsyn krefði*, en þó skyldu þeir ekki hafðir með öðrum föngum gegn vilja sínum. Það vekur athygli að í lögskýringargögnum kemur ekki sérstaklega fram hvers vegna þessu var breytt, heldur aðeins að gæsluvarðhaldsfangar skuli ekki hafðir í einrúmi nema þeir kjósi það sjálfir eða rannsóknarnauðsynjar krefjist þess.³³ Samkvæmt lögnum skyldi dómari ekki úrskurða um beitingu einangrunar heldur var ákvörðunin í höndum rannsóknaraðila. Í athugasemdum við XIII. kafla laganna segir að einungis megi takmarka réttindi gæsluvarðhaldsfanga, s.s. rétt til heimsókna o.fl., vegna rannsóknarhagsmuna. Skyldi það koma í hlut þess sem rannsókn stýrði að setja slíkar takmarkanir, en ekki dómara eins og gert var ráð fyrir í 70. gr. laga nr. 74/1974 (skv. þeim lögum voru fangar að vísu alla jafna í einrúmi, líkt og fram hefur komið). Helgaðist þetta af því að dómari átti ekki lengur að stýra rannsókninni.³⁴ Þessi ummæli í greinargerð með frumvarpinu gefa til kynna að ætlunin hafi verið að tryggja réttindi sakbornings með því að dómari kæmi alls ekki nálægt málinu á rannsóknarstigi. Fyrir vikið var hlutleysi dómara sennilega betur tryggt og þar með réttaröryggi sakbornings fyrir dómi. Hins vegar má telja að réttaröryggi hafi síður verið tryggt að því er varðaði beitingu þvingunarúrræða.

Ákvarðanir eða úrskurðir um þvingunarráðstafanir sættu kæru til æðra dóms á grundvelli XVII. kafla laganna. Enn fremur gat sakborningur krafist bóta vegna þvingunarúrræða á grundvelli XXI. kafla laganna, væru aðgerðirnar ólögætar, ónauðsynlegar eða óþarflega hættulegar, særandi eða móðgandi. Reglum 108. gr. laganna, um tilhögun gæsluvarðhalds, var breytt í tvígang, með 107. gr. breytingarlaga nr. 92/1991 og 5. gr. breytingarlaga nr. 136/1996. Með breytingarlögum nr. 92/1991 var einni málsgrein bætt við 108. gr., þess efnis að gæsluvarðhaldsföngum væri heimilt að bera atriði er vörðuðu gæsluvarðhaldsvistina undir dómara á grundvelli 75. gr. laganna. Í 75. gr. sagði að bera mætti undir dómara ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda, o.s.frv. Með lögum nr. 136/1996 var enn annarri málsgrein bætt við 108. gr. Reglan fól í sér að þrátt fyrir ákvæði d-liðar 108. gr. um heimild rannsakanda til að athuga efni bréfa og skjala og kyrrsetja þau, mættu gæsluvarðhaldsfangar engu að síður taka við og senda bréf til dómstóla, ráðherra, umboðsmanns Alþingis og verjanda án þess að efni þeirra væri athugað.

³³ Alþt. 1990-91, A-deild, bls. 1219.

³⁴ Alþt. 1990-91, A-deild, bls. 1219.

Ráðherra setti reglugerð nr. 179/1992 um gæsluvarðhaldsvist á grundvelli laga nr. 19/1991. Í III. kafla reglugerðarinnar var að finna ítarlegar reglur í 13 greinum um tilhögun gæsluvarðhalds og einangrunar. Í 1. mgr. 15. gr. var ítrekuð sú meginregla að gæsluvarðhaldsföngum skyldi, svo sem frekast væri unnt, gefinn kostur á að vera í félagsskap við aðra fanga. Í 2. mgr. sömu greinar var hugtakinu *einangrun* gerð skil, en um það verður nánar fjallað í kafla 2.6. Í 16. gr. reglugerðarinnar sagði að sá sem stýrði rannsókn ákvæði hvort gæsluvarðhaldsfangi skyldi hafður í einangrun vegna rannsóknarnauðsynja. Að öðru leyti var ákvörðunin ekki bundin frekari skilyrðum, en gæsluvarðhaldsfangi gat borið hana undir dómara. Ef fangi óskaði hins vegar eftir því að vera í einangrun skyldi orðið við slíkri beiðni. Samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar gat forstöðumaður fangelsis einnig tekið ákvörðun um einangrun í gæsluvarðhaldi. Sú heimild var ekki byggð á nauðsyn vegna rannsóknarhagsmuna heldur var hún meira í líkingu við 57. gr. núgildandi laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 (hér eftir einnig: Refsifullnustulög) um einangrun sem viðurlög við agabrotum. Forstöðumaður gat tekið ákvörðun um einangrun að það teldist nauðsynlegt til að koma í veg fyrir strok, ofbeldi eða áframhaldandi refsiverða háttsemi, s.s. notkun fíkniefna. Enn fremur ef hætta væri á því að fangi sýndi af sér grófa, tillitslausa eða ófyrirleitna háttsemi sem gerði vistun með öðrum óforsvaranlega. Þá gat forstöðumaður úrskurðað gæsluvarðhaldsfanga í einangrun, ynni hann gegn ráðstöfunum sem nauðsynlegar væru vegna öryggis, heilbrigðiseftirlits eða til að fyrirbyggja hættu á smiti. Að öðru leyti voru frekari skilyrði fyrir beitingu einangrunar rakin í III. kafla reglugerðarinnar, s.s. réttur gæsluvarðhaldsfanga til að vita um ástæður einangrunar og bera slíka ákvörðun undir dómara.³⁵

Ákvörðun forstöðumanns um einangrunarvistun, sbr. 17. gr. reglugerðarinnar, var bundin ósveigjanlegri skilyrðum en ákvörðun rannsakanda samkvæmt 16. gr. hennar. Sem dæmi þurfti ákvörðun forstöðumanns að vera skrifleg og skyldi hún birt fanganum með sannanlegum hætti. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar skyldi einangrun vegna rannsóknarhagsmuna ljúka þegar sá sem stýrði rannsókn ákvæði það eða þegar dómstóll felldi ákvörðunina úr gildi. Öðru máli gegndi um einangrun samkvæmt ákvörðun forstöðumanns, en slík ákvörðun skyldi endurskoðuð vikulega og ekki framlengd umfram 30 daga nema með samþykki fangelsismálastofnunar. Ekki var til að dreifa sérstökum hámarkstíma við beitingu einangrunar vegna rannsóknarhagsmuna.³⁶

³⁵ Stjórnartíðindi 1992, B-deild, bls. 456-458.

³⁶ Stjórnartíðindi 1992, B-deild, bls. 456-458.

Með 1. gr. reglugerðar nr. 259/1995, um breyting á reglugerð nr. 179/1992, var 16. gr. breytt á þá leið að rannsakanda var gert að kynna gæsluvarðhaldsfanga með sannanlegum hætti rétt hans til að bera ákvörðun um einangrun undir dómara.³⁷ Reglugerð nr. 179/1992 var felld úr gildi með núgildandi reglugerð nr. 961/2005 um fullnustu refsinga, en í henni er ekki sérstaklega fjallað um einangrunarvistun í gæsluvarðhaldi.

Tilkoma laga nr. 19/1991 hefur eflaust falið í sér mikla réttarbót sakborningum til handa. Bæði lögin og reglugerðin voru mjög ítarleg og bundu gæsluvarðhald og einangrun ströngum skilyrðum. Af lögskýringargögnum verður ráðið að algjör aðskilnaður ákærvalds og dómsvalds var tilgangurinn að baki því að veita rannsóknaraðila ákvörðunarvald um þvingunarúrræði í gæsluvarðhaldi.³⁸ Þó má setja spurningamerki við það hvort tilgangurinn hafi helgað meðalið í þessu tilviki, enda hefði verið hægt að tryggja hlutleysi dómara með því að setja reglur um að sami dómari skyldi ekki koma að málum bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi.

2.3.5 Lög nr. 88/2008

Með núgildandi lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála voru lög nr. 19/1991 felld úr gildi. Í gildistíð laga nr. 19/1991 var sú tilhögun, að láta rannsóknaraðila taka ákvörðun um einangrun í gæsluvarðhaldi, gagnrýnd af hálfu fræðimanna.³⁹ Með ákvörðun um einangrun væri sakborningi jafnan meinað að eiga samskipti við fjölskyldu sína og umheiminn, þó tímabundið væri. Ákvörðunin væri þess eðlis að dómstólar ættu að taka afstöðu til hennar strax í upphafi, enda væri sá háttur hafður á í Danmörku og Noregi. Ekki væri nægilegt að tryggja sakborningi möguleika á því að bera ákvörðun rannsóknaraðila undir dómstóla, því yfirleitt væri búið að aflétta ráðstöfuninni þegar úrlausn dómstóla lægi fyrir.⁴⁰ Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 tóku gildi þann 1. janúar 2009. Í lögnum er að finna nýmæli þess efnis að gæsluvarðhaldsfangar skuli aðeins sæta einangrun á grundvelli dómsúrskurðar, sbr. b-lið 99. gr. laganna.

Í XIV. kafla sakamálalaga er fjallað um gæsluvarðhald og aðrar sambærilegar ráðstafanir. Skilyrði fyrir beitingu gæsluvarðhalds eru rakin í 95. gr. laganna. Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 95. gr. sml. verða þrjú skilyrði ávallt að vera uppfyllt til að gæsluvarðhaldi verði beitt. Í fyrsta

³⁷ Stjórnartíðindi 1995, B-deild, bls. 530.

³⁸ Fyrir gildistöku laga nr. 19/1991 var meginreglan þó sú að gæsluvarðhaldsfangar voru látnir vera í einrúmi, en dómari tók ákvörðun um aðrar takmarkanir á samskiptum gæsluvarðhaldsfanga við umheiminn, sbr. umfjöllun í kafla 2.3.2.

³⁹ Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar“, bls. 660 og Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 67.

⁴⁰ Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar“, bls. 660.

lagi, að rökstuddur grunur sé kominn fram um að viðkomandi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi. Í öðru lagi verður hin refsiverða háttsemi að geta varðað *fangelsisrefsingu* og í þriðja lagi verður sakborningur að hafa náð 15 ára aldri. Fyrrgreind skilyrði eru almenn og verða alltaf að vera uppfyllt en einnig skal vera uppfyllt eitt þeirra sérstöku skilyrða sem rakin eru í a- til d-lið 1. mgr. 95. gr. sml. Sérstöku skilyrðin eru 1) að hætta sé á að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins, 2) að hætta sé á því að sakborningur reyni að flýja eða komast undan málsókn, 3) að hætta sé á áframhaldandi brotum eða 4) að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt til varnar árásum af hálfu sakbornings eða til verndar honum. Skv. 2. mgr. 95. gr. sml. má enn fremur beita gæsluvarðhaldi þrátt fyrir að ekkert hinna sérstöku skilyrða séu uppfyllt, ef brotið getur varðað 10 ára fangelsi og varðhald er nauðsynlegt vegna almannahagsmuna.

Ekki er þó heimilt að úrskurða sakborning til að sæta gæsluvarðhaldi ef brot getur aðeins varðað sektum eða skilorðsbundnu fangelsi, miðað við atvik máls, sbr. 3. mgr. 95. gr. laganna. Að meginreglu skal gæsluvarðhald ekki vara lengur en 12 vikur nema brýnir rannsóknarhagsmunir krefjist þess eða mál hafi verið höfðað gegn sakborningi, sbr. 4. mgr. sömu greinar. Í athugasemdum við 95. gr. í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að gæsluvarðhald skuli ekki standa lengur en þörf krefur. Meðal þess sem getur valdið óþarflega löngu gæsluvarðhaldi er þegar rannsókn máls er dregin á langinn eða ákvörðun um saksókn dregst fram úr hófi. Af þessum sökum eru lögreglu og ákærvaldi settar ákveðnar skorður hvað varðar tímalengd einangrunar, jafnvel þó að skilyrði 95. gr. sml. séu uppfyllt.⁴¹ Sakborningar á aldrinum 15-18 ára skulu ekki látnir sæta gæsluvarðhaldi nema í undantekningartilvikum, þ.e. ef önnur úrræði geta ekki komið þess í stað, sbr. 1. mgr. 100. gr. laganna.⁴² Meðal annarra úrræða geta verið farbann eða vistun á viðeigandi heimili eða stofnun fyrir börn. Markmið þessa skilyrðis er að halda gæsluvarðhaldi ungmenna undir 18 ára í algjöru lágmarki, með sjónarmið um barnavernd að leiðarljósi.⁴³

Samkvæmt 2. mgr. 98. gr. er nú gert ráð fyrir því að dómari taki ákvörðun um einangrun í gæsluvarðhaldi með úrskurði. Í b-lið 1. mgr. 99. gr. laganna segir að gæslufangar *skuli aðeins látnir vera í einrúmi samkvæmt úrskurði dómara*. Þó skuli þeir ekki hafðir með öðrum föngum gegn vilja sínum. Einangrun má ekki beita nema hún sé nauðsynleg á grundvelli

⁴¹ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1449.

⁴² Í 1. mgr. 100. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 segir: „Nú eru skilyrði gæsluvarðhalds skv. 1. eða 2. mgr. 95. gr. fyrir hendi og getur dómari þá, í stað þess að úrskurða sakborning í gæsluvarðhald, mælt fyrir um vistun hans á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun, bannað honum brottför af landinu ellegar lagt fyrir hann að halda sig á ákveðnum stað eða innan ákveðins svæðis. Sé þess krafist getur dómari sett það skilyrði fyrir ráðstöfun að sakborningur hafi á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.“

⁴³ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1450.

ástæðna a- eða d-liðar 1. mgr. 95. gr, þ.e. vegna rannsóknarhagsmuna eða til að vernda sakborning eða verjast árásum af hans hálfu. Einangrun má ekki standa lengur en fjórar vikur samfleytt nema brot geti að lögum varðað 10 ára fangelsi, sbr. 2. og 3. másl. 2. mgr. 98. gr. sml. Samkvæmt athugasemdum við 98. gr. í greinargerð með frumvarpi til laganna var gert ráð fyrir því að einangrun mætti ekki standa lengur en átta vikur samfleytt nema brot gæti að lögum varðað 10 ára fangelsi.⁴⁴ Ákvæðið breyttist í kjölfar nefndarálits allsherjarnefndar þess efnis að einangrun skyldi að meginreglu aðeins standa í fjórar vikur samfleytt. Í áliti allsherjarnefndar er breytingartillagan ekki skýrð frekar.⁴⁵

Í 3. mgr. 99. gr. laganna er að finna nýmæli þess efnis að sakborningur í gæsluvarðhaldi getur krafist úrskurðar dómara um að óheimilt sé að skerða þau réttindi sem honum eru áskilin í c- til e-liðum 1. mgr. sömu greinar. Þar á meðal er réttur á heimsóknnum, heimild til að senda og taka við bréfum og öðrum skjölum, réttur til að lesa dagblöð og bækur og réttur til að fylgjast með hljóðvarpi og sjónvarpi. Ekki er ástæða til að þessi réttindi séu skert nema nauðsyn krefjist í þágu rannsóknar.⁴⁶ Í 5. mgr. sömu greinar er sérstaklega tekið fram að gæsluvarðhaldsföngum sé heimilt að bera atriði er vistina varða undir dómara skv. 102. gr. sakamálalaga.

Í athugasemdum við 98. gr. í greinargerð með frumvarpinu eru rök leidd að þeirri tillögu að dómari taki framvegis afstöðu til kröfu um einangrunarvistun sakbornings í gæsluvarðhaldi. Í Danmörku og Noregi séu það dómendur sem taki afstöðu til slíkra krafna lögreglu eða ákærvalds, auk þess sem frekari skilyrði séu sett fyrir slíkri vistun. Nánar verður vikið að samanburði við önnur Norðurlönd í 5. og 6. kafla hér á eftir. Í athugasemdum við 98. gr. sml. segir enn fremur að fyrir liggi að langvarandi einangrun geti haft alvarlegar og varanlegar afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu þeirra sem henni sæta. Þó geti vissulega, í sumum tilvikum, verið nauðsynlegt að halda sakborningum í einangrun í langan tíma til að upplýsa mál, sé það mjög umfangsmikið og rannsókn þess tímafrek.⁴⁷

Gæsluvarðhaldsfangi verður því aðeins látinn sæta einangrun á grundvelli dómsúrskurðar og einangrunin verður að vera nauðsynleg af tilteknum ástæðum, sem þegar hafa verið raktar. Einangrun er bersýnilega mun meira íþyngjandi en hefðbundin gæsluvarðhaldsvist, einkum ef hún varir í langan tíma. Líta verður á einangrun sem sérstaka þvingunarráðstöfun sem ekki skal grípa til nema nauðsyn krefji, enda lýtur hún meðalhófsreglu 12. gr. stjórnisýslulaga nr.

⁴⁴ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1451.

⁴⁵ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 6021.

⁴⁶ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1452.

⁴⁷ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1451.

37/1993 (hér eftir einnig: Stjórnsýslulög eða ssl.) líkt og önnur þvingunarúrræði.⁴⁸ Meðalhófsreglan hefur enn fremur verið lögfest í 3. mgr. 53. gr. sakamálalaga, en þar segir í 1. málslíð: „Þeir sem rannsaka sakamál skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur.“

Réttarstaðan að loknum þeim breytingum sem innleiddar hafa verið með nýju sakamálalögnum eru því þær að *gæsluvarðhaldsfangar geta einungis sætt einangrun eftir úrskurði dómara að tilteknum skilyrðum uppfylltum* sem nánar eru útlistuð í lögnum. Þar sem um er að ræða þvingunarúrræði skal gæta að öllum meginreglum stjórnsýsluréttar og ganga ekki lengra í beitingu úrræðisins en þarft er til að ná því markmiði sem að er stefnt. Eru þessar breytingar til þess fallnar að tryggja enn frekar réttaröryggi gæsluvarðhaldsfanga.

Af athugasemdum fræðimanna í gildistíð eldri laga má ráða að fyrrgreindu fyrirkomulagi um úrskurðarvald dómara hafi verið ætlað að draga úr óhóflegri beitingu einangrunar í gæsluvarðhaldi. Var talið að dómstólar væru betur til þess fallnir til að leggja hlutlaust mat á atvik máls og taka tillit til þeirra andstæðu hagsmuna sem um ræddi.⁴⁹ Í 5. kafla verður nánar vikið að því hvort framfarir hafi átt sér stað í kjölfar lagabreytingarinnar, í samræmi við þessar væntingar.

2.4 Almenn sjónarmið um þvingunarráðstafanir

Hugtakið þvingunarráðstöfun á fyrst og fremst við um þær aðgerðir sem lögregla beitir við rannsókn sakamála. Þar á meðal eru haldlagning, leit, líkamsrannsókn, símhlustun og gæsluvarðhald. Þó geta ýmis stjórnvöld önnur en lögreglan gripið til slíkra aðgerða, til dæmis skatt- og tollyfirvöld. Oftast er gripið til þvingunarráðstafana í rannsóknarskyni, þ.e. til að upplýsa afbrot og afla gagna vegna málsmeðferðar fyrir dómi. Þvingunarráðstöfunum getur jafnframt verið beitt í öðrum tilgangi, s.s. til að tryggja návist sakbornings, verja hann fyrir árásum eða verja aðra fyrir árásum hans, sbr. 95. gr. sakamálalaga.⁵⁰

Það sem einkennir þvingunarráðstafanir einna helst er að þær verða knúnar fram með valdi ef nauðsyn krefur. Þess er þó ekki alltaf þörf enda liggur samþykki oft til grundvallar þvingunarráðstöfunum, til dæmis við húsleit eða haldlagningu. Sumar þvingunarráðstafanir eru þó framkvæmdar án vitundar þeirra sem þeim sæta, t.d. símhlustun. Þess konar þvingunarráðstöfunum verður aðeins beitt á grundvelli dómsúrskurðar, sbr. 1. másl. 1. mgr. 84. gr. sml. Þrátt fyrir að samþykki liggja til grundvallar tilteknum ráðstöfunum teljast þær

⁴⁸ Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar*, bls. 298-299.

⁴⁹ Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar“, bls. 660.

⁵⁰ Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*, bls. 147 og 150.

engu að síður til þvingunarráðstafana, enda er um að ræða skerðingu á réttindum þeirra sem eiga hlut að máli. Það er einmitt einkenni þvingunarráðstafana, að þær fela í sér skerðingu á mikilvægum réttindum manna á borð við persónufrelsi, ferðafrelsi og friðhelgi einkalífs.⁵¹

Þvingunarúrræði eru sundurleit að því leyti að þau fela ýmist í sér meiri eða minni háttar réttarskerðingu. Gæsluvarðhald er til að mynda talin vera sú þvingunarráðstöfun sem gengur hvað lengst í því að skerða réttindi manna, en haldlagning er talin ganga einna skemmst. Gera verður ríkar kröfur til lögreglu og annarra stjórnvalda í þessum efnunum. Einungis er heimilt að grípa til þvingunarráðstafana að til grundvallar liggi skýr og ótvíræð lagaheimild. Lagaákvæði sem kveða á um skilyrði fyrir beitingu þvingunarúrræða er ekki aðeins að finna í sakamálaögum, heldur einnig í stjórnarskránni og alþjóðlegum mannréttindasamningum, sem fyrir greinir.⁵²

Við beitingu þvingunarráðstafana togast á andstæð sjónarmið: Annars vegar hagsmunir samfélagsins af því að afbrot séu upplýst og hins vegar mannréttindi þeirra sem aðgerðirnar beinast að. Sé sjónarmiði um rannsóknarhagsmuni gert of hátt undir höfði, á kostnað réttaröryggis sakborninga, er hætt við því að hrikti í grunnstoðum réttarríkisins⁵³. Þó er ekki hægt að binda hendur lögreglu að því marki að nánast sé ómögulegt að rannsaka mál svo vel sé. Við setningu réttarreglna um þvingunarráðstafanir hefur verið horft til þessara tveggja sjónarmiða. Það ber að hafa í huga að dómara og aðrir þeir sem koma að sakamálum þurfa að taka mið af þessum sjónarmiðum við störf sín. Einkum ber þeim að taka sérstaklega tillit til réttaröryggis þeirra sem þvingunarráðstöfunum eru beittir,⁵⁴ sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar, *Hrd. 22. september 2008 (493/2008)*:

Hrd. 22. september 2008 (493/2008): Lögregla krafðist þess að sakborningurinn X sætti farbanni vegna meints skjalafals og auðgunarbrot. Bæði héraðsdómur og meirihluti Hæstaréttar (tveir dómara af þremur) féllust á kröfuna. Í dómsorði meirihluta Hæstaréttar segir meðal annars: „Við beitingu þvingunarráðstafana, svo sem gæsluvarðhalds og farbanns, í þágu rannsókna opinbers máls togast meðal annars á almannahagsmunir við að halda uppi lögum, vinna að uppljóstran brota og halda uppi refsivörslu annars vegar og hins vegar mannréttindi hins grunaða manns. Hin óskráða meðalhófsregla [...] leggur grundvöllinn að því hvernig meta skuli þá andstæðu hagsmuni sem vegast á í slíkum málum og fara meðalveginn á milli þeirra.

⁵¹ Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*, bls. 148-149.

⁵² Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*, bls. 150-152 og 157.

⁵³ Réttarríki kallast þau ríki þar sem lög fullnægja tilteknum áskilnaði. Lög réttarríkis verða að vera almenn og birt, framvirk (en ekki afturvirk) og skiljanleg. Lögin skulu vera án mótsagna þannig að unnt sé að fara eftir þeim, þau verða að vera tiltölulega stöðug og samræmi verður að vera milli lagatexta og lagaframkvæmdar. Lögskipan þjóðfélagsins verður enn fremur að vera með ákveðnum hætti til að lögin fullnægi þessum áskilnaði. Tryggja verður óháða dómstóla, opinbera málsmeðferð og rúman aðgang að dómstólum. Dómstólar verða enn fremur að geta endurskoðað lagasetningu löggjafarvaldsins og athafnir framkvæmdarvaldsins. Sjá: Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði*, bls. 51-53.

⁵⁴ Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*, bls. 153.

Við val á þvingunarráðstöfun í þágu rannsóknar opinbers máls ber að velja það úrræði sem vægast er og að gagni getur komið.⁵⁵

Þvingunarráðstöfunum verður óhjákvæmilega að beita í sumum tilvikum. Það helgast ekki síst af rannsóknarhagsmunum, líkt og áður greinir. Í ljósi meðalhófsreglunnar er þó ljóst að ekki skal grípa til þvingunarráðstafana nema nauðsyn krefji. Aldrei skal ganga lengra en þarft er til að ná því markmiði sem að er stefnt þegar um íþyngjandi ákvarðanir er að ræða, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar, *Hrd. 1996, bls. 27* og *Hrd. 18. júní 2008 (331/2008)*:

Hrd. 1996, bls. 27: Atvik máls voru þau að B verið úrskurðaður í gæsluvarðhald og hann látinn sæta einangrun, bréfaskoðun, fjölmiðlabanni og heimsóknarbanni. Héraðsdómur staðfesti bannið, en einangrun og fjölmiðlabanni hafði verið aflétt áður en dómur Hæstaréttar var kveðinn upp. Hæstiréttur felldi úrskurð héraðsdóms úr gildi og taldi að af hálfu sóknaraðila hefði ekki verið rökstutt að rannsóknarhagsmunir krefðust þess að B sætti heimsóknarbanni og bréfaskoðun.

Hrd. 18. júní 2008 (331/2008): Málið varðaði sakborninginn X, sem var grunaður um auðgunarbrot. Sóknaraðili krafðist þess að X yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi til að tryggja návist hans, en hann var franskur ríkisborgari. Héraðsdómur féllst á kröfu sóknaraðila en Hæstiréttur felldi úrskurð héraðsdóms úr gildi með þeim rökum að ekki hefði verið sýnt nægilega fram á nauðsyn gæsluvarðhalds til að tryggja návist X. Hins vegar dæmdi Hæstiréttur X til að sæta farbanni.

2.5 Hugtakið gæsluvarðhald og skilyrði þess

Gæsluvarðhald er þvingunarráðstöfun sem felst í því að sakborningur í sakamáli er sviptur frelsi vegna rannsóknar eða meðferðar málsins.⁵⁶ Gæsluvarðhald er undantekning frá meginreglunni um frelsi og friðhelgi, sem greint er frá í 1. kafla. Sem fyrr segir er sú meginregla tryggð í 1. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, 1. mgr. 5. gr. MSE og 1. mgr. 9. gr. SBSR. Stjórnarskrárákvæðið er lögfest að fyrirmynd síðarnefndu ákvæðanna og hafa þau því þýðingu við túlkun þess, en nánar verður vikið að því síðar.

Í 1. mgr. 67. gr. stj.skr. segir orðrétt: „Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum“. Í 2. mgr. sömu greinar segir að sá sem er sviptur frelsi skuli fá upplýsingar um ástæður þess tafarlaust. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar skal lögregla leiða handtekinn mann fyrir dómara innan sólarhrings frá handtöku, en dómari getur aðeins úrskurðað mann í gæsluvarðhald ef fangelsisrefsing liggur við sökinni. Þá er tryggt að sá sem sæti gæsluvarðhaldi hafi rétt á því að skjóta úrskurði þess efnis til æðra dóms og skal hann aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur. Í 4. mgr. 67. gr. segir að hver sá sem af öðrum

⁵⁵ Leturbreyting höfundar.

⁵⁶ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1449 og Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*, bls. 245. Um skilyrði gæsluvarðhalds vísast til kafla 2.3.5.

ástæðum er frelsissviptur eigi rétt á því að dómstóll kveði á um lögmati þess. Hafi hann verið sviptur frelsi að ósekju á hann rétt til skaðabóta, sbr. 5. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt a- til f-lið 1. mgr. 5. gr. MSE er frelsissvipting heimil vegna a) afplánunar refsídóms, b) handtöku/gæslu fyrir að óhlýðnast lögmati skipun dómstóls, c) löglegar handtöku/gæslu vegna gruns um afbrot, d) gæslu ósjálfráða manns samkvæmt löglegum úrskurði, e) gæslu manns vegna andlegrar vanheilsu eða fíknar, eða til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma og f) handtöku manns vegna framsals eða ólöglegar dvalar í aðildarríki. Í 2.-5. mgr. sömu greinar eru réttindi handtekinna manna rakin, þar á meðal réttur til vitneskju um ástæður handtöku, réttur til að bera lögmati frelsisskerðingar undir dómstól og réttur til skaðabóta, reynist frelsissviptingin ólögmat.

Gæsluvarðhald er sú þvingunarráðstöfun sem gengur einna lengst í þá átt að skerða réttindi manna og því eru henni settar þröngar skorður.⁵⁷ Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. stj.skr. og 1. mgr. 97. gr. sakamálalaga verður ekki gripið til gæsluvarðhalds nema á grundvelli dómsúrskurðar. Leiða skal handtekinn mann fyrir dómara í þessu skyni innan 24 klukkustunda frá handtöku, sbr. 3. mgr. 67. gr. stj.skr. og 1. mgr. 94. gr. sml. Gæsluvarðhaldi skal ekki markaður lengri tími en fjórar vikur í senn og það verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður, sbr. 1. mgr. 97. gr. sml. Gæsluvarðhald skal aldrei vara lengur en þörf krefur, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Sé einstaklingur látinn sæta gæsluvarðhaldi án tilefnis eða gæsluvarðhald vari lengur en þörf krefur, getur það varðað íslenska ríkið skaðabótaábyrgð, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar, *Hrd. 26. mars 2013 (601/2012)*:

Hrd. 26. mars 2013 (601/2012): S taldi sig hafa orðið fyrir fjártjóni og miska vegna gæsluvarðhalds og einangrunar sem hann var látinn sæta við rannsókn sakamáls. Talið var að S hefði með hegðun sinni í aðdraganda gæsluvarðhaldsins gefið tilefni til þess og þar af leiðandi yrðu honum ekki dæmdar bætur fyrir að sæta því í öndverðu. Hins vegar var það niðurstaða Hæstaréttar að S hefði setið nokkuð lengur í gæsluvarðhaldi en efni hefðu staðið til. Einnig var litið til þess að lækniþjónusta við S hafi verið ófullnægjandi. Í ljósi þessa var íslenska ríkinu gert að greiða S 400.000 kr. í skaðabætur.

Allar reglur um sviptingu frelsis og sjálfræðis ber að túlka í ljósi grundvallarreglunnar um frelsi og friðhelgi, sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. gr. MSE. Það er enn fremur almennt lagasjónarmið að skýr heimild þurfi að liggja til grundvallar íþyngjandi ákvörðunum stjórnvalda um málefni borgaranna.⁵⁸ Undantekningar á meginreglunni um frelsi og friðhelgi ber að túlka þröngt, sbr. t.d. *Hrd. 1999, bls. 3386 (65/1999)* og *Hrd. 31. október 2013 (201/2013)*:

⁵⁷ Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*, bls. 246.

⁵⁸ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 233.

Hrd. 1999, bls. 3386 (65/1999): Atvik máls voru þau að Ó var, ásamt sjö öðrum mönnum, handtekinn við mótmæli á Austurvelli meðan fram fór upptaka á bandarískum sjónvarpsþætti. Samkvæmt framburði lögglumanna höfðu Ó og hinir mennirnir verið í haldi lögreglu í allt að þrjár klukkustundir. Í dóminum segir svo orðrét: „Þau atvik, sem leiddu til handtöku stefnda, voru einföld og gáfu ekki tilefni til ítarlegra yfirheyrslna eða tímafrekra rannsókna að öðru leyti. Að þessu virtu og eðli þeirra sakargifta, sem voru bornar á stefnda, hefur ekki verið sýnt fram á, að rannsóknarnauðsyn hafi krafist þess, að stefnda væri haldið í gæslu lögreglu þann tíma, sem að framan greinir.“

Hrd. 31. október 2013 (201/2013): A höfðaði mál gegn íslenska ríkinu og krafðist skaðabóta vegna ólögmatrar frelsissviptingar. Lögreglumenn höfðu komið inn á heimili hans og flutt hann nauðugan á geðdeild þar sem honum var haldið í tvo tíma. Vakthafandi læknir komst að þeirri niðurstöðu að A væri ekki andlega vanheill og þyrfti þar af leiðandi ekki að sæta nauðungarvistun á geðdeild. Taldi Hæstiréttur að lögregla hefði vissulega haft tilefni til að fara inn á heimili A vegna ótta um öryggi hans. Á hinn bóginn hefði lögreglu verið rétt að hafa geðlækni með í för til að fullvissa sig um að A væri í reynd alvarlega sjúkur. Að því virtu taldi Hæstiréttur að frelsissviptingin hefði verið ólögmat í ljósi 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. gr. MSE, sbr. einnig 19. gr. lögræðislega nr. 71/1997.

Þrátt fyrir að gæsluvarðhald sé að mörgu leyti sambærilegt fangelsisvist er mikilvægi munurinn sá að gæsluvarðhaldsfangar hafa *ekki* hlotið dóm fyrir refsivert brot. Þar af leiðandi skulu ekki settar frekari skorður við frelsi þeirra en brýna nauðsyn ber til. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. refsifullnustulaga er heimilt að vista gæsluvarðhaldsfanga meðal afplánunarfanga, sé einangrun ekki nauðsynleg. Fræðimenn hafa gagnrýnt að á Íslandi sé ekki til sérstakt og vel útbúið gæsluvarðhaldsfangelsi, enda þurfi að taka tillit til sérstöðu gæsluvarðhaldsfanga í samanburði við afplánunarfanga.⁵⁹ Ekki hafa þó komið fram nákvæmar tillögur um það hvernig haga beri vistun gæsluvarðhaldsfanga, þannig að tekið sé tillit til sérstöðu þeirra. Í a-lið 2. mgr. 10. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi, eða SBSR, segir orðrét: „Menn sem ákærðir eru skulu, nema í sérstökum tilvikum, vera aðskildir frá sakfelldum mönnum og skulu sæta sérstakri meðferð sem hæfir aðstæðum þeirra sem ósakfelldum mönnum“. Af hálfu íslenskra yfirvalda hefur því hins vegar verið haldið fram að sérstakt gæsluvarðhaldsfangelsi væri ekki heppilegur kostur hér á landi vegna fæðarfanganna.⁶⁰

2.6 Hugtakið einangrun og skilyrði hennar

Merking hugtaksins einangrun, í samhengi við gæsluvarðhald, virðist nokkuð augljós við fyrstu sýn en við nánari athugun er ekki alveg skýrt hversu langt hugtakið nær. Felst

⁵⁹ Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*, bls. 245, 294-295 og 300.

⁶⁰ *Written replies by the Government of Iceland to the list of issues (CAT/C/ISL/3) to be taken up in connection with the consideration of the third periodic report of ICELAND (CAT/C/ISL/3)*, CAT/C/ISL/Q/3/Add. 1, dags. 17. apríl 2008, svar við spurningu nr. 2.

einangrun í algeru samskiptaleysi við umheiminn eða aðeins aðskilnaði frá öðrum fögum? Einangrun hefur verið skilgreind á eftirfarandi hátt: „Það að fangar eru látnir vera í einrúmi, þ.e. hafa ekki samskipti við aðra fanga og fá ekki heimsóknir.“⁶¹

Í reglugerð nr. 179/1992 um gæsluvarðhaldsvist, sem nú hefur verið felld úr gildi með reglugerð nr. 961/2005 um fullnustu refsinga, var hugtakið einangrun einnig skilgreint. Þar sagði orðrétt í 2. málsl. 15. gr.:

Þegar gæsluvarðhaldsfangi er í einangrun er átt við að hann sé útilokaður frá félagsskap við aðra fanga. Það hefur ekki sjálfkrafa í för með sér aðrar takmarkanir á réttindum hans. Í reglugerð þessari þýðir einangrun það þegar í lögum er talað um einangrun, einangrun frá öðrum fögum eða vistun í einrúmi.⁶²

Ekki er ástæða til að ætla að merking hugtaksins hafi breyst þó að reglugerðin hafi verið felld úr gildi, enda er aðra skilgreiningu ekki að finna í sakamálalögum, refsifullnustulögum, greinargerðum með frumvörpum til laganna eða reglugerð um fullnustu refsinga nr. 961/2005. Þá hefur Eiríkur Tómasson skilgreint einangrun sem vistun í einangrunarklefa, án samskipta við aðra fanga.⁶³ Hér verður fallist á síðarnefndu skilgreininguna, þ.e. að með einangrun fanga sé átt við útilokun frá félagsskap við aðra fanga en það hafi ekki sjálfkrafa í för með sér takmarkanir á öðrum réttindum.⁶⁴

Skilyrði einangrunarvistunar hafa þegar verið rakin í kafla 2.3.5. Sem fyrr segir tekur dómari ákvörðun um einangrunarvistun með úrskurði þegar í upphafi gæsluvarðhalds, sbr. 2. mgr. 98. gr. sakamálalaga⁶⁵ og b-lið 1. mgr. 99. gr. sakamálalaga. Í dæmaskyni má nefna *Hrd. 22. júní 2010 (393/2010)* og *Hrd. 6. júlí 2010 (430/2010)*, en í báðum málunum staðfesti Hæstiréttur úrskurði dómara um gæsluvarðhald og einangrun. Í b-lið 1. mgr. 99. gr. sml. segir að gæsluvarðhaldsfangar skuli *ekki hafðir í einrúmi nema samkvæmt úrskurði dómara*, en þó skuli þeir ekki hafðir með öðrum fögum gegn vilja sínum. Að meginreglu á

⁶¹ *Lögfræðiorðabók. Með skýringum*, bls. 96.

⁶² Stjórnartíðindi 1992, B-deild, bls. 456.

⁶³ Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*, bls. 298.

⁶⁴ Þessi niðurstaða verður einnig ráðin af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga og 3. mgr. 53. gr. sakamálalaga. Til hliðsjónar má benda á dóm Hæstaréttar, *Hrd. 1997, bls. 3239*. Sakborningurinn Ó hafði sætt einangrun, heimsóknarbanni, bréfaskoðun og fjölmiðlabanni frá upphafi gæsluvarðhalds. Er nokkuð var liðið á vistina var þó samþykkt nokkur tilslökun á heimsóknarbanni. Ó krafðist þess að takmörkunum í gæsluvarðhaldi yrði aflétt. Héraðsdómur úrskurðaði á þá leið að tilhögun gæsluvarðhaldsvistar skyldi standa óbreytt að öðru leyti en því að fjölmiðlabanninu skyldi aflétt. Hæstiréttur taldi sóknaraðila ekki hafa sýnt fram á fullnægjandi rök fyrir þeim takmörkunum sem Ó þurfti að sæta og voru þær því felldar niður.

⁶⁵ Í 2. mgr. 98. gr. sakamálalaga segir: „Nú er þess krafist að sakborningur skuli sæta einangrun í gæsluvarðhaldi skv. b-lið 1. mgr. 99. gr. og á dómari þá að taka afstöðu til þeirrar kröfu í úrskurði. Ekki má úrskurða sakborning til að sæta einangrun nema hún sé nauðsynleg af þeim ástæðum sem greindar eru í a- eða d-lið 1. mgr. 95. gr. Hún má ekki standa samfleytt lengur en í fjórar vikur nema sá sem henni sætir sé sakaður um brot sem varðað getur að lögum 10 ára fangelsi. Enn fremur tekur dómari í úrskurði afstöðu til kröfu um hver tilhögun gæsluvarðhaldsvistar skuli vera að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 99. gr.“

gæsluvarðhaldsfangi rétt til heimsóknna, notkunar síma eða annarra fjarskiptatækja, bréfaskipta, lesturs dagblaða og bóka og aðgangs að hljóð- og sjónvarpi, sbr. c- til e-lið 1. mgr. 99. gr. sml. Þeim sem stýrir rannsókn er hins vegar heimilt að takmarka þessi réttindi í þágu rannsóknar og er það oft gert samhliða einangrunarvistun.⁶⁶

Samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 98. gr. sml. skal einangrun ekki beitt nema hún sé nauðsynleg af þeim ástæðum sem greindar eru í a- eða d-lið 1. mgr. 95. gr. sml., þ.e. á grundvelli rannsóknarhagsmuna eða til varnar árásum af hálfu sakbornings eða til verndar honum. Ekki er þó nægilegt að þessar ástæður séu fyrir hendi, heldur verður krafa um einangrunarvistun að byggjast á *raunverulegri* hættu á því að sakborningur geti torvelað rannsókn málsins eða valdið öðrum föngum skaða - eða þeir honum - hafi hann samneyti við þá. Um þetta atriði má til dæmis benda á *Hrd. 7. desember 2009 (692/2009)* þar sem ekki var talið að færð hafi verið fullnægjandi rök fyrir því að aðrar takmarkanir en eingangrun dygðu ekki til að tryggja rannsóknarhagsmunum málsins. Var því úrskurður héraðsdóms um einangrunarvistun felldur úr gildi en úrskurður um gæsluvarðhald staðfestur.

Rannsóknarhagsmunir eru ein algengasta ástæða einangrunar í gæsluvarðhaldi. Dæmi um hættu á torveldun rannsóknar er þegar tveir eða fleiri menn, sem taldir eru samsekir, sitja í gæsluvarðhaldi á sama tíma og hætta er á því að þeir samræmi vitnisburði sína eða hafi áhrif hvor eða hver á annan, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar, *Hrd. 8. janúar 2013 (7/2013)*. Atvik máls voru þau að sakborningurinn X hafði sætt einangrun og gæsluvarðhaldi vegna gruns um fíkniefnabrot. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms með vísan til forsendna. Í héraðsdóminum segir nánar tiltekið:

Eins og rakið hefur [verið] er kærði undir rökstuddum grun um brot sem varðað getur fangelsisrefsingu. Haldi kærði óskertu frelsi sínu gæti hann torvelað rannsókn málsins, s.s. með því að koma sönnunargögnum undan eða hafa áhrif á samseka eða vitni. Með vísan til a-liðar 1. mgr. 95. gr. og b-liðar 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, er því fallist á kröfu lögreglustjóra [...].

Í flestum tilvikum ætti að vera hægt að grípa til annarra úrræða en einangrunar til að koma í veg fyrir torveldun rannsóknar, s.s. með því að takmarka heimsóknir eða önnur samskipti gæsluvarðhaldsfanga við umheiminn,⁶⁷ sbr. t.d. *Hrd. 1997, bls. 3239*. Málið varðaði sakborning í gæsluvarðhaldi sem krafðist þess að einangrun og fjölmiðlabanni yrði aflétt. Hæstiréttur aflétti einangruninni með svofelldum orðum:

⁶⁶ Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 68-69.

⁶⁷ Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*, bls. 298-299.

Samkvæmt gögnum málsins er rannsókn þess lokið, og hefur það verið sent ríkissaksóknara til ákvörðunar um saksókn. Hafa varnaraðili og annar sakborningur í málinu gefið skýrslu um atvik málsins fyrir dómi. Að þessu gættu hefur sóknaraðili ekki fært fram viðhlítandi rök fyrir því, að varnaraðila verði áfram gert að sæta þeim takmörkunum í gæsluvarðhaldsvist, sem gilt hafa til þessa, *enda er unnt að haga vistinni þannig, að samgangur verði ekki á milli varnaraðila og þess, sem er einnig borinn sökum í málinu*. Verða þessar takmarkanir því felldar niður.⁶⁸

Ávallt ber að hafa í huga meðalhófsregluna og velja vægasta úrræðið sem nægir til að ná því markmiði sem að er stefnt, sbr. t.d. *Hrd. 12. júní 2009 (316/2009)*:

Hrd. 12. júní 2009 (316/2009): Varnaraðili kærði úrskurð héraðsdóms þess efnis að honum skyldi gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi og einangrun. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn að því er varðaði gæsluvarðhaldsvistina. Hins vegar taldi dómurinn varnaraðila hafa sætt einangrun um langa hríð og þar sem sóknaraðili hefði ekki sýnt fram á nauðsyn hennar yrði ekki fallist á þá kröfu.

Aðeins dómari getur tekið ákvörðun um einangrunarvistun á grundvelli b-liðar 1. mgr. 99. gr. sml. Forstöðumaður fangelsis hefur heimild til að setja gæsluvarðhaldsfanga í einangrun vegna agabrota, sbr. 1. mgr. 57. gr. refsifullnustulaga, en ekki á grundvelli rannsóknarhagsmuna, sbr. t.d. álit umboðsmanns Alþingis, *UA 15. ágúst 2001 (3123/2000)*. Málið varðaði afplánunarfanga, A, sem var látinn sæta einangrun í fjóra daga vegna gruns um fíkniefnamisferli. Að álitum umboðsmanns hafði A verið vistaður í einangrun á grundvelli rannsóknarhagsmuna, sem kröfðust þess að hinum grunuðu yrði haldið aðskildum í upphafi rannsóknar. Að mati umboðsmanns veittu þágildandi lög, nr. 88/1988 um fangelsi og fangavist, fangelsisyfirvöldum ekki sjálfstæðar heimildir til að einangra fanga og tryggja þannig rannsóknarhagsmunum opinbers máls.

Samkvæmt 3. másl. 2. mgr. 98. gr. sml. má einangrun ekki standa lengur en fjórar vikur samfleytt, að því undanskildu að meint brot geti varðað 10 ára fangelsi, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar, *Hrd. 15. maí 2009 (236/2009)*:

Hrd. 15. maí 2009 (236/2009): Sakborningurinn X var grunaður um aðild að stórfelldu fíkniefnamáli. Hann hafði sætt gæsluvarðhaldi og einangrun frá 19. apríl 2009 þegar héraðsdómur úrskurðaði hann til að sæta áframhaldandi einangrun, til 2. júní sama ár. X mótmælti einangruninni á þeim grundvelli að hún væri óheimil, enda mætti hann ekki sæta einangrun lengur en fjórar vikur, sbr. 2. mgr. 98. gr. sakamálalaga. Þar sem meint brot varðaði allt að 12 ára fangelsi taldi Hæstiréttur framangreinda reglu um hámarkstímalengd einangrunar ekki eiga við um hann.

Heimild til að beita einangrun er að finna bæði í sakamálalögum og refsifullnustulögum. Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 57. gr. refsifullnustulaga getur forstöðumaður fangelsis beitt

⁶⁸ Leturbreyting höfundar.

einangrun sem viðurlögum við agabrotum í fangelsi. Í þessari ritgerð verður sjónum beint að einangrun gæsluvarðhaldsfanga og því kemur framkvæmd við beitingu 57. gr. refsifullnustulaga ekki sérstaklega til skoðunar í þessari umfjöllun.

2.7 Samantekt

Í þessum kafla hafa verið rakin söguleg atriði, sjónarmið um áhrif einangrunarvistunar og þróun skilyrða fyrir einangrun gæsluvarðhaldsfanga á Íslandi. Þá hafa hugtökin gæsluvarðhald og einangrun verið skilgreind. Farið hefur verið um langan veg. Á árum áður hafði rannsóknaraðili nánast frjálssar hendur um beitingu einangrunar í gæsluvarðhaldi en í dag er einangrunarvistun bundin mun strangari skilyrðum og dómara falið að úrskurða um beiðnir rannsóknaraðila þar að lútandi.

Að lokinni þessari athugun verður séð að í núgildandi sakamálalögum er ekki vikið að einstaklingsbundum sjónarmiðum í tengslum við þvingunarráðstafanir, nema að því er varðar aldur sakborninga. Ekki er fjallað sérstaklega um önnur persónuleg einkenni þeirra eða aðstæður sem geta gert einangrun þungbæra. Þó að krafa um einangrunarvistun þurfi að vera rökstudd og byggja á raunverulegri hættu á torveldun máls eða hættu á árásum, verður ekki séð að tiltekinna sönnunargagna sé krafist til að sýna fram á nauðsyn einangrunar.

Í ljósi lagabreytingarinnar má ætla að nokkrar framfarir hafi áunnist í þessum málaflokki á síðustu árum. En er það raunverulega svo? Í næsta kafla verður vikið að athugasemdum Evrópunefndarinnar um varnir gegn pyndingum, vegna einangrunar gæsluvarðhaldsfanga hér á landi.

3 Athugasemdir Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

3.1 Inngangur

Evrópusamningurinn um varnir gegn pyndingum tók gildi árið 1989. Með honum var sett á fót nefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT-nefndin), sem sinnir eftirliti með aðildarríkjum samningsins í formi heimsókna og skýrslugerðar, sbr. umfjöllun í 1. kafla.⁶⁹ CPT-nefndin samanstendur af sjálfstæðum sérfræðingum frá hverju aðildarríki og hefur umboð til að rannsaka aðstæður frelsissviptra einstaklinga, með það að markmiði að auka vernd þeirra. Meðal þeirra staða sem nefndin

⁶⁹ Bernadette Rainey, Elizabeth Wicks og Clare Ovey: *Jacobs, White & Ovey: The European Convention on Human Rights*, bls. 195-196.

heimsækir eru fangelsi, fangaklefar lögreglu, geðsjúkrahús og gæsluvarðhaldsfangelsi.⁷⁰ Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um bann við pyndingum og tilvist Mannréttindadómstóls Evrópu var engu að síður talin þörf á stofnsetningu slíkrar nefndar. Ætlunin er að *koma í veg fyrir* pyndingar og ómannlega meðferð í stað þess að takast einungis á við afleiðingarnar þegar tilfellið koma upp.⁷¹

3.2 Athugasemdir nefndarinnar um einangrun gæsluvarðhaldsfanga á Íslandi

Evrópunefndin um varnir gegn pyndingum hefur skilað fjórum skýrslum í kjölfar heimsókna til Íslands. Skýrslurnar eru frá árunum 1994, 1999, 2006 og 2013. Í skýrslum nefndarinnar frá árunum 1994 og 1999 er sérstaklega vikið að óhóflegri beitingu einangrunar gæsluvarðhaldsfanga hér á landi.⁷² Í skýrslunni frá 2006 eru einnig gagnrýndar miklar takmarkanir á samskiptum gæsluvarðhaldsfanga við umheiminn, þó að ekki sé sérstaklega vikið að einangrun í því samhengi.⁷³

Með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á meðferð sakamála með lögum nr. 88/2008 mætti ætla að beiting einangrunarvistunar hefði minnkað til muna, einkum í ljósi þess að nú úrskurðar dómari um einangrun í gæsluvarðhaldi, sbr. b-lið 1. mgr. 99. gr. laganna. Í 62. mgr. í skýrslu nefndarinnar frá árinu 2013 kemur hins vegar fram að einangrun sé enn beitt á stóran hluta gæsluvarðhaldsfanga. Í athugasemdunum segir að hlutfallið hafi ekki lækkað frá því að nefndin heimsótti Ísland árið 2004, heldur hafi það þvert á móti aukist. Þó að nefndin viðurkenni að ef til vill geti þetta stafað af því að eðli glæpanna hafi breyst, lýsir hún yfir áhyggjum yfir þessari þróun. Líkt og í fyrri skýrslum minnir nefndin á þau neikvæðu áhrif sem einangrun getur valdið og hvetur til þess að beitingu úrræðisins sé haldið í algjöru lágmarki og aldrei lengur en nauðsynlegt er, þegar ekki verður hjá því komist að beita því.⁷⁴ Ef marka má fyrrgreinda umfjöllun hefur einangrunarvistun í gæsluvarðhaldi ekki minnkað

⁷⁰ Javaid Rehman: *International Human Rights Law*, bls. 850-851.

⁷¹ Bernadette Rainey, Elizabeth Wicks og Clare Ovey: *Jacobs, White & Ovey: The European Convention on Human Rights*, bls. 195-196.

⁷² *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 29 March to 6 April 1998*, CPT/Inf (99) 1, dags. 16. febrúar 1999, 48.-53. mgr. og *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 6 to 12 July 1993*, CPT/Inf (94) 8, dags. 28. júní 1994, 59.-67. mgr.

⁷³ *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 3 to 10 June 2004*, CPT/Inf (2006) 3, dags. 26. janúar 2006, 58.-59. mgr.

⁷⁴ *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 24 September 2012*, CPT/Inf (2013) 37, dags. 5. desember 2013, 62. mgr. Þess ber að geta að í sömu skýrslu kemur fram að einangrun hafi ekki verið beitt óhóflega sem agaviðurlögum í þeim fangelsum sem heimsótt voru á Íslandi, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 57. gr. refsifullnustulaga.

frá því fyrir lagabreytinguna árið 2008. Athugasemdir nefndarinnar gefa tilefni til frekari athugunar. Í næsta kafla verður því farið yfir þau sjónarmið sem rannsóknaraðilar og dómaraþurfa að tileinka sér, samkvæmt 3. gr. MSE, við ákvörðun um einangrunarvistun.

4 Bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

4.1 Alþjóðlegar skuldbindingar

Í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar beindist athygli heimsbyggðarinnar að víðtækum mannréttindabrotum sem áttu sér stað bæði fyrir upphaf stríðsins og á árum þess. Því viðhorfi óx fiskur um hrygg að nauðsynlegt væri að þjóðir heims stæðu saman að átaki til að koma í veg fyrir slík mannréttindabrot í framtíðinni. Þessi framvinda hafði bein áhrif á mótun sáttmála Sameinuðu þjóðanna (e. Charter of the United Nations) sem var undirritaður þann 26. júní 1945.⁷⁵ Í 1. gr. sáttmálans segir að eitt helsta markmið samtaka hinna Sameinuðu þjóða sé að efla mannréttindi og stuðla að aukinni virðingu fyrir þeim án mismununar á grundvelli kynþáttar, kynferðis, tungu eða trúarbragða.

Pyndingar og ómannleg meðferð voru daglegt brauð í refsivörslukerfum Evrópuríkja fram á miðja 20. öldina. Illri meðferð var einkum beitt í þeim tilgangi að knýja fram játningar, enda byggðu réttarfarslög flestra ríkjanna á því að játning sakbornings lægi fyrir til að sakfelling væri möguleg.⁷⁶ Þó að pyndingar séu nú almennt fordæmdar af alþjóðasamfélaginu tíðkast þær enn í mörgum ríkjum heims. Á alþjóðlegum vettvangi hafa því verið gerðar ýmsar samþykktir, sem Ísland er aðili að, til að banna pyndingar og hafa eftirlit með því að stjórnvöld ríkja virði slíkt bann.⁷⁷

Í Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn frá árinu 1998 segir að pyndingar teljist til glæpa gegn mannkyni, sbr. f-lið 1. mgr. 7. gr. Bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu er enn fremur að finna í fjölmörgum alþjóðlegum og svæðisbundnum mannréttindasamningum og -yfirlýsingum. Hér ber helst að nefna 5. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (SBSR) og 3. gr. MSE. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. SBSR og 2. mgr. 15. gr. MSE er bannið við pyndingum ófrávíkjanlegt. Nánar verður fjallað um inntak 3. gr. MSE í kafla 4.4 hér á eftir.

⁷⁵ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 779-780.

⁷⁶ Ditlev Tamm: „Torture - Attitudes and Arguments for its Abolition“, bls. 502.

⁷⁷ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 170.

Sérsamningar um bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu hafa verið gerðir bæði á vettvangi Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna.⁷⁸ Með Evrópuráðssamningnum um varnir gegn pyndingum var sett á fót Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum, sbr. umfjöllun í 3. kafla. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur einnig verið gerður alþjóðasamningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð (The United Nations Convention against Torture, eða CAT).⁷⁹ Fyrrgreindir mannréttindasamningar af alþjóðavettvangi eru megin fyrirmynd 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar, sem nánar verður fjallað um í næsta kafla.⁸⁰

4.2 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar

Í 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 6. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, er lagt bann við pyndingum og ómannúðlegri⁸¹ eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í 2. mgr. sömu greinar er enn fremur lagt bann við nauðungarvinnu, en það verður ekki tekið sérstaklega til umfjöllunar hér. Þó að bannið við pyndingum og ómannúðlegri meðferð hafi ekki komið inn í stjórnarskrána fyrr en árið 1995 taldist það fram að þeim tíma ein mikilvægasta óskráða grundvallarreglan á sviði mannréttinda. Lögfesting reglunnar var fyrst og fremst liður í því að standa við skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi, þar á meðal 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.⁸²

Í upprunalegu frumvarpi til laga nr. 97/1995 var þó ekki sérstaklega tiltekið bann við pyndingum. Samkvæmt athugasemdum við 6. gr. í greinargerð með frumvarpinu fól ákvæðið engu að síður í sér slíkt bann, „enda teldust pyndingar án nokkurs vafa til ómannúðlegrar

⁷⁸ Bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu er einnig að finna í ýmsum mannréttindasamningum til verndar tilteknum hópum, s.s. börnum, sbr. t.d. a-lið 37. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

⁷⁹ Árið 2006 tók gildi valfrjáls bókun við samninginn um alþjóðlega eftirlitsnefnd sem sinnir heimsóknum til aðildarríkjanna (Optional Protocol to the United Nations Convention against Torture, eða OPCAT). Hlutverk nefndarinnar sem eftirlitsaðila er mikilvægt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir pyndingar og ómannlega meðferð. Nefndin heimsækir stofnanir sem hýsa frelsissvipta einstaklinga. Helsti munurinn á CPT-nefndinni og nefnd Sameinuðu þjóðanna er sá að hin síðarnefnda kemur í óvæntar heimsóknir til aðildarríkjanna. Sjá: Javaid Rehman: *International Human Rights Law*, bls. 847-848. Fyrirnefnd valfrjáls bókun var undirrituð af hálfu Íslands árið 2003, en hefur ekki enn verið fullgilt. Evrópunefndin um varnir gegn pyndingum, eða CPT-nefndin, hefur hvatt íslensk yfirvöld til að fullgilda bókunina og gera það að forgangsmátriði að stofna óháða eftirlitsnefnd um varnir gegn pyndingum hér á landi. Sjá: *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 24 September 2012*, CPT/Inf (2013) 37, dags. 5. desember 2013, 10. mgr.

⁸⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 168.

⁸¹ Hér athugas að í 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um „ómannúðlega“ meðferð en í alþjóðlegum skuldbindingum er almennt fjallað um „ómannlega“ meðferð (e. inhuman treatment). Ekki verður talið að nokkur efnislegur munur sé á þessum tveimur orðum.

⁸² Alpt. 1994-95, A-deild, bls. 2093.

meðferðar“.⁸³ Að tillögu stjórnarskrárnefndar var ákvæðinu breytt í meðförum þingsins og 1. mgr. hljóðar nú svo: „Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“⁸⁴. Stjórnarskrárnefnd leitaði umsagna og álits fjölmargra aðila á frumvarpinu. Samkvæmt áliti nefndarinnar var henni sérstaklega bent á að nauðsynlegt væri að nefna bann við pyndingum í 1. mgr. 6. gr. Þrátt fyrir að nefndin teldi augljóst að í pyndingum fælist ómannúðleg og vanvirðandi meðferð féllst hún á að bann við pyndingum yrði sérstaklega nefnt í greininni til áherslu.⁸⁵

Ákvæði 1. mgr. 68. gr. beinist einkum að handhöfum opinbers valds. Sú skylda er lögð á stjórnvöld að haga meðferð og aðstöðu þeirra sem vistaðir eru á stofnunum í samræmi við áskilnað greinarinnar.⁸⁶ Ákvæðinu er ekki síst ætlað að skírskota til aðstæðna frelsissviptra einstaklinga, enda verður talið að meiri hættu sé á því að maður verði fyrir illri meðferð þegar honum er haldið gegn vilja sínum. Þó að aðstæðurnar sé ekki hægt að telja upp með tæmandi hætti kemur hér einkum til álita meðferð handtekinna manna og gæslufanga, manna sem hafa verið sviptir frelsi vegna bágrar geðheilsu og ósakhæfra ungmenna sem dvelja á unglungaheimilum. Greinin kemur sérstaklega til skoðunar í öðrum eins aðstæðum þar sem einstaklingur er settur undir yfirburðastöðu annars einstaklings.⁸⁷ Þó að ákvæðið setji handhöfum ríkisvalds skorður getur það einnig haft þýðingu í skiptum borgaranna sín á milli, s.s. vegna meðferðar foreldris á barni sínu eða ofbeldis í hjónabandi. Með öðrum orðum gerir ákvæðið einnig áskilnað um að ríkið veiti einstaklingum refsivernd fyrir illri meðferð af hálfu annarra einstaklinga.⁸⁸

Þess má geta að hugtakið „pyndingar“ er ekki skilgreint sérstaklega í íslenskri löggjöf. Hins vegar er í löggjöfinni reynt með ýmsum hætti að tryggja refsivernd gegn þeim verknaði sem ákvæðið er talið fela í sér. Nánar verður vikið að inntaki hugtakanna „pyndingar“, „ómannleg meðferð“ og „vanvirðandi meðferð“ í kafla 4.4 hér á eftir.

Alþjóðlegar skuldbindingar um bann við pyndingum fela m.a. í sér áskilnað um að aðildarríki geri slíka verknaði refsiverða. Úr íslenskri löggjöf má til dæmis nefna 131. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir einnig: Almenn hegningarlög eða hgl.), sem leggur refsingu við því að opinber starfsmaður beiti ólöglegri aðferð til fá sakborning til að tjá

⁸³ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2093.

⁸⁴ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 3888.

⁸⁵ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 3883.

⁸⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 174 og 176.

⁸⁷ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2093.

⁸⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 177 og dómur MDE, *Z o.fl. gegn Bretlandi, 10. maí 2001 (29392/95)*. Í málinu komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Bretland hefði brotið gegn 3. gr. MSE með því að bregðast þeirri skyldu sinni að vernda fjögur börn þannig að meðferð á þeim færi ekki í bága við áskilnað greinarinnar.

sig. Þá leggur 132. gr. sömu laga refsingu við því að opinber starfsmaður gæti ekki lögmætra aðferða við meðferð máls, úrlausn þess, handtöku, haldlagningu, leit, fangelsan eða framkvæmd refsingar. Enn fremur leggur 134. gr. sömu laga refsingu við því að handhafi opinbers valds misnoti aðstöðu sína til að þvinga mann til að þola eitthvað, gera eitthvað eða láta eitthvað ógert.

Þar að auki má nefna að réttur sakbornings til að tjá sig ekki um sakarefni er tryggður í 2. mgr. 64. gr. sakamálalaga. Markmið ákvæðisins er einkum að koma í veg fyrir að sakborningur verði beittur þrýstingi til að játa á sig brot. Þá er að finna reglur um hámarkslengd skýrslutöku í 2. mgr. 62. gr. sml., en hún má ekki taka lengri tíma en 12 klukkustundir á hverjum 24 klukkustundum. Enn fremur er skylt að gera klukkustundar hlé á skýrslutöku að fjórum klukkustundum liðnum, að ósk sakbornings. Þá ber að tryggja sakborningi næga hvíld og næringu. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. sömu laga er verjanda ávallt heimilt að vera viðstaddur skýrslugjöf umbjóðanda síns.

Í íslenskri löggjöf er ekki að finna afdráttarlaust bann við notkun sönnunargagna í sakamáli sem hafa verið fengin með pyndingum. Þó hefur verið talið að íslenskar reglur um sönnunarfærslu og sönnunargögn í sakamálum tryggi að maður verði ekki sakfelldur á grundvelli játningar sem var knúin fram með pyndingum. Þá er einkum átt við regluna um milliliðalaus sönnunarfærslu í sakamálum og frjálst sönnunarmat dómara, sbr. 1. mgr. 111. gr., 1. mgr. 112. gr. og 1. og 2. mgr. 109. gr. sml.⁸⁹

Enn hefur ekki reynt á hugtakið „pyndingar“, skv. 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar, fyrir íslenskum dómstólum en ef á reynir mun dómaframkvæmd MDE um túlkun á 3. gr. MSE, um sama efni, vafalaust hafa verulega þýðingu við túlkun stjórnarskrárákvæðisins.⁹⁰ Samkvæmt almennum túlkunarreglum um samspil landsréttar og þjóðaréttar kann skuldbinding að þjóðarétti, sem liggur til grundvallar setningu ákvæðis, að hafa þýðingu við ákvörðun á markmiði þess.⁹¹ Íslenskir dómstólar hafa túlkað ýmis lykilhugtök í ljósi túlkunar Mannréttindadómstóls Evrópu,⁹² sbr. t.d. fyrrgreindan *Hrd. 1999, bls. 3386 (65/1999)*:

Hrd. 1999, bls. 3386 (65/1999): Ó var handtekinn vegna mótmæla á Austurvelli meðan fram fór upptaka á bandarískum sjónvarpsþætti. Hæstiréttur taldi að mótmæli þau sem fóru fram hafi ótvírátt falið í sér „tjáningu“ í skilningi 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Rétti manna til að koma saman í þeim tilgangi að nýta tjáningarfrelsi sitt mætti aðeins setja skorður að tilteknum skilyrðum uppfylltum, sbr. 3. mgr.

⁸⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 175-177.

⁹⁰ Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 32.

⁹¹ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 199-200.

⁹² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 108-109.

73. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki þótti sýnt að þau skilyrði hefðu verið uppfyllt í málinu og voru Ó dæmdar skaðabætur úr ríkissjóði.

Í 68. gr. stjórnarskrárinnar er ekki að finna heimild til að víkja frá meginreglunni um bann við pyndingum. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að ákvæði 68. gr. er lögfest að fyrirmynd alþjóðlegra skuldbindinga, einkum 3. gr. MSE og 7. gr. SBSR, sbr. umfjöllun í kafla 4.1. Í 1. mgr. 15. gr. MSE og 1. mgr. 4. gr. SBSR er að finna neyðarréttarreglur sem heimila frávik frá skuldbindingum samninganna ef ýtrasta nauðsyn krefur, til að mynda vegna styrjaldar eða neyðarástands. Þrátt fyrir að ekki sé að finna neyðarréttarreglu í íslensku stjórnarskránni hafa fræðimenn byggt á tilvist óskráðrar reglu um stjórnskipulegan neyðarrétt. Stjórnskipulegur neyðarréttur byggir á því að ríkari hagsmunir séu af því að víkja ákvæðum stjórnarskrár til hliðar á tímum neyðarástands, fremur en að halda fast við þau. Þó má ekki ganga lengra en þarft er til að ná því markmiði sem að er stefnt og halda verður tímalengd fráviksins í lágmarki.⁹³

Þrátt fyrir neyðarréttarreglu 1. mgr. 15. gr. MSE og 1. mgr. 4. gr. SBSR á frávikinu ekki við um bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð. Í 2. mgr. 15. gr. MSE segir meðal annars að ákvæðið skuli í engu rýra gildi 3. gr. MSE, um bann við pyndingum, og í 2. mgr. 4. gr. SBSR segir sömuleiðis að ákvæðið heimili ekki frávik frá 7. gr. SBSR, um sama efni. Fyrirgreindum reglum er ætlað að tryggja að ákveðin mannréttindi séu ávallt ófrávikjanleg, einnig á tímum neyðarástands. Þannig setja alþjóðlegar skuldbindingar aðildarríkjum mörk þegar kemur að neyðarréttarlegum heimildum. Í kjölfar lögfestingar Mannréttindasáttmála Evrópu og með tilkomu stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 hafa ákvæði stjórnarskrárinnar verið túlkuð í ljósi ákvæða Mannréttindasáttmálans. Þá hefur túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu á neyðarréttarreglu 15. gr. MSE einnig þýðingu við mat á inntaki hinnar óskráðu neyðarréttarreglu íslensks réttar.⁹⁴ Í greinargerð með frumvarpi sem varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 er vísað til neyðarréttarreglna 15. gr. MSE og 4. gr. SBSR. Í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins, nú 68. gr. stjórnarskrárinnar, er sérstaklega tekið fram að bannið við pyndingum teljist ófrávikjanlegt.⁹⁵ Af þessu leiðir að frávik frá reglu 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar um bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð telst aldrei réttlætanlegt, hvorki á stríðstímum né þegar annars konar neyðarástand ríkir.

⁹³ Björg Thorarensen: „Frávik frá stjórnarskrá á grundvelli neyðarréttar“, bls. 77-78; Einar Arnórsson: *Ágrip af íslenskri stjórnlagafraði*, bls. 47 og Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*, bls. 108.

⁹⁴ Björg Thorarensen: „Frávik frá stjórnarskrá á grundvelli neyðarréttar“, bls. 85-86 og 90.

⁹⁵ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2093.

Þó að meðalhófsreglan komi til skoðunar við beitingu þvingunarúrræða af hálfu lögreglu, getur hún í eðli sínu ekki komið til skoðunar í tengslum við 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar, enda er engum heimilt að beita pyndingum eða ómannúðlegri meðferð „í hófi“. Ef meðferð kemst á það stig að teljast til pyndinga eða ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar þá hefur reglan þegar verið brotin.⁹⁶ Hið sama á við um 3. gr. MSE um sama efni, en hin óskráða grundvallarregla um meðalhóf í dómaframkvæmd MDE (e. principle of proportionality) kemur ekki til álita við mat á því hvort um brot á 3. gr. er að ræða.⁹⁷

Sem fyrr segir geta alþjóðlegar skuldbindingar og úrlausnir alþjóðlegra eftirlitsaðila verið til leiðbeiningar um hvernig beri að túlka 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar kveða alþjóðlegar skuldbindingar aðeins á um lágmarksvernd til handa þegnum aðildarríkjana. Því er ekki útilokað að 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar hafi að geyma ríkari vernd en leiðir af 3. gr. MSE.⁹⁸ Nánar verður vikið að þessu í næsta kafla.

4.3 Þýðing Mannréttindasáttmála Evrópu og tengsl hans við stjórnarskrána

Hinar hefðbundnu kenningar um samspil landsréttar og þjóðaréttar eru *eineðliskenningin* (e. monism) og *tvíeðliskenningin* (e. dualism). Þau ríki sem aðhyllast hina svokölluðu eineðliskenningu líta á þjóðarétt og landsrétt sem hluta ef einu og sama réttarkerfinu. Þjóðréttarlegar skuldbindingar ríkjana verða hluti af landsréttinum við fullgildingu þeirra. Eigi sér stað árekstur milli ákvæða settra laga og þjóðréttarreglu er meginreglan sú að þjóðréttarreglan hafi forgang fram yfir landsrétt. Þau ríki sem aðhyllast hins vegar tvíeðliskenninguna líta ekki á skuldbindingar á alþjóðavettvangi sem réttarheimildir að landsrétti, nema þeim hafi sérstaklega verið veitt lagagildi. Engu að síður ber ríkjunum að tryggja að innlend lög séu ekki í andstöðu við þjóðréttarlegar skuldbindingar þeirra. Samkvæmt tvíeðliskenningunni eru þjóðaréttur og landsréttur tvö aðskilin réttarkerfi. Litið hefur verið svo á að þjóðarétturinn varði samskipti milli ríkja en landsrétturinn varði aðstæður innan ríkisins og sé afurð lýðræðislega kjörinnar löggjafarsamkomu. Ísland er talið tilheyra þeim hópi Evrópuríkja sem aðhyllast tvíeðliskenninguna, ásamt hinum Norðurlöndunum og Bretlandi.⁹⁹

⁹⁶ Nánar verður vikið að því í kafla 4.4 hvað þarf til svo að meðferð teljist til pyndinga eða ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar.

⁹⁷ Björg Thorarensen: „Áhrif meðalhófsreglu við skýringu stjórnarskrárákvæða“, bls. 67.

⁹⁸ Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar“, bls. 637.

⁹⁹ Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson: *Þjóðaréttur*, bls. 31 og Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og einkenni íslenskrar stjórnskipunar*, bls. 108-109. Sjá frekari umfjöllun um eineðlis- og tvíeðliskenninguna; Ian Brownlie: *Principles of Public International Law*, bls. 31-34 og Malcolm N. Shaw: *International Law*, bls. 131-133.

Á síðari hluta 20. aldar hefur hins vegar dregið mjög úr þessari dæmigerðu aðgreiningu milli þjóðaréttar og landsréttar. Það skýrist meðal annars af þeirri staðreynd að þjóðréttarsamningar kveða í æ ríkari mæli á um mannréttindi og skyldur ríkisins gagnvart borgurum sínum, en fást ekki aðeins við milliríkjasamskipti. Í þjóðréttarskyldunum felst þá meðal annars að gera réttindi samkvæmt samningunum virk að innanlandsrétti.¹⁰⁰

Mannréttindasáttmáli Evrópu var fullgiltur hér á landi árið 1953. Hann hafði því stöðu þjóðréttarlegrar skuldbindingar fram til ársins 1994, þegar hann var lögfestur með lögum nr. 62/1994. Í fullgildingunni fólst að íslenska ríkið varð bundið að þjóðarétti en ákvæði sáttmálans töldust ekki til landslaga. Í samræmi við hina hefðbundnu tvíeðliskenningu var meginreglan sú að landslög gengu framar ákvæðum sáttmálans, ef misræmi var þar á milli,¹⁰¹ sbr. t.d. *Hrd. 1975, bls. 601 (bann við hundahaldi)* og *Hrd. 1985, bls. 1290 (aðskilnaðardómur I)*. Skömmu fyrir gildistöku laga nr. 62/1994 féllu hins vegar dómar sem mörkuðu tímamót í beitingu Mannréttindasáttmálans að íslenskum rétti, sbr. *Hrd. 1990, bls. 2 (aðskilnaðardómur II)* og *Hrd. 1992, bls. 174 (dómtúlksdómur)*. Í síðarnefndu málunum voru sett lög sem ekki samrýmdust ákvæðum sáttmálans látin víkja og ákvæði hans látin ganga framar.¹⁰² Þessir dómar benda til þess að Mannréttindasáttmálinn hafi þegar haft sérstaka þýðingu fyrir gildistöku laga nr. 62/1994. Nú hefur sáttmálinn hins vegar verið lögfestur og flokkast til almennra laga. Enn fremur hafa verið lögfestar breytingar á stjórnarskránni, sbr. lög nr. 97/1995, að fyrirmynd ákvæða sáttmálans og annarra alþjóðlegra skuldbindinga.

Samkvæmt hefðbundnum kenningum um réttshæð réttarheimilda eru sett lög mikilvægasta réttarheimildin. Röksemdin fyrir mikilvægi settra laga eru skírskotun þeirra til lýðræðis, þar sem þau eru samþykkt af lýðræðislega kjörinni löggjafarsamkomu. Af settum lögum eru grundvallarlög, eða stjórnskipunarlög, æðsta réttarheimildin.¹⁰³ Í formlegum skilningi hefur MSE stöðu almennra laga og því víkja ákvæði hans fyrir ákvæðum stjórnarskrárinnar, stangist þau á (*lex superior*).¹⁰⁴

Í ljósi þess að Mannréttindasáttmáli Evrópu nýtur ekki stöðu stjórnskipunarlaga ætti hann ekki að hafa réttarlega þýðingu við túlkun á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Hins vegar skiptir máli hvort stjórnarskrárgjafinn hafi beinlínis gert ráð fyrir því að ákvæði grundvallarlaga skyldu túlkuð til samræmis við þjóðréttarlega skuldbindingu. Er það sjálfstætt athugunarefni hverju sinni. Af lögskýringargögnum að dæma verður að leggja til grundvallar að það hafi

¹⁰⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og einkenni íslenskrar stjórnskipunar*, bls. 106.

¹⁰¹ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga - réttarheimildir*, bls. 83.

¹⁰² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og einkenni íslenskrar stjórnskipunar*, bls. 112-113.

¹⁰³ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga - réttarheimildir*, bls. 85.

¹⁰⁴ Davíð Þór Björgvinsson: *Theoretical and Practical Intersection of International Law and Domestic Law*, bls. 257.

verið ætlun stjórnarskrárgjafans að 1. mgr. 68. gr. yrði túlkuð í samræmi við 3. gr. MSE, þannig að hún hefði að geyma í það minnsta sömu lágmarksvernd og 3. gr. MSE áskilur.¹⁰⁵ Þá verður að telja að dómar Mannréttindadómstóls Evrópu hafi einnig réttarlega þýðingu við skýringu á 1. mgr. 68. gr. stj.skr.¹⁰⁶

Þrátt fyrir að Mannréttinasáttmálinn hafi stöðu almennra laga, er greinileg tilhneiging til að gefa ákvæðum hans meiri vigt en leiðir af formlegri stöðu hans. Fyrir þessu eru einkum þrjár ástæður: Í fyrsta lagi felur sáttmálinn í sér mikilvæg grundvallarréttindi og -gildi sem allt réttarkerfið byggir á; Í öðru lagi voru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnskipunarlæg nr. 97/1995, lögfest að fyrirmynd sáttmálans og; Í þriðja lagi felur sáttmálinn í sér skuldbindingar að þjóðarétti sem íslenska ríkinu ber að virða.¹⁰⁷ Í reynd fól lögfesting MSE í sér staðfestingu á meginreglum um mannréttindi sem höfðu þegar gildi hér á landi. Í ljósi þessa mætti skoða sáttmálann sem *stjórnarskrárigildi*. Telja verður að í kjölfar lögfestingar sáttmálans og með tilkomu stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 séu nú hverfandi líkur á því að misræmi verði þar á milli.¹⁰⁸

Þrátt fyrir þessi tengsl 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. MSE verður ávallt að miða við það að stjórnarskrárákvæðið hafi sjálfstæða þýðingu gagnvart því siðarnefnda. Sem fyrir segir kveður Mannréttinasáttmálinn aðeins á um lágmarksvernd til handa borgurunum en aðildarríkjunum er ávallt heimilt að veita ríkari vernd en ákvæði hans áskilja. Þó að Mannréttindadómstóll Evrópu telji tiltekna meðferð eða refsingu ekki falla undir 3. gr. MSE er ekki sjálfgefið að íslenskir dómstólar komist að sömu niðurstöðu um 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar. Hægt er að styðja þessa ályktun með þrenns konar rökum: Í fyrsta lagi er inntak hugtaka á borð við „pyndingar“, „ómannlega meðferð“ og „vanvirðandi meðferð“ afstætt í ljósi réttlætisviðhorfa í hverju ríki fyrir sig; Í öðru lagi er MDE alþjóðlegur dómstóll og á oft erfitt með að endurskoða framkvæmd sem á sér stað víðsfjarri dómstólum í Strassborg og; Í þriðja lagi verður að ætla að íslenskir dómstólar hafi nokkuð svigrúm til mats þegar kemur að túlkun matskenndra hugtaka ákvæðisins.¹⁰⁹

Samkvæmt fyrrgreindri umfjöllun er 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar einkum lögfest að fyrirmynd 3. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Í ljósi lögskýringargagna með stjórnarskrárákvæðinu virðist stjórnarskrárgjafinn hafa gert ráð fyrir því að ákvæði 1. mgr. 68. gr. yrði túlkað í ljósi 3. gr. MSE og dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins. Þá verður einnig

¹⁰⁵ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2080-2081.

¹⁰⁶ Róbert Ragnar Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar“, bls. 638-641.

¹⁰⁷ Davíð Þór Björgvinsson: *Theoretical and Practical Intersection of International Law and Domestic Law*, bls. 258.

¹⁰⁸ Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga - réttarheimildir*, bls. 85.

¹⁰⁹ Róbert Ragnar Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar“, bls. 642-643.

tekið mið af sérstöðu Mannréttindasáttmálans gagnvart öðrum settum lögum og þjóðréttarlegum skuldbindingum. Þrátt fyrir mikilvægi 3. gr. MSE og dómaframkvæmdar MDE við túlkun 1. mgr. 68. gr. stj.skr. er hins vegar ekki útilokað að síðarnefnda ákvæðið geti veitt ríkari vernd en hið fyrrnefnda, enda kveður 3. gr. MSE aðeins á um lágmarksvernd til handa borgurum aðildarríkjanna.

4.4 Inntak 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu

4.4.1 Inngangur

Á fyrstu árunum eftir síðari heimsstyrjöldina stóðu nokkur ríki Vestur-Evrópu saman að stofnskrá Evrópuráðsins. Samkvæmt 1. og 3. gr. stofnskrárinnar er markmið Evrópuráðsins að stuðla að einingu um sameiginlega arfleifð aðildarríkjanna, þar á meðal með því að efla mannréttindi og tryggja þau innan lögsögu þeirra. Utan stofnríkjanna var Ísland þriðja ríkið sem gekk í ráðið, þann 7. mars 1950.¹¹⁰ Í ágúst 1949 samþykkti ráðgjafarþing Evrópuráðsins undirbúning að gerð milliríkjasamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, þar sem kveða skyldi á um verndun 10 grundvallarréttinda og stofnun mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu. Téður samningur var undirritaður á fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins þann 4. nóvember 1950. Forseti Íslands undirritaði fullgildingarskjal á samningnum þann 19. júní 1953 og tók samningurinn gildi þann 3. september 1953, þegar tilskildum fjölda aðildarríkja hafði verið náð.¹¹¹

Líkt og áður greinir var Mannréttindasáttmáli Evrópu lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994 og hefur hann því gildi sem lög að landsrétti, en ekki aðeins sem skuldbinding að þjóðarétti. Í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi sem varð að lögnum segir að aðildarríki Mannréttindasáttmálans verði að haga löggjöf sinni, stjórnslu og dómsslu þannig að réttindi samningsins séu virt, eigi þau að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.¹¹² Til að varpa ljósi á skýringu ákvæða Mannréttindasáttmálans verður í næsta kafla stuttlega greint frá þeim túlkunarreglum sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tileinkað sér í dómaframkvæmd.

4.4.2 Túlkun samningsins

Orð og hugtök í lögum og samningum eru á engan hátt sjálfgefin og þarfnast því túlkunar. Í 31. gr. Vínarsamnings um milliríkjasamninga¹¹³ segir að samningur skuli túlkaður í góðri trú

¹¹⁰ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 780.

¹¹¹ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 781. Sbr. auglýsingu nr. 11/1954.

¹¹² Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 784.

¹¹³ The Vienna Convention on the Law of Treaties.

og í samræmi við hefðbundna merkingu hugtaka í samningnum, í ljósi samhengis þeirra og í samræmi við tilgang og markmið samningsins. Samkvæmt inngangsorðum Mannréttindasáttmála Evrópu er markmið hans að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda sem þar er lýst. Ber að túlka samninginn í samræmi við það markmið. Aðeins skal horft til undirbúningsgagna (travaux préparatoires) ef að túlkun leiðir annars til ótækrar niðurstöðu, sbr. 32. gr. Vínarsamningsins.¹¹⁴

Meðal helstu túlkunarreglna sem MDE hefur tileinkað sér við úrlausn mála er meginreglan um breytilega túlkun samningsins (e. the principle of evolutive/dynamic interpretation) og meginreglan um svigrúm ríkja til mats (e. margin of appreciation). Í meginreglunni um svigrúm ríkja til mats felst að dómstóllinn er meðvitaður um að aðildarríkin eru oft í betri aðstöðu en dómstóllinn sjálfur til að meta nauðsyn aðgerða, einkum í ljósi aðsteðjandi ógna eða neyðartilfella.¹¹⁵

Meginreglan um breytilega túlkun birtist meðal annars í máli *MDE, Tyrer gegn Bretlandi*, 25. apríl 1978 (5856/72). Atvik máls voru þau að 15 ára drengur á eyjunni Mön (sem tilheyrir Bretlandseyjum) var beittur líkamlegri refsingu í skólanum vegna árásar á annan nemanda. Dómstóllinn taldi að í refsingunni hefði falist vanvirðandi refsing (e. degrading punishment) og því var um að ræða brot á 3. gr. MSE.¹¹⁶ Á árum áður voru slíkar refsingar látnar átölulausar í bresku skólakerfi. Í dóminum segir hins vegar: „[S]áttmálinn er lifandi skjal sem [...] ber að túlka í ljósi aðstæðna dagsins í dag“¹¹⁷ (e. present day conditions).

Mikilvægt er að höfð sé hliðsjón af þessari túlkunarreglu við skýringu hugtaka, því hennar vegna getur tilvik sem áður taldist ekki til pyndinga engu að síður fallið undir hugtakið síðar, í ljósi breyttra viðhorfa í samfélaginu.¹¹⁸ Hið sama á við um ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í dæmaskyni má benda á dóm *MDE, Írland gegn Bretlandi*, 18. janúar 1978 (5310/71). Málið varðaði meðferð írskra gæsluvarðhaldsfanga á Norður-Írlandi. Írski ríkið var kærandi í málinu og taldi breska ríkið hafa brotið gegn 3. gr. MSE með því að nota svokallaðar „fimm aðferðir“ (e. five techniques) við yfirheyrslur á gæsluvarðhaldsföngunum.

¹¹⁴ Sem dæmi má nefna að í máli *MDE, Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku*, 11. janúar 2006 (52562/99 og 52620/99) túlkaði Mannréttindadómstóllinn 11. gr. sáttmálans um funda- og félagafrælsi á þá leið að í 11. gr. fælist einnig réttur til að standa utan félaga, þrátt fyrir að undirbúningsgögn við 11. gr. gæfu skýrlega til kynna hið gagnstæða, sbr. 33. og 77. mgr.

¹¹⁵ Sem dæmi má nefna að í máli *MDE, Brannigan og McBride gegn Bretlandi*, 25. maí 1993 (14554/89) taldi dómstóllinn yfirvöld í Bretlandi hafa víðtækt svigrúm til mats til að víkja frá 3. mgr. 5. gr. MSE, sbr. 15. gr., í skugga hryðjuverkaógnar. Hér ber þó að hafa í huga að svigrúmið til mats er ávallt háð eftirliti Mannréttindadómstólsins, sem ákveður hvort að frávikið sé umfram það sem er nauðsynlegt í ljósi aðstæðna þeirra sem um ræðir, sbr. 43. mgr. í dómsorði.

¹¹⁶ *MDE, Tyrer gegn Bretlandi*, 25. apríl 1978 (5856/72), 35. mgr.

¹¹⁷ *MDE, Tyrer gegn Bretlandi*, 25. apríl 1978 (5856/72), 31. mgr.

¹¹⁸ *MDE, Selmouni gegn Frakklandi*, 28. júlí 1999 (25803/94), 101. mgr.

Aðferðirnar fólust í því að hylja höfuð fanganna, skylda þá til að standa tímunum saman upp við vegg með útlimina útrétta, láta þá sæta miklum hávaða, svipta þá svefni og fæða þá með brauði og vatni. Niðurstaða meirihluta dómsins kom mörgum á óvart, en hann taldi aðferðirnar fimm ekki hafa verið á því stigi að teljast til pyndinga. Hins vegar hefði verið um að ræða ómannlega meðferð í skilningi 3. gr. MSE. Niðurstaða málsins er um margt misvísandi, því nokkrir dómara skiluhú sératkvæði og töldu aðferðirnar falla undir pyndingar í skilningi ákvæðisins. Þá taldi einn dómari aðferðirnar hvorki falla undir pyndingar né ómannlega eða vanvirðandi meðferð. Af hálfu fræðimanna hefur verið talið að ef slíkt mál kæmi upp í dag yrði niðurstaðan án efa sú að yfirheyrsluáðferðirnar teldust til pyndinga í skilningi 3. gr. MSE.¹¹⁹

4.4.3 Pyndingar og ómannleg eða vanvirðandi meðferð eða refsing skv. 3. gr. MSE

4.4.3.1 Inngangur

Þriðja grein Mannréttindasáttmála Evrópu hljóðar svo: „Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“. Líkt og áður greinir er bannið samkvæmt 3. gr. MSE ófrávíkjanlegt, sbr. 2. mgr. 15. gr. MSE.¹²⁰ Með því er átt við að þegar meðferð hefur náð því stigi að falla undir 3. gr. MSE kemur ekki til skoðunar hvort meðferðin sem um ræðir sé lögmælt eða réttlæt看leg á einhverjum málefnalegum forsendum, sbr. hins vegar heimildir 2. mgr. 8.-11. gr. MSE. Til að falla undir 3. gr. MSE verður athöfn að uppfylla tiltekna lágmarkskröfu um alvarleika,¹²¹ en nánar verður vikið að því í næstu köflum.

Bannið við pyndingum hefur enn fremur öðlast sess sem *jus cogens*, þ.e. svokölluð grundvallarvenja að þjóðarétti.¹²² Grundvallarvenjur að þjóðarétti eru ófrávíkjanlegar, þær binda öll ríki og eru rétt hæstu réttarheimildirnar á þessu réttarsviði.¹²³ Þetta hefur meðal annars komið fram í dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins í máli *MDE, Al-Adsani gegn Englandi*, 21. nóvember 2001 (35763/97). Í dóminum segir nánar tiltekið:

Innan eftirlitskerfis [s]amningsins hefur lengi verið viðurkennt að réttur samkvæmt 3. gr.[,] að vera ekki látinn sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu[,] sé

¹¹⁹ Bernadette Rainey, Elizabeth Wicks og Clare Ovey: *Jacobs, White & Ovey: The European Convention on Human Rights*, bls. 173-174.

¹²⁰ Um þetta hefur að vísu verið deilt í tilvikum framsals sakamanna til ríkja þar sem þeir geta átt á hættu að sæta pyndingum eða ómannlegri meðferð, sjá: Hemme Battjes: „In search of a fair balance: the absolute character of the prohibition of *refoulement* under Article 3 ECHR reassessed“, bls. 587-588 og 617-618.

¹²¹ *MDE, Írland gegn Bretlandi*, 18. janúar 1978 (5310/71), 162. mgr.

¹²² Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 33.

¹²³ Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson: *Þjóðaréttur*, bls. 53. Sjá einnig nánari umfjöllun um *jus cogens* í: Ian Brownlie: *Principles of Public International Law*, bls. 510-512 og Malcolm N. Shaw: *International Law*, bls. 124-127.

meðal mikilvægustu grundvallarreglna í lýðræðissamfélagi. Um er að ræða ófrávikjanleg réttindi, sem heimila engar undantekningar undir neinum kringumstæðum [...].¹²⁴

Hér á eftir verða hugtök 3. gr. MSE skoðuð nánar, í ljósi dómaframkvæmdar MDE, og metið hvenær meðferð telst til pyndinga, ómannlegrar meðferðar eða vanvirðandi meðferðar. Hvað varðar hugtökin „meðferð“ og „refsing“ geta þau eftir atvikum einnig átt við um athafnaleysi.¹²⁵ Með því er átt við að grípi ríki ekki til ráðstafana til að koma í veg fyrir pyndingar eða ómannlega eða vanvirðandi meðferð geti það falið í sér brot á 3. gr. MSE, jafnvel þótt meðferðinni hafi ekki verið beitt af handhöfum opinbers valds.¹²⁶

4.4.3.2 Hugtakið pyndingar

Aðgreining á milli pyndinga og ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar hefur ekki þýðingu við mat á því hvort um brot á 3. gr. MSE er að ræða. Allt framangreint er óheimilt samkvæmt ákvæðinu. Hins vegar getur aðgreining milli þessara hugtaka skipt máli til dæmis að því er varðar skaðabætur skv. 41. gr. sáttmálans. Í dómaframkvæmd hefur Mannréttindadómstóllinn gjarnan aðgreint þetta þrennt, en á milli pyndinga og ómannlegrar meðferðar er stigsmunur, fremur en eðlismunur.¹²⁷

Mannréttindadómstóllinn hefur skilgreint pyndingar sem „vísvitandi ómannúðlega meðferð sem veldur mjög alvarlegum og grimmilegum þjáningum“¹²⁸. Samkvæmt þessu er ásetningur skilyrði fyrir því að tiltekin meðferð teljist til pyndinga. Í máli *MDE, Aksoy gegn Tyrklandi*, 18. desember 1996 (21987/93), var aðildarríki í fyrsta skipti gert ábyrgt fyrir pyndingum. Atvik málsins voru þau að brotþoli hafði verið afklæddur, hendur hans bundnar fyrir aftan bak og hann síðan hengdur upp á höndunum, svokallaðri palestínskri hengingu. Mannréttindadómstóllinn taldi þessa meðferð ekki hafa getað verið neitt annað en viljaverk af mjög alvarlegum og grimmilegum toga þannig að henni gæti aðeins verið lýst sem

¹²⁴ *MDE, Al-Adsani gegn Englandi*, 21. nóvember 2001 (35763/97), 59. mgr.: „Within the Convention system it has long been recognised that the right under Article 3 not to be subjected to torture or to inhuman or degrading treatment or punishment enshrines one of the fundamental values of democratic society. It is an absolute right, permitting of no exception in any circumstances [...]“

¹²⁵ Peer Lorenzen o.fl.: *Den Europæiske Menneskerettighedskonvention*, bls. 273.

¹²⁶ Björg Thorarensen: Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 173. Sjá nánari umfjöllun: Björg Thorarensen: „Einkaréttaráhrif Mannréttindasáttmála Evrópu og skyldur ríkja til athafna samkvæmt sáttmálanum“, bls. 107.

¹²⁷ Bernadette Rainey, Elizabeth Wicks og Clare Ovey: *Jacobs, White & Ovey: The European Convention on Human Rights*, bls. 172-173.

¹²⁸ „[D]eliberate inhuman treatment causing very serious and cruel suffering“, sjá t.d.: *MDE, Írland gegn Bretlandi*, 18. janúar 1978 (5310/71), 167. mgr.; *MDE, Aksoy gegn Tyrklandi*, 18. desember 1996 (21987/93), 63. mgr.; *MDE, Selmouni gegn Frakklandi*, 28. júlí 1999 (25803/94), 96. mgr. og *MDE, Nikiforov gegn Rússlandi*, 1. júlí 2010 (42837/04), 45. mgr.

pyndingum.¹²⁹ Síðan þá hefur dómstóllinn mörgum sinnum sakfelld fyrir pyndingar. Meðal verknaða sem Mannréttindadómstóllinn hefur felld undir hugtakið eru alvarlegar barsmíðar og endurteknar nauðganir.¹³⁰

4.4.3.3 Hugtakið ómannleg meðferð

Til að greina á milli pyndinga, ómannlegrar meðferðar og vanvirðandi meðferðar verður að taka tillit til allra aðstæðna málsins.¹³¹ Við mat á því hvort meðferð teljist *ómannleg* horfir Mannréttindadómstóllinn meðal annars til eftirfarandi atriða: Var meðferðinni beitt að yfirlögðu ráði? Var henni beitt í margar klukkustundir í senn? Olli hún líkamsmeiðslum eða öðrum líkamlegum eða andlegum skaða? Þó að tilgangur meðferðarinnar geti haft áhrif á matið þarf ólögætum tilgangi ekki að vera til að dreifa. Í þessu felst grundvallarmunur á pyndingum annars vegar og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð hins vegar.¹³² Þungamiðjan við matið eru þau áhrif sem meðferðin hefur á brotþola, en ekki huglæg afstaða gerandans.¹³³ Þess ber að geta að sú óhjákvæmilega þjáning sem á sér stað við afplánun lögmætrar refsingar telst ekki ómannleg eða vanvirðandi meðferð í skilningi ákvæðisins.¹³⁴ Í sumum tilvikum virðist Mannréttindadómstóllinn ekki greina sérstaklega á milli ómannlegrar og vanvirðandi meðferðar.¹³⁵

Dæmi um ómannlega meðferð í dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins er mál *MDE, O'Keeffe gegn Írlandi*, 28. janúar 2014 (35810/09). Kærandi í málinu var kona sem hafði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sem barn, af hálfu skólastjóra síns á 8. áratugnum. Á þeim tíma komu upp ýmsar ásakanir af sama tagi gagnvart skólastjóranum en lítið sem ekkert var brugðist við þeim. Kærandinn hafði átt við mikla andlega erfíðleika að stríða í kjölfar ofbeldisins og taldi ríkið hafa brugðist skyldu sinni gagnvart sér. Það varð niðurstaða Mannréttindadómstólsins að kærandi hefði sætt ómannlegri meðferð af hálfu skólastjórans og að írska ríkið hefði brotið gegn 3. gr. MSE með því að bregðast skyldu sinni til að vernda kæranda. Af þessu er ljóst að jafnvel þó að handhafar opinbers valds hafi ekki stuðlað að illri

¹²⁹ *MDE, Aksoy gegn Tyrklandi*, 18. desember 1996 (21987/93), 64. mgr.

¹³⁰ Sjá t.d.: *MDE, Selmouni gegn Frakklandi*, 28. júlí 1999 (25803/94), 101.-103. mgr. og *MDE, Maslova og Nalbandov gegn Rússlandi*, 24. janúar 2008 (839/02), 105.-106. mgr.

¹³¹ Bernadette Rainey, Elizabeth Wicks og Clare Ovey: *Jacobs, White & Ovey: The European Convention on Human Rights*, bls. 174.

¹³² Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 46-47.

¹³³ Sjá t.d.: *MDE, Peers gegn Grikklandi*, 19. apríl 2001 (28524/95), 74.-75. mgr.

¹³⁴ Sjá t.d.: *MDE, V gegn Bretlandi*, 16. desember 1999 (24888/94), 71. mgr. og *Poltoratskiy gegn Úkraínu* 29. apríl 2003 (38812/97), 132. mgr.

¹³⁵ Sjá: *MDE, Iorgov (II) gegn Búlgaríu*, 2. september 2010 (36295/02), 63 mgr.

meðferð getur athafnaleysi ríkisins engu að síður leitt til ábyrgðar þess, hafi það ekki brugðist við ásökunum þar að lútandi, sbr. umfjöllun í kafla 4.4.3.1.

4.4.3.4 Hugtakið vanvirðandi meðferð

Því hefur verið haldið fram að *vanvirðandi* meðferð þurfi að fela í sér niðurlægjandi meðferð fyrir framan aðra eða þvingun til að gera eitthvað gegn vilja sínum.¹³⁶ Samkvæmt dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins er slíkt þó ekki nauðsynlegur þáttur til að meðferð geti talist vanvirðandi.¹³⁷ Ekki þarf heldur að vera um viljaverk að ræða.¹³⁸ Á hinn bóginn, þegar um er að ræða niðurlægingu eða lítillækkun, virðist hún þurfa að vera á nokkuð alvarlegu stigi til að falla undir 3. gr. MSE. Til að mynda hafa rannsóknir og uppsagnir á samkynhneigðum úr hernum ekki talist ná því stigi að falla undir vanvirðandi meðferð.¹³⁹ Dæmi um mál þar sem Mannréttindadómstóllinn hefur skilgreint meðferð sem vanvirðandi er fyrrgreindur dómur, *MDE, Tyrer gegn Bretlandi*, 25. apríl 1978 (5856/72).¹⁴⁰ Í því máli tók Mannréttindadómstóllinn fram að eðli refsingarinnar og aðstæðurnar sem hún var framkvæmd við hefðu meðal annars komið til skoðunar við mat á því hvort refsingin fæli í sér vanvirðandi meðferð.¹⁴¹ Þá hefur kynþáttamismunur verið talin falla undir hugtakið.¹⁴²

4.4.4 Mat á því hvort um brot er að ræða

Sú meðferð sem til skoðunar er þarf að ná tilteknu alvarleikastigi til að falla undir 3. gr. MSE.¹⁴³ Að því sögðu ber að hafa í huga fyrrgreinda túlkunarreglu dómstólsins um Mannréttinasáttmálann sem lifandi skjal sem beri að túlka í ljósi aðstæðna dagsins í dag (sjá kafla 4.4.2). Í dómi Mannréttindadómstólsins í máli *MDE, Jalloh gegn Þýskalandi*, 11. júlí 2006 (54810/00) nefnir dómurinn þau atriði sem litið er til við mat á því hvort meðferð uppfylli lágmarkskröfu um alvarleika, þannig að brjóti gegn 3. gr. MSE. Í dóminum segir að matið geti aðeins átt sér stað með hliðsjón af öllum aðstæðum í málinu. Það sem meðal annars kemur til skoðunar er lengd meðferðarinnar, andlegar og líkamlegar afleiðingar hennar og jafnvel kynferði, aldur og heilsufarsástand fórnarlambins.¹⁴⁴ Fyrrgreind sjónarmið hafa

¹³⁶ Bernadette Rainey, Elizabeth Wicks og Clare Ovey: *Jacobs, White & Ovey: The European Convention on Human Rights*, bls. 177.

¹³⁷ Sjá: *MDE, Poltoratskiy gegn Úkraínu*, 29. apríl 2003 (38812/97), 131. mgr.

¹³⁸ Sjá: *MDE, Peers gegn Grikklandi*, 19. apríl 2001 (28524/95), 74. mgr.

¹³⁹ Sjá: *MDE, Smith and Grady gegn Bretlandi*, 27. september 1999 (33985/96 og 33986/96), 120.-123. mgr.

¹⁴⁰ Sjá kafla 4.4.2.

¹⁴¹ *MDE, Tyrer gegn Bretlandi*, 25. apríl 1978 (5856/72), 30. mgr.

¹⁴² Sjá t.d.: *MDE, Moldovan o.fl. gegn Rúmeníu*, 12. júlí 2005 (41138/98 og 64320/01), 113. mgr.

¹⁴³ Sjá t.d.: *MDE, Írland gegn Bretlandi*, 18. janúar 1978 (5310/71), 162. mgr. og *MDE, Tyrer gegn Bretlandi*, 25. apríl 1978 (5856/72), 30. mgr.

¹⁴⁴ *MDE, Jalloh gegn Þýskalandi*, 11. júlí 2006 (54810/00), 67. mgr.

margsinnis komið fram í dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins.¹⁴⁵ Af þessu verður ráðið að verknaður þarf ekki að ná sama grófleika eða spanna jafn langan tíma ef fórnarlambið er t.d. gamall maður sem þjáist af sjúkdómi, líkt og ef um væri að ræða ungan og hraustan mann. Að sama skapi eiga sömu sjónarmið ekki við um óharðnaðan 15 ára ungling og fullorðinn mann.

Sem fyrr segir er ásetningur skilyrði þess að athöfn teljist til pyndinga. Hins vegar er ásetningur ekki skilyrði fyrir því að athöfn teljist til ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar. Mestu máli skiptir hvaða áhrif meðferðin hefur á þolandann.¹⁴⁶ Þar liggur grundvallar-munurinn á milli pyndinga annars vegar og ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar hins vegar (sjá skilgreiningu á pyndingum í kafla 4.4.3.2). Mannréttindadómstóllinn virðist ekki gera kröfu um að sannað sé að verknaður hafi haft tilteknar afleiðingar, heldur einungis að hann sé til þess fallinn.¹⁴⁷

Líkt og fram hefur komið hafa allar aðstæður í málinu þýðingu við mat á því hvort um pyndingar eða ómannlega eða vanvirðandi meðferð er að ræða. Þar af leiðandi er ekki hægt að setja fram einhlíta skilgreiningu á inntaki þessara hugtaka. Til að skýra nánar hvað er átt við með „tilliti til allra aðstæðna“ verður nú gripið til dæmisagna þar sem sama verknaðinum er lýst á þremur mismunandi forsendum.

Í fyrstu atvikalýsingu þessa dæmis fylgist lögreglukona, Jensína, með friðsamlegum mótmælum. Skyndilega ákveður hún að handtaka einn mótmælanda af handahófi. Hún kýlir hann tvisvar og hrindir honum á jörðina, handjárnar hann og leiðir inn í lögreglubifreið. Við þessar aðstæður myndi Mannréttindadómstóllinn beita strangara mati en ella, í ljósi þess að aðstæðurnar gáfu ekki tilefni til valdbeitingar. Í annarri atvikalýsingunni er Jensína kölluð á vettvang vegna vopnaðs ráns. Við komu á vettvang sér hún hinn grunaða og skipar honum að hætta í nafni lögreglunnar, en hinn grunaði flýr engu að síður. Þegar hún eltir hann uppi sýnir hann mótþróa við handtöku og þá grípur hún til sömu aðgerða og lýst er í fyrstu atvikalýsingunni. Í fyrri tilvikinu er um að ræða friðsaman mótmælanda en í því síðara er um að ræða hættulegan, grunaðan glæpamann. Við þessar aðstæður myndi dómstóllinn ekki beita jafn ströngu mati, í ljósi þess að hegðun hins grunaða gerði valdbeitinguna nauðsynlega. Í þriðju atvikalýsingunni er Jensína aftur kölluð á vettvang vegna vopnaðs ráns, en í þessu tilviki gefst hinn grunaði upp, krýpur á hnén og réttir upp hendur. Ef Jensína myndi aftur

¹⁴⁵ Sjá t.d.: MDE, *Price gegn Bretlandi*, 10. júlí 2001 (33394/96), 24. mgr.; *Mouisel gegn Frakklandi*, 14. nóvember 2002 (67263/01), 37. mgr. og MDE, *Kudla gegn Póllandi*, 26. október 2000 (30210/96), 91. mgr.

¹⁴⁶ Sjá t.d.: MDE, *Peers gegn Grikklandi*, 19. apríl 2001 (28524/95), 74.-75. mgr.

¹⁴⁷ Sjá: MDE, *Írland gegn Bretlandi*, 18. janúar 1978 (5310/71), 167. mgr. og Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 49-50.

grípa til sömu valdbeitingar við þessar aðstæður myndi dómstóllinn beita mun strangara mati en í annarri atvikalýsingunni.¹⁴⁸

Líkt og dæmisögurnar gefa til kynna hlýtur nauðsyn þeirra aðgerða sem beitt er að koma inn í matið. Ávallt ber að hafa meðalhófsregluna í huga við beitingu þvingunarúrræða, en samkvæmt henni skal ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði sem að er stefnt. Þetta verður aðeins metið með hliðsjón af þeim aðstæðum sem um ræðir í hverju máli fyrir sig og því má segja að matið sé afstætt.

4.4.5 Einangrun frelsissviptra einstaklinga í ljósi 3. gr. MSE

Samkvæmt dómafrankvæmd Mannréttindadómstólsins leggur 3. gr. MSE ekki blátt bann við beitingu einangrunarvistunar, s.s. vegna rannsóknarhagsmuna, af öryggisástæðum eða sem agaviðurlögum, sjá *MDE, Öcalan gegn Tyrklandi, 12. maí 2005 (46221/99)*.¹⁴⁹ Einangrunarvistun sem fælist í algerri einangrun skilningarvita myndi þó vera á því stigi að teljast ómannleg meðferð¹⁵⁰ og almennt er talið að langvarandi einangrunarvistun sé óheppileg.¹⁵¹ Í ákvörðun um meðferðarhæfi kæru fyrir Mannréttindadómstólnum, *MDE, Erdem gegn Þýskalandi, 9. desember 1999 (38321/97)*, sagði dómstóllinn að mat á lögmæti einangrunarvistunar í ljósi 3. gr. MSE færi fram með eftirfarandi hætti:

Í hverju máli fyrir sig verður að taka mið af öllum aðstæðum, þar á meðal hinum sérstöku skilyrðum, hversu íþyngjandi úrræðið er, tímalengd þess, markmiðinu sem að er stefnt og áhrifum þess á einstaklinginn sem á hlut að máli.¹⁵²

Fyrrgreind sjónarmið hafa komið fram í fjölmörgum dómum Mannréttindadómstólsins, sjá t.d. *MDE, Ensslin, Baader og Raspe gegn Þýskalandi, 8. júlí 1978 (7572/76, 7586/76 og 7587/76)*; *MDE, Van der Ven v The Netherlands, 4. febrúar 2003 (50901/99)* og *Rohde gegn Danmörku, 21. júlí 2005 (69332/01)*. Samkvæmt þessu skipta eftirfarandi atriði mestu máli við mat á því hvort einangrun samrýmist 3. gr. MSE: *Markmið* einangrunarinnar, *lengd* hennar, hversu *íþyngjandi* hún er og þau *áhrif* sem hún hefur á heilbrigði þess einstaklings sem fyrir verður.

¹⁴⁸ Stijn Smet: „The 'absolute' prohibition of torture and inhuman or degrading treatment in Article 3 ECHR. Truly a question of scope only?“, bls. 276-277.

¹⁴⁹ *MDE, Öcalan gegn Tyrklandi, 12. maí 2005 (46221/99)*, 191. mgr. og Eva Smith o.fl.: *Straffeprocessen*, bls. 565.

¹⁵⁰ Bernadette Rainey, Elizabeth Wicks og Clare Ovey: *Jacobs, White & Ovey: The European Convention on Human Rights*, bls. 188.

¹⁵¹ Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 63-64.

¹⁵² „In each case regard must be had to the surrounding circumstances, including the particular conditions, the stringency of the measure, its duration, the objective pursued and its effects on the person concerned“, sjá: *MDE, Erdem gegn Þýskalandi, 9. desember 1999 (38321/97)*.

Heilbrigðisástand einangrunarfanga skal metið daglega, sbr. 2. mgr. 43. gr. evrópsku fangelsisreglnanna. Hvað varðar markmið að baki einangrunarvistun hefur dómstóllinn lagt til grundvallar að þau geti einkum verið öryggisástæður, agaviðurlög og rannsóknarhagsmunir.¹⁵³ Ekki er hægt að beita einangrunarvistun með almennri tilvísun til skipulagðrar brotastarfsemi, órökstuddrar hættu á flóttu eða flokkunar fanga sem hættulegs aðila.¹⁵⁴ Hér á eftir verða reifaðir nokkrir dómur úr dómaframkvæmd MDE til að varpa frekara ljósi á mat dómstólsins í málum um einangrun frelsissviptra einstaklinga.

Sem fyrr segir er löng einangrunarvistun almennt til þess fallin að hafa slæm áhrif á þann einstakling sem í hlut á. Engu að síður hefur MDE ekki útilokað að einangrun geti varað um langan tíma, sbr. *MDE, Ramirez Sanchez gegn Frakklandi, 4. júlí 2006 (59450/00)*. Þetta mál hefur verið talið mjög sérstakt og niðurstaðan var ekki einróma. Þess ber að geta að í málinu var um að ræða afplánunarfanga en ekki sakborning í gæsluvarðhaldi.

Kærandi í málinu hafði verið haldið í einangrun í átta ár og tvo mánuði en niðurstaða Mannréttindadómstólsins var sú að ekki hefði verið um að ræða brot á 3. gr. MSE. Kærandi var talinn sérstaklega hættulegur, en hann hafði verið sakfelldur fyrir hryðjuverkaárásir og morð á tveimur lögreglumönnum. Einangrunarvistun hans sætti endurskoðun á þriggja mánaða fresti að teknu tilliti til skýrslna heilbrigðisstarfsfólks. Kærandi hitti reglulega lækni, prest og lögfræðinga og það voru engar takmarkanir á fjölskylduheimsóknum. Ekki var sannaður neinn tilgangur til að vanvirða eða niðurlægja kæranda með einangrunarvistuninni. Hann var vistaður í stórum klefa með rúmi, borði, stól, salerni og glugga. Þá hafði hann aðgang að bókum, blöðum, sjónvarpi, útivist og íþróttaaðstöðu. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu taldi dómurinn að einangrun gæti aldrei verið beitt um óákveðinn tíma. Minnihluti dómsins, fimm dómur af 17, töldu ekkert geta afsakað svo langa einangrunarvistun. Atvik málsins hafa verið talin heyra til undantekninga, vegna þess hve hættulegan sakborning var um að ræða.¹⁵⁵

Í dómi *MDE, Rohde gegn Danmörku, 21. júlí 2005 (69332/01)*, voru atvik máls þau að kærandi hafði verið handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald og einangrun vegna gruns um stórfellt fíkniefnabrot. Einangrunin varði í 11 mánuði og 14 daga, frá 14. desember 1994 til 28. nóvember 1995. Kærandi taldi sig hafa orðið fyrir andlegum skaða af völdum gæsluvarðhaldsins og einangrunarinnar og krafðist bóta fyrir fjártjón og miska frammi fyrir þarlandum dómstólum. Hæstiréttur Danmerkur dæmdi kæranda bætur upp á rúma 1,1 milljón

¹⁵³ Peer Lorenzen o.fl.: *Den Europæiske Menneskerettighedskonvention*, bls. 211.

¹⁵⁴ Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttinasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 63-64. Sjá t.d.: *MDE, Khider gegn Frakklandi, 9. júlí 2009 (39365/05)*.

¹⁵⁵ Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttinasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 65.

danskra króna vegna afleiðinga einangrunarinnar en taldi danska ríkið þó ekki hafa brotið gegn 3. gr. MSE. Kærandi var ekki á sama máli og kærði danska ríkið fyrir Mannréttindadómstólnum. MDE áréttaði í fyrstu að einangrunarvistun hefði lengi verið efni til athugasemda gagnvart Danmörku af hálfu nefndar Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum. Til að komast að niðurstöðu um hvort að meðferðin hefði náð því stigi að brjóta gegn 3. gr. MSE lagði dómurinn einkum mat á lengd og eðli einangrunarinnar og eftirlit með andlegri heilsu kæranda. Dómurinn lagði áherslu á að taka þyrfti tillit til aðstæðna í einangrun, en fram kom að þótt kærandi hefði vissulega verið einangraður frá öðrum föngum hefði hann haft regluleg samskipti við starfsfólk fangelsisins. Þar að auki fékk hann heimsóknir frá fangelsispresti og lögfræðingi, fékk ensku- og frönskukennslu einu sinni í viku og hafði samband við félagsráðgjafa 12 sinnum meðan á einangruninni stóð. Hann fékk enn fremur heimsóknir frá fjölskyldu og vinum, þó undir eftirliti væru. Kærandi var í átta fermetra klefa og hafði aðgang að fjölmiðlum, s.s. sjónvarpi og dagblöðum. Meðan á einangrun stóð var hann skoðaður 32 sinnum af sjúkráþjálfara, 27 sinnum af lækni og 43 sinnum af hjúkrunarfræðingi. Þá taldi Mannréttindadómstóllinn að ekkert hefði sérstaklega gefið til kynna nauðsyn frekara eftirlits, s.s. ábendingar þess efnis frá fjölskyldu, prestis eða kennara hans. Með tilliti til alls þessa taldi dómstóllinn einangrunarvistunina ekki hafa falið í sér brot á 3. gr. MSE.

Þrír dómarmar af sjö skiluðu sameiginlegu séráliti og töldu danska ríkið hafa brotið gegn 3. gr. MSE. Sérálitið er athyglivert að mörgu leyti. Í því kemur meðal annars fram að gera skuli greinarmun á sérstökum aðgerðum gagnvart mönnum sem þegar hafa verið dæmdir og einangrunarvistun ódæmdra manna í gæsluvarðhaldi, líkt og um ræddi í þessu máli. Einangrunarvistun væri mjög íþyngjandi þvingunarúrræði sem aðeins skyldi beitt væri það bráðnauðsynlegt með tilliti til aðstæðna. Í sérálitinu er vitnað í 770. gr. a og b dönsku réttarfarslaganna (d. Retsplejeloven), þar sem fram kemur að einangrun í gæsluvarðhaldi skuli ekki framhaldið ef hægt að ná því markmiði sem að er stefnt með öðrum og vægari aðferðum, eða ef úrræðið er úr samhengi við mikilvægi málsins og þá refsingu sem vænta má, verði hinn grunaði fundinn sekur. Við ákvörðun um einangrunarvistun verði einnig að hugsa til mögulegra afleiðinga hennar, s.s. með tilliti til aldurs hins grunaða eða geðheilbrigðis. Hér skal því haldið til haga að Mannréttindadómstóllinn hefur ekki það hlutverk að endurmeta túlkun innlendra dómstóla á innlendri löggjöf, nema að því leyti sem túlkunin varðar þau réttindi sem tryggð eru í Mannréttindasáttmálanum, sbr. 19. gr. MSE.¹⁵⁶ Minnihluti MDE

¹⁵⁶ Sjá: MDE, *Schenk gegn Sviss*, 12. júlí 1988 (10862/84), 45. mgr.

taldi danska dómstóla hafa gefið mjög almennar ástæður fyrir ítrekaðri framlengingu á einangrunarvistuninni og taldi þá ekki hafa rökstutt nauðsyn hennar. Minnihlutinn fjallaði einnig um vitnisburð móður kæranda, frænda hans, fangelsisprestsins og kennarans þess efnis að einangrunarvistunin hefði haft slæm áhrif á hann. Þar sem enginn þessara aðila hefði viðrað áhyggjur sínar við lögmanninn, fangelsisfyrirvöld eða heilbrigðisstarfsfólk hefði mat á geðheilbrigði kæranda ekki farið fram. Minnihlutinn taldi að ákvörðun um geðheilbrigðismat ætti ekki að velta á beiðni þar að lútandi af hálfu ættingja eða venslafólks, heldur ætti það að fara fram kerfisbundið í tilfellum gæsluvarðhaldsfanga sem sættu langtíma einangrun. Aðeins við slíkar aðstæður gæti eftirlitið talist skilvirkt. Í ljósi alls þessa taldi minnihluti dómsins danska ríkið hafa brotið gegn 3. gr. MSE.

Mál *MDE, Mathew gegn Hollandi, 29. september 2005 (24919/03)*, varðaði einnig einangrun sakbornings í gæsluvarðhaldi. Kærandi, hollenskur ríkisborgari, var handtekinn og settur í gæsluvarðhald þann 9. október 2001, vegna gruns um stórfellda líkamsárás. Handtakan átti sér stað á eyjunni Arúba í karabíska hafinu sem tilheyrir hollensku yfirráðasvæði. Þar sat kærandi í gæsluvarðhaldi allt til 14. apríl 2003, þegar hann var sakfelldur fyrir líkamsárás. Hann sætti einangrun mestallan gæsluvarðhaldstímann. Áfrýjunardómstóll mildaði dóm hans með tilliti til þeirrar ströngu gæslu sem hann hafði þurft að sæta, en hann var loks leystur úr haldi þann 30. apríl 2004. Á þeim tíma var kæra hans þegar komin til meðferðar hjá Mannréttindadómstólnum.

Kærandi kærði hollenska ríkið til Mannréttindadómstólsins, fyrir brot gegn 3. gr. MSE. Í málinu kom meðal annars fram að aðstæður hans í gæsluvarðhaldinu hefðu verið ófullnægjandi, m.a. vegna þess að klefi hans hefði ekki veitt næga vernd fyrir veðri og vindum. Þá kom fram að frá júní 2002 hefði kærandi þjáðst af alvarlegum veikindum í baki sem ekki var brugðist nægilega við. Eini taugaskurðlæknirinn á staðnum sagði kæranda þurfa á uppskurði að halda og kallaði eftir álitum annars læknis, sem var ekki aflað. Kærandi gat ekki stundað útivist þar sem hann þurfti að ganga niður tvær hæðir til að komast út og heilsa hans bauð ekki upp á það. Það var einróma niðurstaða MDE að hollenska ríkið hefði brotið gegn 3. gr. MSE með því að halda kæranda í einangrun í alltof langan tíma án þess að nauðsyn ræki til. Dómstóllinn áréttaði sérstaklega að kæranda hefði verið haldið í a.m.k. sjö mánuði í klefa sem veitti ekki næga vernd gegn veðri og vindum og auk þess hefði hann þurft að þola óþarfa líkamlega þjáningu til að stunda útivist og hreyfingu.

Mál *MDE, Keenan gegn Bretlandi, 3. apríl 2001 (27229/95)*, varðaði 28 ára mann, Mark Keenan, sem féll fyrir eigin hendi með því að hengja sig í klefa sínum í einangrunarálmu fangelsis. Móðir hans var kærandi í málinu. Sjúkrasaga Keenan bar vott um einkenni

ofsóknarbrjálæðis, árásgirni, ofbeldishneigðar og vilja til sjálfsskaða. Þess ber þó að geta að um afplánunarfanga var að ræða, en sömu sjónarmið hljóta að eiga við um kröfur til geðheilbrigðisþjónustu að því er varðar gæsluvarðhaldsfanga. Atvik máls voru þau að 1. apríl 1993 var Keenan sakfelldur fyrir líkamsrásar gegn kærustu sinni og dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi. Í fyrstu var honum komið fyrir á heilsugæslustöð fangelsis en í stuttu máli var hann færður fram og til baka frá heilsugæslustöðinni og yfir í hefðbundna fangelsisálmú. Þá breyttu lækna- lyfjaskammtinum hans ítrekað. Þann 16. apríl var Keenan færður í hefðbundna fangelsisálmú en síðan sendur til baka á heilsugæsluna í kjölfar þess að klefafélagi hans tilkynnti um að hann hefði búið til snöru úr rúmötunum sínum. Hann var færður í klefa sem var ekki búinn húsgögnum og sætti svokallaðri 15 mínútna vakt. Síðar var honum sleppt þaðan en færður þangað aftur í kjölfar árásar á tvo heilbrigðisstarfsmenn. Níu dögum áður en Keenan átti að losna úr afplánun var 28 dögum bætt við dóminn vegna líkamsrásanna, þar á meðal skyldi hann sæta sjö daga einangrun sem agaviðurlögum. Daginn eftir, þann 15. maí, heimsóttu hann fangelsisprestur, lækni og félagi hans. Kl. 18:35 sama dag fannst hann svo látinn í klefa sínum. Í kjölfarið fundust vísbendingar í þá átt að hann hefði ýtt á neyðarhnappinn í klefanum.

Það varð niðurstaða Mannréttindadómstólsins að breska ríkið hefði brotið gegn 3. gr. MSE. Taldi dómurinn geðheilbrigðisþjónustu til handa Keenan hafa verið verulega ábótavant og einnig skráningu og eftirliti með heilbrigðisástandi hans. Enn fremur hefði verið skortur á aðkomu geðlækna í máli hans. Taldi dómurinn að viðbótarrefsingin og agaviðurlögin hefðu verið of síðbúin og íþyngjandi svo að ógnaði líkamlegu og andlegu viðnámi hans. Væri þetta ekki í samræmi við þá meðferð sem andlega veikur einstaklingur þyrfti á að halda.

Hvað varðar heilbrigðisþjónustu til handa föngum má einnig benda á mál *MDE, McGlinchey o.fl. gegn Bretlandi, 29. apríl 2003 (50390/99)*. Málið varðaði afplánunarfanga, frú McGlinchey, sem lést í kjölfar fráhrarfseinkenna vegna fikniefnaneyslu meðan hún afplánaði fangelsisdóm. Börn hennar og móðir voru kærndur í málinu. Töldu þau hana hafa sætt ómannlegri og vanvirðandi meðferð í andstöðu við 3. gr. MSE. Henni hefði verið haldið í einangrun vegna agabrota þrátt fyrir slæmt heilsufarsástand, lyfjagjöf hennar hefði verið ábótavant og hún hafi verið skilin eftir til að deyja í eigin uppköstum. Mannréttindadómstóllinn féllst ekki alfarið á málavaxtalýsingu kæranda en meirihluti dómsins (sex dómara af sjö) taldi McGlinchey engu að síður hafa sætt ómannlegri og vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. MSE. Að mati meirihlutans hafði þyngdar- og vökvatap McGlinchey valdið henni þjáningu og falið í sér alvarlega heilsufarslega hættu. Taldi meirihlutinn aðstöðuna og eftirlitið í fangelsinu ekki hafa verið í samræmi við skyldu

aðildarríkisins til að tryggja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og almenna virðingu fyrir mannlegri reisu (e. respect for human dignity).

4.5 Samantekt

Við mat á því hvort einangrunarvistun frelsissvipts einstaklings samrýmist 3. gr. MSE verður, sem fyrir segir, einkum höfð hliðsjón af *markmiði* hennar, *tímalengd*, hversu *þþyngjandi* hún er og þeim *áhrifum* sem hún hefur á þann einstakling sem í hlut á. Þegar ákvarða skal hvort einangrunarvistun nær því stigi að teljast til ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar, eða jafnvel pyndinga, verður að líta til allra aðstæðna málsins. Þar á meðal eru andlegar og líkamlegar afleiðingar einangrunarinnar og eiginleikar fangans sjálfs, s.s. aldur, kynferði og heilbrigðisástand. Ekki síður þarf að líta til aðstæðna í einangrunarvistun, s.s. stærðar og gæða einangrunarklefa, aðgangs að sjónvarpi og fjölmiðlum, tækifæra til útivistar og hreyfingar og einnig þess hvort einangrunin felur í sér frekari þvingunarúræði á borð við heimsóknarbann, fjölmiðlabann eða bréfaskoðun, sbr. t.d. *Rohde gegn Danmörku*. Þegar meðferð nær því stigi að teljast ómannleg eða vanvirðandi er þegar um að ræða brot gegn 3. gr. MSE, enda er ekki hægt að sýna fram á neinar málefnalegar ástæður til að réttlæta ómannlega eða vanvirðandi meðferð.¹⁵⁷

Tímalengd einangrunarvistunar hefur vissulega þýðingu í ljósi þess að löng einangrunarvistun er til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á þann sem fyrir verður. MDE hefur þó ekki útilokað að einangrunarvistun geti varað um langan tíma, sbr. fyrrgreindan dóm *Ramirez Sanchez gegn Frakklandi*. Hins vegar getur einangrunarvistun aldrei varað um óákveðinn tíma.¹⁵⁸

Dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins, sem rakin er í kafla 4.4.5, varpar einkum ljósi á þær kröfur sem gerðar eru til eftirlits með gæsluvarðhalds- og afplánunarföngum í einangrunarvistun, ekki síst heilbrigðiseftirlits. Hér skiptir máli eftirlit með bæði líkamlegu og andlegu heilbrigði, sbr. t.d. *Mathew gegn Hollandi* annars vegar og *Keenan gegn Bretlandi* hins vegar. Í þessu samhengi ber að geta meginreglunnar um jafngildi heilbrigðisþjónustu (e. the principle of equivalence of health care) sem birtist meðal annars í tilmælum Evrópuráðsins um siðferðilega og skipulagslega þætti heilbrigðisþjónustu í fangelsi.¹⁵⁹ Í 10. gr. tilmællanna segir meðal annars að heilbrigðisþjónusta í fangelsi skuli vera sambærileg þeirri þjónustu sem almenningur nýtur. Það fer ekki á milli mála, enda eiga frelsissviptir ekki

¹⁵⁷ Sjá kafla 4.4.3.1.

¹⁵⁸ MDE, *Ramirez Sanchez gegn Frakklandi*, 4. júlí 2006 (59450/00), 145. mgr.

¹⁵⁹ Recommendation No. R(98)7 of the Committee of Ministers to Member States Concerning the Ethical and Organisational Aspects of Health Care in Prison.

að njóta lakari réttinda í fangelsi en hinn almenni þegn utan fangelsis, sbr. 3. mgr. 40. gr. evrópsku fangelsireglanna. Sú staðreynd að einstaklingur sé í fangelsi á ekki að skerða réttindi hans að öðru leyti en að því er varðar frelsissviptingu. Þvert á móti ber ríkið enn frekari skyldu til að sinna heilbrigðisþjónustu einstaklinga þegar það sviptir þá frelsi.¹⁶⁰

5 Tölfræði um beitingu einangrunar í gæsluvarðhaldi

5.1 Íslensk framkvæmd

5.1.1 Inngangur

Sem fyrr segir hefur Evrópunefndin um varnir gegn pyndingum, eða CPT-nefndin, gagnrýnt óhóflega beitingu einangrunar gæsluvarðhaldsfanga á Íslandi. Líkt og greint er frá í 3. kafla segir nefndin fjölda gæsluvarðhaldsfanga í einangrun síður en svo hafa minnkað síðastliðin ár. Nefndin minnir á þær neikvæðu afleiðingar sem einangrun getur valdið og hvetur til þess að beitingu úrræðisins sé haldið í lágmarki og aldrei lengur en nauðsyn krefji.¹⁶¹ Í þessum kafla verður skoðuð nánar tölfræði um beitingu einangrunar í gæsluvarðhaldi hér á landi, meðal annars í þeim tilgangi að athuga hvort þessar ábendingar séu þarfar.

5.1.2 Tölfræði

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 tóku gildi 1. janúar 2009. Þá fyrst var ákvörðunarvald um einangrun fært til dómstóla úr höndum stjórnvalda. Tölfræði um beitingu einangrunar í gæsluvarðhaldi á Íslandi verður því skipt upp í tvö tímabil, annars vegar sex ára tímabil á árunum 2003-2008 og hins vegar 6 ára tímabil á árunum 2009-2014. Á töflum eitt og tvö má sjá upplýsingar um fjölda gæsluvarðhaldsúrskurða á árunum 2003-2008 og 2009-2014, fjölda þeirra sem sættu einangrun, hlutfall gæsluvarðhaldsfanga í einangrun og meðaltalsfjölda daga í einangrun.

¹⁶⁰ *Health in Prisons. A WHO Guide to the Essentials in Prison Health*, bls. 7.

¹⁶¹ *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 24 September 2012*, CPT/Inf (2013) 37, dags. 5. desember 2013, 62. mgr.

Tafla 1.¹⁶²

Ár	Fjöldi einstaklinga í gæsluvarðhaldi	Þar af í einangrun	Hlutfall gæsluvarðhaldsfanga í einangrun	Meðaltalsfjöldi daga í einangrun
2003	65	55	85%	10,9
2004	112	86	77%	10,7
2005	81	74	91%	8,4
2006	115	110	96%	11,2
2007	110	94	85%	9,5
2008	152	137	90%	11,3

Á sex ára tímabili á árunum 2003-2008 sættu 635 einstaklingar gæsluvarðhaldi. Af þeim sættu 556 einstaklingar einangrun, þ.e. 87,6%. Á sama tímabili var meðalfjöldi daga í einangrun 10,3. Á þessu tímabili var ákvörðun um einangrunarvistun enn í höndum rannsóknaraðila.

Tafla 2.¹⁶³

Ár	Fjöldi einstaklinga í gæsluvarðhaldi	Þar af í einangrun	Hlutfall gæsluvarðhaldsfanga í einangrun	Meðaltalsfjöldi daga í einangrun
2009	135	114	84,4%	14,8
2010	136	117	86,0%	12,9
2011	111	88	79,2%	11,7
2012	120	94	78,3%	10,3
2013	129	83	64,3%	14,3
2014	112	72	64,2%	9,4

Á sex ára tímabili á árunum 2009-2014 sættu 743 einstaklingar gæsluvarðhaldi. Af þeim sættu 568 einstaklingar einangrun, eða um 76,4%. Á sama tímabili var meðalfjöldi daga í einangrun 12,2. Á síðargreinda tímabilinu hafði ákvörðun um einangrun þó verið færð í hendur dómsvaldsins. Samkvæmt tölfræði Fangelsismálastofnunar sætir mikill meirihluti

¹⁶² Vefsíða Fangelsismálastofnunar: <http://www.fangelsi.is/gaelsluvardhald/>.

¹⁶³ Vefsíða Fangelsismálastofnunar: <http://www.fangelsi.is/gaelsluvardhald/>.

þeirra sem eru í einangrunarvistun einnig frekari takmörkunum, s.s. heimsóknarbanni, fjölmiðlabanni eða bréfaskoðun, sbr. c-, d-, og e-liði 99. gr. sml. nr. 88/2008.¹⁶⁴

5.1.3 Samanburður fyrir og eftir tilkomu sakamálalaga nr. 88/2008

Samkvæmt þessu hefur beiting einangrunar í gæsluvarðhaldi minnkað um rúm 10% á síðara tímabilinu. Hins vegar hefur meðalfjöldi daga í einangrun aukist lítillega. Á síðara tímabilinu sættu gæsluvarðhaldsfangar einangrun frá einum degi og upp í 85 daga.¹⁶⁵ Aukningu á meðalfjölda daga í einangrun má mögulega skýra með því að eðli glæpa hafi breyst, líkt og CPT-nefndin fellst á í skýrslu sinni um Ísland frá árinu 2013.¹⁶⁶ Þó má telja að hlutfall einangrunarfanga í gæsluvarðhaldi hefði átt að minnka enn meira með tilkomu lagabreytingarinnar, einkum í ljósi þess mats sem 3. gr. MSE og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins gera kröfu um að fari fram. Líkt og greinir í kafla 2.3.5 segir í athugasemdum með 98. gr. í greinargerð með frumvarpi til sakamálalaga að við lagabreytinguna hafi verið höfð hliðsjón af sakamálalöggjöf í Danmörku og Noregi. Til að varpa enn frekara ljósi á stöðu Íslands í víðara samhengi er rétt að skoða tölfræði um sama efni frá hinum Norðurlöndunum.

5.2 Samanburður við önnur Norðurlönd

5.2.1 Inngangur

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru það einnig dómstólar sem taka afstöðu til einangrunarvistunar gæsluvarðhaldsfanga með úrskurði.¹⁶⁷ Engu að síður hefur CPT-nefndin gagnrýnt óhóflega beitingu einangrunar í þágu rannsóknarhagsmuna í öllum þremur ríkjunum.¹⁶⁸ Hér á eftir verður birt tölfræði um beitingu einangrunar á þessum þremur

¹⁶⁴ Vefsíða Fangelsismálastofnunar: <http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Fyrirkomulag-gaelsluvardhalds-2014.pdf>.

¹⁶⁵ Vefsíða Fangelsismálastofnunar: <http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Fyrirkomulag-gaelsluvardhalds-2014.pdf>, <http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Fyrirkomulag-gaelsluvardhalds-2013.pdf>, <http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Fyrirkomulag-gaelsluvardhalds-2012.pdf>, <http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Fyrirkomulag-gaelsluvardhalds-2011.pdf>, <http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Fyrirkomulag-gvh.-2010.pdf> og <http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Fyrirkomulag-gvh.-2009.pdf>.

¹⁶⁶ *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 24 September 2012*, CPT/Inf (2013) 37, dags. 5. desember 2013, 62. mgr.

¹⁶⁷ Alþt. 2007-08, A-deild, bls. 1451 og 5. gr. a 24. kafla sænsku réttarfarlaganna (s. Rättegångsbalken).

¹⁶⁸ *Report to the Danish Government on the visit to Denmark carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 4 to 13 February 2014*, CPT/Inf (2014) 25, dags. 17. september 2014, 33. mgr.; *Report to the Norwegian Government on the visit to Norway carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 27 May 2011*, CPT/Inf (2011) 33, dags. 21. desember 2011, 71.-73. mgr. og *Report to the Swedish Government on the visit to Sweden carried out by the European Committee for*

Norðurlöndum til samanburðar. Aðeins verður notast við tölur frá árunum 2009-2014, þ.e. frá þeim tíma sem ákvörðunarvald um einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga hér á landi var færð til dómsvaldsins úr höndum rannsóknaraðila. Sem fyrr segir sættu að meðaltali 76,4% gæsluvarðhaldsfanga á Íslandi einangrun á árunum 2009-2014. Neðangreindum upplýsingum er einungis ætlað að veita grófan samanburð. Bæði skortir nokkuð á samræmi í upplýsingum og einnig gæti haft þýðingu að greina upplýsingarnar ítarlegar, t.d. með hliðsjón af fjölda daga í einangrun eða beitingu annarra þvingunarúrræða samhliða einangrun.

5.2.2 Danmörk

Í skýrslu CPT-nefndarinnar frá árinu 2014 í kjölfar heimsóknar til Danmerkur segir nefndin beitingu einangrunarvistunar í þágu rannsóknarhagsmuna iðulega hafa gefið tilefni til athugasemda af hálfu nefndarinnar. Hins vegar hafi fjöldi gæsluvarðhaldsfanga sem sæta einangrun farið mjög lækkandi á síðustu árum og sé það mikið fagnaðarefni.¹⁶⁹ Á töflu þrjú má sjá upplýsingar um fjölda gæsluvarðhaldsfanga í einangrun í Danmörku á árunum 2009-2013 og hlutfall þeirra sem sættu einangrun. Ekki var unnt að nálgast tölur frá Danmörku fyrir árið 2014.

Tafla 3¹⁷⁰

Ár	Fjöldi gæsluvarðhaldsfanga í einangrun	Hlutfall gæsluvarðhaldsfanga í einangrun
2009	210	3,2%
2010	127	1,9%
2011	186	2,8%
2012	132	2,4%
2013	55	1,0%

Á árunum 2009-2013 sættu að meðaltali 2,3% gæsluvarðhaldsfanga einangrun í Danmörku, samanborett við 76,4% á Íslandi. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að framkvæmdin í Danmörku, eins og hún lítur út í dag, er gjörólík þeirri sem þekkist hér á landi. Samkvæmt þessari tölfræði heyrir einangrunarvistun í gæsluvarðhaldi til undantekninga

the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 9 to 18 June 2009, CPT/Inf (2009) 34, dags. 11. desember 2009, 35.-36. mgr.

¹⁶⁹ *Report to the Danish Government on the visit to Denmark carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 4 to 13 February 2014, CPT/Inf (2014) 25, dags. 17. september 2014, 33. mgr.*

¹⁷⁰ *Statistik om Isolationsfængsling, bls. 1 og 2.*

í Danmörku. Það vekur athygli að árið 2013 voru færri gæsluvarðhaldsfangar sem sættu einangrunarvistun þar í landi en á Íslandi, þrátt fyrir augljósan mun á fólksfjölda.

5.2.3 Noregur

Í skýrslu CPT-nefndarinnar til Noregs frá árinu 2011 er að finna athugasemdir vegna sömu tilhneigingar og á hinum Norðurlöndunum, óhóflegar beitingar einangrunarvistunar í gæsluvarðhaldi. Þó telur nefndin að beiting þessa úrræðis í Noregi hafi minnkað lítillega á síðustu árum. Í skýrslunni vekur nefndin sérstaklega máls á því að í öllum málunum sem hún skoðaði hafi úrskurðir dómara innihaldið ítarlegan rökstuðning.¹⁷¹ Á töflu fjögur má sjá upplýsingar um fjölda gæsluvarðhaldsúrskurða í Noregi á árunum 2009-2014, fjölda þeirra sem sættu einangrun og hlutfall gæsluvarðhaldsfanga í einangrun.

Tafla 4¹⁷²

Ár	Fjöldi einstaklinga í gæsluvarðhaldi	Þar af í einangrun	Hlutfall gæsluvarðhaldsfanga í einangrun
2009	3.674	505	13,8%
2010	3.919	580	14,8%
2011	3.868	483	12,5%
2012	3.988	440	11,0%
2013	4.003	465	11,6%
2014	3.846	477	12,4%

Af 23.298 gæsluvarðhaldsföngum í Noregi á árunum 2009-2014 sættu 2.950 þeirra einangrun. Hlutfall þeirra var því um 12,7%, samanborið við 76,4% á sama tímabili á Íslandi og 2,3% í Danmörku. Hlutfall gæsluvarðhaldsfanga sem sætir einangrun í Noregi er því um 10% hærra en í Danmörku, en mikill munur er á milli Íslands annars vegar og Danmerkur og Noregs hins vegar.

¹⁷¹ Report to the Norwegian Government on the visit to Norway carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 27 May 2011, CPT/Inf (2011) 33, dags. 21. desember 2011, 71.-73. mgr.

¹⁷² Kriminalomsorgens årsstatistikk 2009, bls. 14; Kriminalomsorgens årsstatistikk 2010, bls. 14; Kriminalomsorgens årsstatistikk 2011, bls. 13; Kriminalomsorgens årsstatistikk 2012, bls. 15; Kriminalomsorgens årsstatistikk 2013, bls. 15 og tölvupóstur frá Ingeborg Margrethe Svanes, ráðgjafa í norska dóms- og öryggismálaráðuneytinu (n. Det kongelige Justis- og beredskapsdepartementet), um tölfraði norsku fangelsismálastofnunarinnar fyrir árið 2014, dags. 9. mars 2015.

5.2.4 Svíþjóð

CPT-nefndin heimsótti Svíþjóð síðast árið 2009 og skilaði skýrslu um heimsóknina sama ár. Í skýrslunni gerir nefndin fjölmargar og ítarlegar athugasemdir við takmarkanir á réttindum gæsluvarðhaldsfanga í Svíþjóð. Telur nefndin engar framfarir hafa átt sér stað á þessu sviði frá síðustu heimsókn nefndarinnar árið 2003.

Í skýrslu sinni gagnrýnir nefndin einkum að svo virðist sem fulltrúar ákærvaldsins þurfi ekki að sýna fram á nein sönnunargögn, sem hönd á festir, til að styðja beiðni um beitingu viðbættra þvingunarúrræða. Enn fremur virðist nefndinni sem svo að frekari þvingunarúrræðum sé beitt nánast sjálfkrafa, enda hafi fæstir fanganna fengið nokkra skýringu á þeim. Nefndin gagnrýndi sérstaklega að börn hefðu sætt einangrunarvistun í fangelsum í Svíþjóð og að ráðleggingar heilbrigðisstarfsfólks um skaðsemi einangrunar hefðu verið hundsáðar. Í skýrslu nefndarinnar eru enn og aftur áréttuð skaðleg áhrif einangrunar, s.s. einbeitingarskortur, minnisleysi, skortur á félagslegri hæfni og truflun á heilastarfsemi sem birtist í líkamlegum einkennum (e. somatic ailments), kvíðaraskanir, áfallastreituröskun og þunglyndi, andlegt uppnám, sjálfsskaði og sjálfsvígshætta. Nefndin áréttar einnig að þvingunarúrræði séu til þess fallin að hafa mun skaðlegri áhrif á heilsu þeirra sem yngri eru.¹⁷³

Í fyrrgreindri skýrslu mælist nefndin til þess að löggjöf þar að lútandi verði endurbætt á þá leið að fulltrúum ákærvalds verði í fyrsta lagi gert að lýsa nákvæmlega hvaða þvingunarúrræðum þeir hyggist beita gagnvart sakborningum, í öðru lagi að þeir sýni fram á rökstuddan grundvöll til að réttlæta úrræðin og í þriðja lagi að fram komi í hve langan tíma úrræðunum skal beitt. Þar að auki skuli úrskurðir dómara um þvingunarúrræði (og framlengingu þeirra) vera einstaklingsbundnir og rökstuddir. Þá ættu gæsluvarðhaldsfangar að fá afhentan skriflegan rökstuðning fyrir beitingu þvingunarúrræða og upplýsingar um kæruleiðir. Að lokum leggur nefndin til að við framlengingu á beitingu þvingunarúrræða leggi dómari mat á slíka beiðni sérstaklega, en ekki samkvæmt einhvers konar pakkaþyrirkomulagi um leið og framlengingar á gæsluvarðhaldi er krafist.¹⁷⁴

Embætti saksóknara í Svíþjóð (s. Åklagarmyndigheten) birtir í ársskýrslu sinni aðeins upplýsingar um heildarfjölda gæsluvarðhaldsfanga á ári og fjölda og hlutfall þeirra sem sæta einhvers konar viðbættum þvingunarúrræðum, s.s. heimsóknarbanni, símtalsbanni,

¹⁷³ Report to the Swedish Government on the visit to Sweden carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 9 to 18 June 2009, CPT/Inf (2009) 34, dags. 11. desember 2009, 35.-37. mgr.

¹⁷⁴ Report to the Swedish Government on the visit to Sweden carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 9 to 18 June 2009, CPT/Inf (2009) 34, dags. 11. desember 2009, 38. mgr.

bréfaskoðun, fjölmiðlabanni eða einangrunarvistun. Því er ekki til að dreifa sundurliðaðri tölfræði að því er varðar einangrun. Það liggur í augum uppi að hlutfall gæsluvarðhaldsfanga sem sætir einhvers konar takmörkunum er að öllum líkindum hærra en þeirra sem sæta aðeins einangrunarvistun. Mun þetta skekkja tölfræðina að einhverju leyti og valda hærri hlutfallstölu hjá Svíþjóð en ella. Á töflu fimm má sjá upplýsingar um fjölda gæsluvarðhaldsúrskurða í Svíþjóð á árunum 2009-2014 og fjölda og hlutfall þeirra sem sættu einhvers konar viðbættum þvingunarúrræðum, þar á meðal einangrun.

Tafla 5¹⁷⁵

Ár	Fjöldi einstaklinga í gæsluvarðhaldi	Fjöldi gæsluvarðhaldsfanga sem sætti viðbættum þvingunarúrræðum	Hlutfall gæsluvarðhaldsfanga sem sætti viðbættum þvingunarúrræðum
2009	10.995	7.542	68,6%
2010	11.213	7.856	70,0%
2011	10.432	7.530	72,2%
2012	9.985	6.853	68,6%
2013	9.415	6.558	69,7%
2014	9.519	6.504	68,3%

Af 61.559 gæsluvarðhaldsföngum í Svíþjóð á árunum 2009-2014 sættu 42.843 þeirra viðbættum þvingunarúrræðum. Hlutfall þeirra var því um 69,6%, samanborið við 2,3% í Danmörku, 11,7% í Noregi og 76,4% á Íslandi. Þó að hlutfallstölurnar frá Svíþjóð séu að öllum líkindum hærri en þær ættu að vera - og því ekki alls kostar marktækar - var Ísland engu að síður með hæsta hlutfall gæsluvarðhaldsfanga í einangrun á árunum 2009-2014. Það vekur athygli að athugasemdir CPT-nefndarinnar í garð Íslands hvað þetta málefni varðar eru ekki jafn margar og ítarlegar og í garð Svíþjóðar, þó að vissulega væri tilefni til.


5.3 Samantekt

Líkt og sjá má á ofangreindri tölfræði er áberandi munur innbyrðis milli Norðurlandanna að því er varðar beitingu einangrunarvistar eða annarra þvingunarúrræða í gæsluvarðhaldi. Þó að

¹⁷⁵ *Áklagarmyndighetens årsredovisning 2009*, bls. 36; *Áklagarmyndighetens årsredovisning 2010*, bls. 30; *Áklagarmyndighetens årsredovisning 2011*, bls. 44; *Áklagarmyndighetens årsredovisning 2012*, bls. 42; *Áklagarmyndighetens årsredovisning 2013*, bls. 38 og *Áklagarmyndighetens årsredovisning 2014*, bls. 40.

hæsta hlutfall gæsluvarðhaldsfanga sæti einangrunarvistun hér á landi virðist íslenska framkvæmdin þó fremur líkjast framkvæmdinni í Svíþjóð heldur en í Danmörku og Noregi. Á súluriti eitt má sjá hlutfall þeirra sem sættu einangrun í gæsluvarðhaldi á Íslandi, í Danmörku og í Noregi og hlutfall þeirra sem sættu viðbættum þvingunarúrræðum í Svíþjóð.

Súlurit 1



*Frá Danmörku vantar hlutfallstölur fyrir árið 2014.

**Í Svíþjóð er aðeins birt heildartölfræði um viðbætt þvingunarúrræði í gæsluvarðhaldi, þar á meðal einangrun.

Beiting einangrunar í gæsluvarðhaldi á Íslandi hefur ekki minnkað í þeim mæli sem ef til vill mátti gera ráð fyrir, einkum með hliðsjón af tölfræði frá öðrum Norðurlöndum. Í ljósi dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins um 3. gr. MSE, skilyrða 2. mgr. 98. gr. sml. og meðalhófsreglu 12. gr. ssl. og 3. mgr. 53. gr. sml. ætti einangrun í gæsluvarðhaldi að heyra til undantekninga. Miðað við fyrrgreinda tölfræði er beiting einangrunarvistunar í gæsluvarðhaldi á Íslandi hins vegar meginregla.¹⁷⁶

¹⁷⁶ Sjá tölvupóst frá Margréti Frímannsdóttur, forstöðumanni Fangelsisins Litla-Hrauni, dags. 24. febrúar 2015: „...[Í] yfirgnæfandi meirihluta eru þeir sem koma inn sem gæsluvarðhaldsfangar í einangrun fyrsta hlutann á meðan á rannsókn máls standur. Síðar fara þeir í lausagæslu og eru þá vistaðir meðal annarra fanga.“

6 Skilyrði fyrir einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga í Danmörku, Noregi og Svíþjóð

6.1 Inngangur

Norðurlöndin hafa löngum hlotið mikla gagnrýni af hálfu alþjóðlegra eftirlitsnefnda vegna einangrunarvistunar fanga. Ísland og önnur Norðurlönd hafa þá sérstöðu að einangrunarvistun í gæsluvarðhaldi virðist beitt í mun meiri mæli en nauðsynlegt hefur þótt í öðrum ríkjum Vestur-Evrópu.¹⁷⁷ Í þessum kafla er að finna umfjöllun um skilyrði einangrunarvistunar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Löggjöfin er nokkuð ólík innbyrðis en áhersla verður lögð á danskan rétt, enda er hann helsta fyrirmyndin við íslenska lagasetningu. Þá er dönsk löggjöf og framkvæmd helst til eftirbreytni í þessum málaflokki. Að endingu verður efni kaflans dregið saman og stuttur samanburður gerður við íslenska löggjöf.

6.2 Danskur réttur

6.2.1 Inngangur

Reglur um einangrunarvistun hafa verið meðal þeirra umtöluðustu í dönsku sakamálaréttarfari um árabil.¹⁷⁸ Líkt og fram kemur í kafla 5.2.2 hafði beiting einangrunar í Danmörku löngum verið tilefni gagnrýni alþjóðlegra eftirlitsnefnda, þar á meðal CPT-nefndarinnar.¹⁷⁹ Í kjölfar umbrotatíma í viðurlagapólitík á 8. og 9. áratugnum mynduðust miklar umræður um einangrunarvistun í Danmörku.¹⁸⁰ Samkvæmt álitni refsiréttarnefndar frá árinu 1983 var einangrun beitt í meiri mæli og í lengri tíma í senn en nauðsynlegt var. Enn fremur voru verklagsreglur við beitingu einangrunar ófullnægjandi að mati gagnrýnenda.¹⁸¹

Niðurstaða umræðunnar var í stuttu máli sú að einangrunarvistun væri ekki einungis talin stríða gegn grundvallarmannréttindum, heldur kynni hún að hafa alvarlegar afleiðingar á andlegt heilbrigði þeirra manna sem henni þyrftu að sæta. Síðarnefndu ábendingarnar voru ekki síst hafðar í frammi af læknum og sálfræðingum. Af hálfu lögfræðinga var hins vegar bent á að einangrunarvistun verkaði í reynd eins og þrýstingur, til að knýja sakborninga til

¹⁷⁷ Johs. Andenæs: *Norsk straffeprosess*, bls. 300.

¹⁷⁸ Lars Lindencrone Petersen og Erik Werlauff: *Dansk retspleje*, bls. 713.

¹⁷⁹ *Report to the Government of Denmark on the visit to Denmark carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 28 January to 4 February 2002*, CPT/Inf (2002) 18, dags. 25. september 2002, 37.-38. mgr. og *Conclusions and Recommendations of the Committee against Torture: Denmark*, CAT/C/DNK/CO/5, 16 júlí 2007, 14. mgr.

¹⁸⁰ Sjá t.d. Eva Smith o.fl.: *Straffeprosessen*, bls. 563-564 og *Betækning om isolation af varetægtsarrestanter nr. 975/1983*, bls. 26-29.

¹⁸¹ *Betækning om isolation af varetægtsarrestanter nr. 975/1983*, bls. 27.

játningar. Því var jafnframt haldið fram að einangrunarvistun tryggði ekki endilega að komið væri í veg fyrir samskipti sakborninga við meðákærðu eða vitni.¹⁸²

Lindercrone og Werlauff taka sérstaklega fram í riti sínu, *Dansk retspleje*, að gæsluvarðhaldi skuli aldrei beitt í því augnamiði að fá sakborning til að játa á sig sök. Á því sé hins vegar enginn vafi að gæsluvarðhald - einkum einangrunarvistun - hafi einatt þau áhrif á sakborning að hann verði meyrari og játi frekar á sig brot. Sá sem ekki hefur setið í einangrun geti varla gert sér í hugarlund hversu miklu sálrænu álagi það getur valdið. Sakborningur sé einnig meðvitaður um það að játning hans sé til þess fallin að binda enda á einangrunina.¹⁸³

Framkvæmdin í Danmörku hefur tekið allmiklum breytingum frá 8. og 9. áratug síðustu aldar. Til að varpa ljósi á það má nefna að árið 1997 sættu 1096 fangar einangrunarvistun, þ.e. 16% allra fanga. Fjöldi einangrunarfanga var hins vegar í sögulegu lágmarki árið 2013, aðeins 55 fangar eða 1%. Á árunum 1991-1997 var gerð dönsk rannsókn á skaðlegum áhrifum einangrunarvistunar. Þrátt fyrir að afleiðingarnar væru ekki eins umfangsmiklar og óttast var, leiddi rannsóknin í ljós fjölda sjúkdómseinkenna af geðrænum toga meðal þeirra sem höfðu sætt einangrun. Í kjölfar rannsóknarinnar voru skilyrði fyrir einangrunarvistun hert með breytingarlögum sem tóku gildi árið 2001.¹⁸⁴ Það stuðlaði ekki síður að þessum breytingum að á svipuðum tíma féll dómur í Hæstarétti Danmerkur í máli Peter Rohde.¹⁸⁵ Líkt og greinir í kafla 4.4.5 varð það niðurstaða Hæstaréttar að tæplega árslöng einangrunarvistun Rohde hefði haft skaðleg áhrif á andlegt heilbrigði hans og voru honum dæmdar 1,1 milljón danskra króna í bætur.

Í fyrstu virtust lagabreytingarnar virka sem skyldi. Frá árinu 1997 til ársins 2004 hafði hlutfall einangrunarfanga lækkað úr 16% niður í 5,2%. Þegar á árinu 2005 tók fjöldi einangrunarfanga hins vegar aftur að aukast. Í kjölfarið voru skilyrðin hert enn frekar með breytingarlögum sem tóku gildi árið 2007.¹⁸⁶

6.2.2 Skilyrði fyrir einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga

Um einangrun gæsluvarðhaldsfanga er fjallað í 70. kafla dönsku réttarfarslaganna (d. Retsplejeloven). Í 770. gr. a. til e. er að finna afar ítarleg ákvæði um skilyrði einangrunar í gæsluvarðhaldi. Með einangrun er hér átt við útilokun frá samfélagi við aðra fanga, en ekki

¹⁸² *Betænkning om isolation af varetægtsarrestanter nr. 975/1983*, bls. 27.

¹⁸³ Lars Lindencrone Petersen og Erik Werlauff: *Dansk retspleje*, bls. 713.

¹⁸⁴ Eva Smith o.fl.: *Straffeprocessen*, bls. 564.

¹⁸⁵ Eva Smith o.fl.: *Straffeprocessen*, bls. 564-565 og *UfR. 2000*, bls. 2385. Sjá einnig umfjöllun um mál *Rohde gegn Danmörku* í kafla 4.4.5.

¹⁸⁶ Eva Smith o.fl.: *Straffeprocessen*, bls. 565.

algera útilokun frá samfélagi við annað fólk. Tilgangurinn er ekki sá að íþyngja sakborningi frekar en nauðsynlegt er, heldur að tryggja rannsóknarhagsmuni máls.¹⁸⁷

Samkvæmt 770. gr. a. laganna úrskurðar dómstóll um einangrun að beiðni lögreglu, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Lögregla getur þó ákvarðað einangrun að hluta, en með því er átt við útilokun frá samneyti við tiltekna fanga.¹⁸⁸ Til að einangrunarvistun verði beitt á grundvelli 770. gr. a. laganna þarf gæsluvarðhald að vera ákvarðað í samræmi við 1. og 3. tölul. 762. gr. sömu laga, þ.e. það þarf að vera nauðsynlegt til að hindra sakborning frá því að komast undan saksókn eða fullnustu eða til að koma í veg fyrir að hann torveldi rannsókn máls, s.s. með því að fjarlægja ummerki eða hafa áhrif á aðra sakborninga eða vitni. Önnur forsenda fyrir einangrunarvistun er sú að gæsluvarðhald teljist ekki nægilegt til að koma í veg fyrir að sakborningur torveldi rannsókn máls eða hafi áhrif á vitnisburði meðákærðu eða annarra, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar Danmerkur, *UfR. 1985, bls. 124*. Málið varðaði fjóra sakborninga sem voru ákærðir fyrir hlutdeild í manndrápi. Meintur aðalmaður í málinu gekk enn laus og var eftirlýstur af lögreglunni, sem viðhélt algjerri einangrun meðákærðu. Dómstóllinn féllst á kröfu um einangrun þar sem talið var að meðákærðu gætu náð til aðalmannsins gegnum milliliði og gert ráðstafanir sín á milli eða haft áhrif á vitni.

Í 1. tölul. 770. gr. b. er lögfest meðalhófsregla í tengslum við málsmeðferð vegna einangrunarvistunar. Þar segir nánar tiltekið að einangrun skuli aðeins beitt ef markmiðinu sem að er stefnt verður ekki náð með minna íþyngjandi hætti, s.s. með aðskilnaði frá ákveðnum föngum, tilfærslu í annað fangelsi, bréfaskoðun eða heimsóknarbanni, sbr. t.d. dóm Eystri landsréttar¹⁸⁹, *UfR. 2004, bls. 968*. Í málinu felldi Eystri landsréttur úr gildi úrskurð héraðsdóms um einangrun. Taldi dómurinn úrskurðinn ekki uppfylla skilyrði um nauðsynlegan rökstuðning, enda hefði hann ekki haft að geyma upplýsingar um hvers vegna minna íþyngjandi úrræði gætu ekki tryggt rannsóknarhagsmuni málsins.

Í 2. tölul. 770. gr. b. er sérstaklega tekið fram að einangrun skuli ekki beitt ef það er fyrirséð að hún geti haft slæm áhrif á brotþola vegna tiltekinna eiginleika hans, s.s. ungs aldurs eða líkamlegs eða andlegs ástands, enda séu rannsóknarhagsmunir í málinu léttvægir í samanburði við hagsmuni sakbornings. Persónulegir hagir, sem geta haft áhrif á ákvörðun um einangrunarvistun, eru ekki tæmandi taldir í greininni. Sé sakborningur til dæmis útlendingur getur einangrunarvistun verið sérstaklega íþyngjandi, enda geti hann ekki átt samskipti við

¹⁸⁷ *Karnovs lovsamling*, bls. 5398 og Eva Smith o.fl.: *Straffeprocessen*, bls. 570.

¹⁸⁸ *Karnovs lovsamling*, bls. 5399.

¹⁸⁹ Áfrýjunardómstóll á millidómstigi.

starfsfólk fangelsisins.¹⁹⁰ Í 3. tölul. segir, að endingu, að hraða beri rannsókn svo sem frekast er unnt.

Einangrun skal aðeins beitt gagnvart sakborningi undir 18 ára aldri ef mjög sérstakar aðstæður krefjast þess, sbr. 2. mgr. 770. gr. b. laganna. Með sérstökum aðstæðum er til dæmis átt við rannsókn á stórfelldu fíkniefnabroti eða öðru alvarlegu broti þar sem meðákærðu ganga enn lausir eða hætta er á samráði.¹⁹¹ Ekki verður talið að 770. gr. b., 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu eða 37. gr. c. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna¹⁹² standi í vegi fyrir einangrunarvistun ungmenna undir 18 ára aldri, en hins vegar skal gætt fyllstu varkárni við slíka ráðstöfun, sbr. dóm Hæstaréttar Danmerkur, *UfR. 1999, bls. 1415*.¹⁹³ Að meginreglu skulu börn á aldrinum 15-16 ára ekki vistuð í einangrun. Ungmenni eiga heldur ekki að sæta einangrunarvistun vegna rannsókna sem beinast að öðrum en þeim sjálfum, t.d. í þeim tilvikum þar sem þau hafa þegar játað brot.¹⁹⁴

Í 1.-5. mgr. 770. gr. c. laganna er að finna ítarlegar reglur um lengd einangrunarvistunar. Þær eru til merkis um að afar íþyngjandi ráðstöfunum skal aðeins beita vegna sérlega alvarlegra brota.¹⁹⁵ Í ákvæðinu er kveðið á um hámarkstíma einangrunar í samræmi við alvarleika brots. Ef brot varðar að lögum minna en fjögurra ára fangelsi, skal einangrun ekki vara lengur en tvær vikur samfleytt. Einangrun má ekki vara lengur en fjórar vikur samfleytt ef brotið getur varðað fjögurra ára fangelsi eða meira, en þó ekki sex ára fangelsi. Geti brot varðað sex ára fangelsi eða meira, má einangrun ekki vara lengur en átta vikur samfleytt. Dómstóllinn getur þó heimilað lengri einangrunarvistun án tillits til þess tíma sem sakborningur hefur þegar setið í einangrun, ef brotið er líklegt til að varða að minnsta kosti tveggja ára fangelsi og sérstakar ástæður gera áframhaldandi einangrun nauðsynlega. Einangrun má ekki vara lengur en í sex mánuði samfleytt nema um sé að ræða ásetningsbrot gegn öryggi ríkisins, morð af ásettu ráði eða stórfellt fíkniefnabrot af ásetningi.

¹⁹⁰ *Karnovs lovsamling*, bls. 5399.

¹⁹¹ *Karnovs lovsamling*, bls. 5399.

¹⁹² Í 37. gr. c. Barnasáttmálans segir: „Aðildarríki skulu gæta þess að: [...] Farið sé mannúðlega með hvert það barn sem svipt er frjálrsræði sínu og af virðingu fyrir meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklings á þeim aldri sem um ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er frjálrsræði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn rétt á að halda tengslum við fjölskyldu sína með bréfaskriftum og heimsóknum, nema sérstaklega standi á.“

¹⁹³ Dómur í máli *UfR. 1999, bls. 1415* féll fyrir gildistíma fyrrgreindra breytingarlaga sem hertu skilyrði fyrir beitingu einangrunar. Málið varðaði 15 og 16 ára sakborninga sem landsréttur dæmdi til að sæta einangrunarvistun. Hæstiréttur taldi dönsku réttarfarslögin, 3. Mannréttindasáttmála Evrópu og Barnasáttmálann ekki standa í vegi fyrir einangrunarvistun ungmenna í fangelsum, þar sem fullorðnir dvöldu einnig, en hins vegar bæri að gæta fyllstu varkárni við slíka ráðstöfun. Þar sem dómurinn taldi ráðstöfunina ekki réttlætast af neinum sérstökum kringumstæðum í málinu bæri að vista ungmennin á viðeigandi stofnun í stað fangelsis.

¹⁹⁴ *Karnovs lovsamling*, bls. 5399.

¹⁹⁵ Eva Smith o.fl.: *Straffeprocessen*, bls. 566.

Undantekningin gildir einnig um tilraun og hlutdeild í fyrrgreindum brotum.¹⁹⁶ Sé sakborningur undir 18 ára aldri má einangrun ekki vara lengur en fjórar vikur samfleytt, nema um sé að ræða alvarlegt ásetningsbrot gegn öryggi ríkisins, sbr. 12. og 13. kafla dönsku hegningarlaganna (d. Straffeloven).

Ákvörðun dómstóls um einangrun skal tekin með sérstökum úrskurði sem á að vera aðskilinn frá öðrum úrskurðum, s.s. um gæsluvarðhald. Sé sakborningur úrskurðaður í einangrun verður rökstuðningurinn m.a. að innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði: Þá rannsóknarhagsmuni sem í húfi eru, sönnunargögn sem leiða líkum að mögulegri torveldun á rannsókn máls og að fullnægt sé skilyrðum 770. gr. a. til -c. laganna. Rökstuðningurinn verður enn fremur að vera atviks- og einstaklingsbundinn, sbr. 770. gr. d. laganna. Ekki er fullnægjandi að vísa almennt til atvika málsins eða eðlis glæpsins til að renna stoðum undir grun þess efnis sakborningur reyni að torvelða rannsókn máls,¹⁹⁷ sbr. dóm Eystri landsréttar, *UfR 2002, bls. 1134*. Með dóminum felldi Eystri landsréttur úr gildi úrskurð héraðsdóms um einangrun vegna skorts á rökstuðningi, en í úrskurðinum hafði aðeins verið vísað til þeirra aðstæðna sem leiddu til gæsluvarðhaldsins og mikilvægis einangrunarvistunar vegna rannsóknarhagsmuna málsins.

Í upphafi máls má ekki dæma sakborning til að sæta einangrun lengur en tvær vikur, en sé sakborningur undir 18 ára aldri má aðeins dæma hann til að sæta einangrun í tvær vikur í senn. Beiðni lögreglu um áframhaldandi einangrunarvistun skal vera skrifleg og rökstudd. Leggi lögregla fram beiðni um meira en átta vikna áframhaldandi einangrun, eða meira en fjögurra vikna áframhaldandi einangrun, sé sakborningur undir 18 ára aldri, verður að útvega samþykki ríkissaksóknara fyrir beiðninni. Liggi samþykki hans ekki fyrir verður einangrunarvistun ekki framlengd sem því nemur, sbr. 770. gr. d. laganna. Kærumál vegna einangrunarvistunar skulu alltaf fara fram munnlega ef einangrunin varir lengur en átta vikur, sbr. 770. gr. e.

Ákvörðun um takmarkanir á heimsóknum er tekin af rannsóknaraðila, en dómstóll getur endurskoðað ákvörðunina að kröfu sakbornings. Heimsóknir lögmanns sakbornings verða þó ekki takmarkaðar, sbr. 771. gr. laganna. Í 776. gr. laganna er að finna ákvæði sem hefur einkum þann tilgang að draga úr óþægindum einangrunarvistunar.¹⁹⁸ Ákvæðið kveður á um aukið samneyti einangrunarfanga við starfsfólk, aukinn rétt til heimsókna, sem og sérstakan aðgang að menntun og aukinni þjónustu af hendi presta, lækna og sálfræðinga.

¹⁹⁶ *Karnovs lovsamling*, bls. 5399.

¹⁹⁷ *Karnovs lovsamling*, bls. 5399-5400.

¹⁹⁸ Eva Smith o.fl.: *Straffeprocessen*, bls. 569-570.

Þrátt fyrir ákvæði 776. gr. laganna felur einangrunarvistun jafnan í sér mikla einveru sakbornings og andlega streitu vegna rannsóknar málsins og væntanlegrar dómsmeðferðar. Fyrir flesta sakborninga veldur einangrun því miklu álagi og í sumum tilfellum geðrænum sjúkdómseinkennum. Með ákvæðum dönsku sakamálalaganna er bersýnilega reynt að tryggja að einangrun sé fyrst og fremst beitt til að tryggja rannsóknarhagsmuni í sakamálum, en verði ekki til þess að gengið sé nærri mannréttindum sakborninga, heilsu þeirra og velferð.¹⁹⁹

6.3 Norskur réttur

6.3.1 Inngangur

Í kjölfar gagnrýni alþjóðlegra eftirlitsnefnda og rökræðu um beitingu einangrunar í Noregi,²⁰⁰ var reglum um þvingunarúrræði í gæsluvarðhaldi breytt á árunum 2001 og 2002. Ein mikilvægasta breytingin fólst í því að ákvörðunarvald um einangrunarvistun var fengin dómstólum. Enn fremur var skerpt á kröfu um sérstakan rökstuðning fyrir beitingu þvingunarúrræða og innleiddar voru reglur um hámarkslengd einangrunarvistunar.²⁰¹ Lögumum var einnig breytt árið 2012, einkum að því er varðaði einangrunarvistun barna. Samkvæmt lögumum er nú óheimilt að láta ungmenni undir 18 ára aldri sæta einangrunarvistun í gæsluvarðhaldi, sbr. 1. mgr. 186. gr. a. laganna.

Í ljósi þess að eftirlit með beitingu þvingunarúrræða liggur fyrst og fremst hjá dómssvaldinu, hefur CPT-nefndin beint þeim tilmælum til Noregs að norskir dómstólar framkvæmi nákvæmt mat á nauðsyn slíkra takmarkana, með hliðsjón af öðrum minna íþyngjandi úrræðum. Þarlendur ríkissaksóknari hefur einnig minnt á það að frekari þvingunarráðstöfunum í gæsluvarðhaldi skuli aðeins beitt til að koma í veg fyrir hættu á torveldun rannsókn máls, s.s. spillingu sönnunargagna, en ekki í þeim tilgangi að beita ákærða þrýstingi til að fá hann til að tjá sig.²⁰²

Anders Brosveet hefur bent á að pyndingar feli í sér andlegan eða líkamlegan sársauka sem einatt er valdið vísvitandi í þeim tilgangi að fá sakborning til að veita upplýsingar. Ljóst sé að vistun í einrúmi geti valdið mikilli andlegri vanlíðan og geðrænum vandamálum. Að fá sakborning til að vera samstarfsfús sé að vísu ekki hinn formlegi tilgangur að baki einangrunarvistun í Noregi. En væri hinn *raunverulegi* tilgangur sá, að beita sakborning

¹⁹⁹ Eva Smith o.fl.: *Straffeprocessen*, bls. 570.

²⁰⁰ Sjá t.d. Ståle Eskeland: „Isolasjon og fangers rettssikkerhet“, bls. 23-26 og Anders Brosveet: „Det norske isolasjonssyndromet - hvad bør gjøres?“, bls. 207-208.

²⁰¹ Johs. Andenæs: *Norsk straffeprosess*, bls. 282 og 300.

²⁰² Johs. Andenæs: *Norsk straffeprosess*, bls. 300.

þrýstingi til að fá hann til að tjá sig, þá væru Norðmenn í félagsskap ríkja sem þeir myndu síður vilja bera sig saman við.²⁰³

Hæstiréttur Noregs hefur mælt til þess að beitt sé ströngu eftirliti í málum er varða sakborninga í langvarandi gæsluvarðhaldi og einangrun²⁰⁴, sbr. t.d. *Rt. 1999, bls. 1794*. Málið varðaði sakborning sem hafði sætt langvarandi einangrun í gæsluvarðhaldi. Talið var að rökstuðningi lagmannsréttar²⁰⁵ hefði verið ábótavant í ljósi þeirra skaðlegu áhrifa sem einangrun getur valdið. Enn fremur orkaði langvarandi einangrunarvistun tvímælis með hliðsjón af ákvæðum norskra sakamálalaga um óhóflegt inn grip (nú 184. gr.), 3. Mannréttindasáttmála Evrópu og 7. gr. SBSR um bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð.

6.3.2 Skilyrði fyrir einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga

Um ráðstafanir í gæsluvarðhaldi er fjallað í 14. kafla norskra sakamálalaganna (n. Straffeprosessloven). Í 2. mgr. 186. gr. laganna segir að dómstóll geti úrskurðað um frekari takmarkanir í gæsluvarðhaldi, s.s. heimsóknarbann, bréfaskoðun eða annað eftirlit, til að tryggja rannsóknarhagsmuni máls. Þó skulu bréf og heimsóknir af hálfu opinberra stofnana ekki sæta eftirliti, nema það sé sérstaklega tekið fram í úrskurðinum. Gæsluvarðhaldsföngum undir 18 ára aldri skal þó ávallt heimilað að fá heimsóknir og senda eða taka við bréfum frá fjölskyldu sinni, nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Dómstóll getur einnig úrskurðað um aðgang gæsluvarðhaldsfanga að dagblöðum, hljóðvarpi eða sjónvarpi og bann við samneyti við tiltekna fanga (n. delvis isolasjon). Dómstóllinn getur falið ákærvaldinu að ákvarða hvaða fanga sakborningi er óheimilt að hafa samneyti við. Í 3. mgr. sömu greinar segir að úrskurðurinn skuli innihalda umfjöllun um það hvernig rannsókn málsins geti mögulega verið torvelduð, sæti sakborningur ekki þeim takmörkunum sem krafist er í málinu. Rökstuðningurinn skal tengjast málavöxtum í því máli sem um ræðir. Ekki er fullnægjandi að slá því föstu að ráðstafanirnar séu nauðsynlegar eða vísa á almennan hátt til skilyrða gæsluvarðhalds.²⁰⁶ Þar að auki ber að færa rök fyrir því að ráðstöfunin sem um ræðir sé ekki

²⁰³ Anders Brosveet: „Nye regler om isolasjon ved varetektsfengsling - mer enn bare flytting av kompetanse“, bls. 75.

²⁰⁴ Johs. Andenæs: *Norsk straffeprosess*, bls. 300.

²⁰⁵ Áfrýjunardómstóll á millidómstigi.

²⁰⁶ Sbr. t.d. dóma Hæstaréttar Noregs: *Rt. 2006, bls. 1726*; *Rt. 2007, bls. 767*; *Rt. 2008, bls. 109* og *Rt. 2008, bls. 111*. Málin vörðuðu bréfaskoðun og heimsóknarbann í gæsluvarðhaldi. Að mati Hæstaréttar skorti á rökstuðning fyrir beitingu þvingunarúrræðanna í öllum tilfellum.

óþarflega íþyngjandi í ljósi rannsóknarhagsmuna málsins.²⁰⁷ Hverfa skal frá íþyngjandi ráðstöfun þegar grundvöll brestur fyrir henni, sbr. 4. mgr. 186. gr., sbr. 187. gr. a. laganna.

Í 186. gr. a. laganna er að finna skilyrði fyrir algerri einangrunarvistun í gæsluvarðhaldi (n. fullstendig isolasjon). Ákvæði greinarinnar kveða aðeins á um hámarkslengd samfelldrar einangrunarvistunar. Í 1. mgr. segir að dómstóll geti úrskurðað gæsluvarðhaldsfanga til að sæta einangrunarvistun, þ.e. útilokun frá samveru við aðra fanga. Aðeins má grípa til einangrunarvistunar ef skilyrðum gæsluvarðhalds er fullnægt og ef augljós hættu (n. nærliggende fare) er á því að sakborningur muni spilla gögnum málsins, sé hann ekki látinn sæta einangrun, s.s. með því að hafa áhrif á vitni eða meðákærðu. Sakborningur getur aðeins sætt einangrunarvistun ef rannsóknarhagsmunir eru grundvöllur gæsluvarðhalds, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 171. gr. laganna. Með öðrum orðum má ekki beita einangrun ef gæsluvarðhald eða einangrun að hluta eru nægileg til að koma í veg fyrir torveldun á rannsókn máls.²⁰⁸ Áður máttu ungmenni undir 18 ára aldri einungis sæta einangrun undir sérstökum kringumstæðum, en með tilkomu breytingarlaganna frá árinu 2012 varð það með öllu óheimilt.

Í úrskurðinum skal einangrunarvistun markaður ákveðinn tími. Einangrun skal vara í svo stuttan tíma sem mögulegt er og, að meginreglu, ekki lengur en tvær vikur. Hana má þó framlengja með úrskurði um tvær vikur í senn. Ávallt má úrskurða sakborning til að sæta einangrun í styttri tíma, enda á ákvörðun um tveggja vikna einangrun ekki að eiga sér stað sjálfkrafa vegna hámarksins. Ef eðli rannsóknarinnar eða sérstakar kringumstæður benda til þess að tveggja vikna einangrun muni reynast gagnslaus, má framlengja einangrunina um allt að fjórar vikur í senn, sbr. 1. mgr. 186. gr. a. laganna. Þó má ekki úrskurða sakborning til að sæta svo langri einangrun ef ætla má að hún muni reynast honum of þungbær. Ákvörðun um fjögurra vikna einangrun má heldur ekki taka í fyrsta kasti, heldur aðeins vegna áframhaldandi einangrunar,²⁰⁹ sbr. t.d. dóm Hæstaréttar Noregs, *Rt. 2005, bls. 1242*. Málið varðaði sakborning sem var dæmdur í fjögurra vikna einangrun við upphaf vistunar. Hæstiréttur felldi úrskurðinn úr gildi með þeim rökum að sakborningur gæti aðeins sætt tveggja vikna einangrunarvistun, að hámarki, samkvæmt fyrsta úrskurði.

Sakborningur má ekki sæta samfelldri einangrun í lengri tíma en sex vikur þegar um er að ræða brot sem getur varðað allt að sex ára fangelsi. Varði brotið meira en sex ára fangelsi má sakborningur ekki sæta samfelldri einangrun lengur en 12 vikur. Möguleg refsihækkun vegna

²⁰⁷ *Norsk lovkommentar*, bls. 1361.

²⁰⁸ *Norsk lovkommentar*, bls. 1361.

²⁰⁹ *Norsk lovkommentar*, bls. 1361.

ítrekunar eða brotasamsteypu²¹⁰ kemur ekki til skoðunar í þessu samhengi. Aðeins er heimilt að láta sakborning sæta einangrun lengur en 12 vikur ef sérstakar aðstæður krefjast þess. Þess ber að geta að ákvæði um frávík frá sex vikna frestinum eru undantekningar sem ber að túlka þröngt.²¹¹ Reglur 3. mgr. 186. gr. um rökstuðning gilda einnig um beitingu einangrunarvistar og sömuleiðis reglur 4. mgr. sömu greinar, um að hverfa frá íþyngjandi ráðstöfun þegar grundvöll brestur fyrir henni, sbr. 4. mgr. 186. gr. a. laganna.

6.4 Sænskur réttur

Um handtöku og gæsluvarðhald er fjallað í 24. kafla sænsku réttarfarslaganna (s. Rättegångsbalken). Í kaflanum er fjallað almennt um takmarkanir í gæsluvarðhaldsvist, en ekki er sérstaklega vikið að einangrunarvistun. Í 1., 2. og 3. gr. kaflans er fjallað um skilyrði gæsluvarðhalds, en í 1. gr. kemur meðal annars fram að heimilt sé að láta sakborning sæta gæsluvarðhaldi ef brotið sem um ræðir varðar að minnsta kosti eins árs fangelsi og líkur eru á því að sakborningur muni reyna að 1) forðast saksókn eða refsingu; 2) torvelda rannsókn máls, s.s. með því að eyða sönnunargögnum eða; 3) halda áfram brotastarfsemi. Í 4. gr. segir að gefi aldur, heilsa eða aðrar aðstæður sakbornings tilefni til að óttast að gæsluvarðhald geti valdið honum alvarlegum skaða, skal því aðeins beitt ef augljóst er að fullnægjandi eftirliti verður ekki við komið (s. „[...] får häktning ske endast om det är uppenbart att betryggande övervakning inte kan ordnas.“). Hið sama á við um konu sem hefur alið barn svo skömmu fyrir gæsluvarðhaldsvist að fjarvistin frá móðurinni gæti valdið barninu alvarlegum skaða.

Í lögnum er ekki skýrt nánar hvers konar eftirlit um ræðir. Vilji sakborningur hins vegar ekki sæta eftirliti er þó heimilt að láta gæsluvarðhaldið ganga eftir. Aðeins má láta ungmenni undir 18 ára sæta gæsluvarðhaldsvist ef mjög sérstakar aðstæður krefjast þess, sbr. 2. mgr. 4. gr. réttarfarslaganna, sbr. 23. gr. laga um sérstök úrræði fyrir unga afbrotamenn (s. Lag med särskilda bestämmelser om unga lagöverträdare).

Með heilsu, í 4. gr., er bæði átt við andlega og líkamlega heilsu. Andlega veikir einstaklingar hafa aðrar þarfir en heilbrigðir og skulu almennt ekki dæmdir til fangelsisvistar.²¹² Það ber að hafa í huga við ákvörðun um beitingu gæsluvarðhaldsvistar, sbr. 6. gr. 30. kafla sænskra hegningarlaga (s. Brottsbalk) og dóm Hæstaréttar Svíþjóðar, *NJA 1991, bls. 374*. Í málinu, sem varðaði meinta ólögmæta hótun, var sakborningur látinn sæta

²¹⁰ Með brotasamsteypu er átt við tvö eða fleiri afbrot sama manns sem bæði/öll eru framin áður en dæmt er í nokkru þeirra, sbr. 77.-78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sjá: Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 284 og Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 43.

²¹¹ *Norsk lovkommentar*, bls. 1361.

²¹² *Karnov. Svensk lagsamling med kommentarer*, bls. 3236.

gæsluvarðhaldi vegna hættu á endurteknum brotum. Í ljósi réttarmeinafræðilegrar geðrannsóknar var talið að meint brot hefði verið afleiðing geðrænna veikinda sem sakborningur glímdi við. Á grundvelli 6. gr. 30. kafla sænsku hegningarlaganna taldi dómurinn því breyta skilyrði fyrir beitingu gæsluvarðhalds.

Dómstóll skal úrskurða um gæsluvarðhaldsvist, sbr. 5. gr. 24. kafla laganna. Í úrskurðinum skal tilgreina þau brot sem sakborningur er grunaður um og grundvöll fyrir gæsluvarðhaldinu. Í 1. mgr. 5. gr. a. segir að dómstóll úrskurði um hvers konar takmarkanir á samskiptum fanga við umheiminn um leið og úrskurður um gæsluvarðhald er kveðinn upp. Dómstóllinn úrskurðar um hvort takmarkanir skuli yfir höfuð eiga sér stað, en ákærvaldið ákveður hvaða takmörkunum skuli beita og hvernig þær skuli nánar útfærðar. Heimild til slíkra takmarkana má aðeins veita ef hættu er á því að sakborningur torveldi rannsókn máls eða eyði sönnunargögnum. Standi brýn nauðsyn til getur ákærvaldið þó tekið ákvörðun um takmarkanir í gæsluvarðhaldi án úrskurðar dómstóls. Ákærandi skal þá beiðast úrskurðar samdægurs, í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a., eða í síðasta lagi daginn eftir. Sé slík beiðni lögð fyrir dómstóla ber þeim að halda dómþing um málið innan viku. Ráðstafanirnar falla að sjálfsögðu niður ef dómstóll heimilar þær ekki.

Líkt og greinir í kafla 5.2.4 hefur CPT-nefndin gert verulegar athugasemdir við takmarkanir á réttindum gæsluvarðhaldsfanga í Svíþjóð. Í júní 2013 skipaði þarlendur ríkissaksóknari vinnuhóp til að rannsaka hvernig hægt væri að forðast langtíma einangrunarvistun og minnka takmarkanir á samskiptum gæsluvarðhaldsfanga við umheiminn. Vinnuhópurinn gaf út ítarlega skýrslu í janúar 2014, þar sem bæði voru lagðar til lagabreytingar og breytt framkvæmd af hálfu ákærvaldsins. Í skýrslunni komu meðal annars fram tillögur þess efnis að gæsluvarðhaldsfangar skyldu eiga rétt á að minnsta kosti tveggja klukkustunda félagslegri samveru á dag.²¹³ Síðan skýrslan kom út hefur aðeins ein lagabreyting átt sér stað á 24. kafla réttarfarslaganna, til hagsbóta fyrir sakborning, með breytingarlögum frá árinu 2014. Með lögnum var bætt við 9. gr. a. um rétt sakbornings til að fá upplýsingar um ástæður sem liggja að baki ákvörðun um handtöku eða gæsluvarðhald.

6.5 Samantekt og samanburður við íslenskan rétt

Til að gera samanburð á löggjöf Norðurlandanna er ekki úr vegi að rifja upp skilyrði einangrunar samkvæmt íslenskum lögum. Líkt og greinir í köflum 2.3.5 og 2.6 er stuttlega fjallað um skilyrði einangrunar í þágu rannsóknar sakamáls í 2. mgr. 98. gr. og b-lið 1. mgr.

²¹³ *Häktningstider och restriktioner*, bls. 5-7.

99. gr. sakamálalaga. Samkvæmt 2. mgr. 98. gr. laganna er dómara heimilt að úrskurða sakborning í einangrun ef hún er nauðsynleg vegna rannsóknarhagsmuna málsins eða til að verja aðra fyrir árásum sakbornings, ellegar hann fyrir árásum annarra. Að meginreglu má einangrun ekki standa lengur en fjórar vikur, nema meint brot geti varðað allt að 10 ára fangelsi að lögum.

Miðað við fyrrgreinda umfjöllun hafa ákvæði dönsku sakamálalaganna að geyma ítarlegasta leiðbeiningu til handa dómurum við mat á því hvort heimilt sé að beita einangrunarvistun í einstaka tilfellum. Þar á meðal er gerð krafa um ítarlegan rökstuðning og enn fremur hvað hann skuli innihalda, s.s. upplýsingar um hagi sakbornings og heilsu. Með dönsku lögnum er í reynd lögfest það mat sem á að fara fram af hálfu ákærvalds og dómstóla, í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga á sviði mannréttinda.

Ákvæði norsku sakamálalaganna um einangrunarvistun eru ekki eins ítarleg og þau dönsku, en hafa það þó fram yfir síðarnefndu lögin að einangrun ungmenna undir 18 ára aldri er óheimil. Það vekur athygli að dönsku og norsku lögin heimila einangrun að hluta, sem er vissulega vænlegra úrræði en alger einangrunarvistun. Einnig gera dönsku og norsku lögin einungis ráð fyrir tveggja vikna einangrun í fyrsta kasti, en hér á landi er heimilt að úrskurða sakborning strax í fjögurra vikna einangrun, sbr. 2. mgr. 98. gr. sml. Í Danmörku og á Íslandi úrskurðar dómari aðeins um gæsluvarðhald og einangrun en í Noregi og Svíþjóð úrskurðar dómari um hvers konar takmarkanir í gæsluvarðhaldi, þar á meðal heimsóknarbann, fjölmiðlabann, bréfaskoðun og einangrun. Sænska löggjöfin er nokkuð sér á báti og lítt skyld þeirri dönsku og norsku. Þó eru lögfest nokkur sjónarmið sem horfa ber til við ákvörðun um gæsluvarðhaldsvist. Ekki er minnst sérstaklega á einangrun í sænsku sakamálalögnum heldur einungis fjallað almennt um takmarkanir í gæsluvarðhaldi, sem ekki er markaður ákveðinn hámarkstími í lögnum.

7 Framkvæmd einangrunar í gæsluvarðhaldi á Íslandi

7.1 Inngangur

Skilyrði fyrir einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga hafa þegar verið rakin í 2. kafla. Í þessum kafla verður lýst hinni eiginlegu framkvæmd við einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga á Íslandi, í ljósi upplýsinga frá stofnunum þar að lútandi og álita umboðsmanns Alþingis. Að endingu verða skoðaðir dómur Hæstaréttar um endurskoðun úrskurða og möguleika til að hljóta bætur, hafi einangrun verið ólögmat. Í þessu skyni verða einungis skoðaðir dómur sem kveðnir voru upp í kjölfar þess að dómsvaldið tók við

úrskurðarvaldi um þetta efni, sbr. 2. mgr. 98. gr. og b-lið 1. mgr. 99. gr. sml. Þess ber að geta að Fangelsismálastofnun hefur ekki gefið út ársskýrslur frá árinu 2003 og því er flestar heimildir um þetta efni að finna á vefsíðu stofnunarinnar eða hafðar eftir fulltrúum viðeigandi stofnana.

Úrskurðir dómara um einangrun, sbr. 2. mgr. 98. gr. og b-lið 1. mgr. 99. gr. sakamálalaga, eru hvorki skráðir miðlægt né birtir opinberlega. Af þeim sökum var höfundu ekki unnt að fá aðgang að þeim innan þess tímaramma sem verkefninu var settur. Sú rannsókn verður því að bíða betri tíma. Sem fyrr segir verða dómar Hæstaréttar vegna kærumála um einangrun í gæsluvarðhaldi skoðaðir í kafla 7.4, þó að það sé ekki gert með tæmandi hætti. Kærumál af þessum toga eru nokkuð mörg og skoðun á dómum Hæstaréttar um efnið varpar því ljósi á framkvæmdina.

7.2 Tilhögun einangrunarvistunar

Líkt og fram hefur komið hvílir sú skylda á stjórnvöldum og dómstólum að meta aðstæður og atvik mála þannig að ekki sé hætt á því að maður sæti ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Er það í samræmi við áskilnað 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Tryggja verður að við töku íþyngjandi ákvarðana á borð við einangrun sé lagt fullnægjandi mat á þá andstæðu hagsmuni sem um ræðir, annars vegar hagsmuni af því að upplýsa mál og hins vegar hagsmuni sakbornings.²¹⁴

Í 4. mgr. 3. gr. refsifullnustulaga segir að heimilt sé að vista gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu, þó ekki lengur en fjóra sólarhringa nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er heimilt að vista gæsluvarðhaldsfanga meðal afplánunarfanga, sé einangrun ekki nauðsynleg. Þess ber að geta að fræðimenn hafa talið þessa framkvæmd vera skýlaust brot á 2. mgr. 10. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi.²¹⁵ Ljóst er að gæsluvarðhaldsfangar hafa ekki verið sakfelldir fyrir refsiverða háttsemi og því er eðlismunur á réttarstöðu þeirra annars vegar og afplánunarfanga hins vegar.²¹⁶ Rökin með því að vista gæsluvarðhaldsfanga meðal afplánunarfanga hafa verið þau að þannig gefist þeim kostur á að umgangast fleira fólk og sinna jafnframt vinnu og námi, teljist einangrun ekki nauðsynleg.²¹⁷ Sérstakt gæsluvarðhaldsfangelsi væri ekki heppilegur kostur hér á landi vegna fæðar fanganna, erfitt yrði að veita fullnægjandi þjónustu og aukin

²¹⁴ Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar“, bls. 657.

²¹⁵ Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*, bls. 300.

²¹⁶ Vefsíða Fangelsismálastofnunar: <http://www.fangelsi.is/gaelsluvardhald/>.

²¹⁷ *Skipulag og úrræði í fangelsismálum*, bls. 23.

hætta væri á félagslegri einangrun.²¹⁸ Hér athugast þó að sjónarmið um hættu á félagslegri einangrun er ef til vill ekki réttmætt með hliðsjón af því að þorri gæsluvarðhaldsfanga sætir einangrun, í það minnsta við upphaf vistunar.

Meirihluti gæsluvarðhaldsfanga er vistaður í fangelsinu á Litla-Hrauni við Eyrarbakka, bæði þeir sem sæta einangrun og lausagæslu.²¹⁹ Með lausagæslu er átt við vistun án frekari takmarkana, s.s. heimsóknarbanns, símhlustunar, fjölmiðlabanns eða einangrunar.²²⁰ Vistun gæsluvarðhaldsfanga fjarri höfuðborginni hefur leitt til mikils kostnaðar vegna flutninga til og frá fangelsinu, sem og óhagræðis fyrir aðstandendur, lögmennt og rannsóknaraðila.²²¹

Fangelsið á Litla-Hrauni hefur verið nýtt sem gæsluvarðhaldsfangelsi frá árinu 1996. Gæsluvarðhaldsfangar hafa einkum verið vistaðir í einangrunardeild fangelsisins, sem tekin var í notkun árið 1980.²²² Ljóst er að einangrunardeildin á Litla-Hrauni er komin til ára sinna og þarfnast endurbóta. Með tilkomu nýs fangelsis á Hólmsheiði stendur þetta þó til bóta, en gæsluvarðhaldsfangar sem sæta einangrun munu framvegis vistaðir þar.²²³ Fyrirhugað er að taka hið nýja fangelsi í notkun á þessu ári, 2015.²²⁴

Líkt og greinir í kafla 2.6 er meginreglan sú að gæsluvarðhaldsfangar eiga rétt til heimsókna, notkunar síma eða annarra fjarskiptatækja, bréfaskipta, lesturs dagblaða og bóka og aðgangs að hljóð- og sjónvarpi, sbr. c- til e-lið 1. mgr. 99. gr. sml., þó að þeim sem rannsókn stýrir sé heimilt að takmarka þau réttindi í þágu rannsóknar. Gæsluvarðhaldsföngum sem sæta einangrunarvistun vegna rannsóknarhagsmuna er hins vegar yfirleitt meinað að fá heimsóknir frá öðrum en lækni, presti og umboðsmanni Alþingis, eftir atvikum. Þeir fá sjaldnast að lesa dagblöð, fylgjast með útvarpi eða sjónvarpi eða stunda bréfaskipti. Sem fyrr segir er þetta ákvörðunarvald í höndum rannsóknaraðila, þó að forstöðumaður fangelsis geti í sumum tilvikum bannað ákveðnum mönnum að heimsækja fanga að tilteknum skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. mgr. 33. refsifullnustulaga.²²⁵

Í III. kafla refsifullnustulaga er fjallað um réttindi og skyldur fanga. Í 39. gr. laganna segir að fangar eigi rétt á útveru og iðkun tómtunda, líkamsræktar og íþróttar í það minnsta í eina

²¹⁸ *Written replies by the Government of Iceland to the list of issues (CAT/C/ISL/3) to be taken up in connection with the consideration of the third periodic report of ICELAND (CAT/C/ISL/3)*, CAT/C/ISL/Q/3/Add. 1, dags. 17. apríl 2008, svar við spurningu nr. 2.

²¹⁹ Vefsíða Fangelsismálastofnunar: <http://www.fangelsi.is/fullnusta-refsidoma/oskilordsbundid/afplanun-i-fangelsi/>.

²²⁰ Vefsíða Fangelsismálastofnunar: <http://www.fangelsi.is/gaelsluvardhald/lausagaesla/>.

²²¹ *Skipulag og úrræði í fangelsismálum*, bls. 23.

²²² Vefsíða Fangelsismálastofnunar: <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid-litla-hrauni/>.

²²³ Erla Kristín Árnadóttir, lögfræðingur og staðgengill forstjóra Fangelsismálastofnunar: *Refsivist eða betrun - hugleiðingar um aðbúnað í íslenskum fangelsum*, fyrirlestur 6. mars 2015.

²²⁴ *Skýrsla um eftirfylgni: Skipulag og úrræði í fangelsismálum*, bls. 11.

²²⁵ Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 68-69.

og hálf klukkustund á dag, nema það sé ósamrýmanlegt reglu og öryggi í fangelsinu. Í 2. mgr. 77. gr. sömu laga segir að ákvæði II., III. og IV. kafla gildi, eftir því sem við getur átt, einnig um gæsluvarðhaldsfanga, svo fremi sem annað leiði ekki af takmörkunum sem þeim er gert að sæta á grundvelli sakamála.

Gæsluvarðhaldsfangar sem sæta einangrunarvistun á Litla-Hrauni fá að hreyfa sig í lokuðu rými í eina og hálf klukkustund á dag, í það minnsta.²²⁶ Evrópunefndin um varnir gegn pyndingum, eða CPT-nefndin, hefur beint þeim tilmælum til íslenska ríkisins að æfingaaðstaða einangrunarfanga á Litla-Hrauni sé óviðunandi og hana þurfi að laga.²²⁷ Líkt og áður greinir stendur almenn aðstaða fyrir einangrunarfanga til bóta með tilkomu nýs fangelsis á Hólmsheiði.²²⁸

Í VI. kafla refsifullnustulaga er fjallað um agabrot fanga, agaviðurlög og fleira. Í 57. gr. laganna eru tæmandi talin agaviðurlög og skilyrði þeirra. Samkvæmt 1. másl. 60. gr. refsifullnustulaga skal kalla til lækni til að skoða fanga þegar einangrun eða aðskilnaði er beitt á grundvelli 57. eða 58. gr. laganna, eða sé hann settur í öryggisklefa á grundvelli 59. gr. laganna. Samkvæmt 2. másl. 60. gr. sömu laga skal læknir skoða fanga í einangrun eða öryggisklefa daglega, ef unnt er. Í 1. mgr. 77. gr. laganna segir að ákvæði V. og VI. kafla gildi einnig um gæsluvarðhaldsfanga. Þetta er í samræmi við 2. og 3. mgr. 43. gr. evrópsku fangelsisreglnanna.

Af þessu verður ráðið að áður en gæsluvarðhalds- eða afplánunarfangi er vistaður í einangrun skal læknir meta ástand hans við upphaf vistunar og þar að auki daglega, ef unnt er. Samningur er í gildi milli Fangelsismálastofnunar og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands um heilbrigðisþjónustu á Litla-Hrauni.²²⁹ Að sögn forstöðumanns fangelsisins á Litla-Hrauni er ávallt haft samband við lækni við upphaf vistunar í gæsluvarðhaldi. Hins vegar kjósa sumir að fá ekki læknisskoðun og eru slíkar óskir virtar.²³⁰ Samkvæmt yfirlækni heilsugæslunnar á Selfossi er heilbrigðiseftirliti með einangrunar- og gæsluvarðhaldsföngum hagað á eftirfarandi hátt:

Þegar fangi fer í einangrun eða gæsluvarðhald þá hefur fangelsið samband við lækni/heilbrigðisteymi og biður um skoðun eða mat. Yfirlæknir gerist þetta sama dag og þessi einangrun eða gæsluvarðhald hefst. Nú er það þannig að venjulegir afplánunarfangar fá ekki

²²⁶ Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*, bls. 69.

²²⁷ *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 24 September 2012*, CPT/Inf (2013) 37, dags. 5. desember 2013, 61. mgr.

²²⁸ Erla Kristín Árnadóttir, lögfræðingur og staðgengill forstjóra Fangelsismálastofnunar: *Refsivist eða betrun - hugleiðingar um aðbúnað í íslenskum fangelsum*, fyrirlestur 6. mars 2015.

²²⁹ *Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013 (drög)*, 39. mgr.

²³⁰ Tölvupóstur frá Margréti Frimannsdóttur, forstöðumanni Fangelsisins Litla-Hrauni, dags. 24. febrúar 2015.

daglega lækni skoðun, lækni er á Litla Hrauni með móttöku 6 daga mánaðarins, en alla aðra daga eru á staðnum hjúkrunarfræðingar og/eða sálfræðingar en þessar þrjár fagstéttir skipa heilbrigðisteymið. Í sumum tilvikum er það sálfræðingur eða hjúkrunarfræðingur sem metur gæsluvarðhaldsfangann/einangrunarfangann, lækni kemur ekki daglega beint að því. Allir fangar hafa aðgang að einhverjum í heilbrigðisteyminu alla virka daga, um helgar og á kvöldin er það lækni á bráðamóttökunni á Selfossi sem sér um þetta. Þessir aðilar sem skipa heilbrigðisteymið tala sín á milli og gera viðeigandi ráðstafanir ef ástæða er til.²³¹

Í skýrslu sinni frá árinu 2013 gagnrýndi CPT-nefndin að viðvera lækna og hjúkrunarfræðinga á Litla-Hrauni hefði minnkað á síðustu árum. Heimilislækni á Litla Hrauni, sem nefndin ræddi við, sagði upphafsskoðun ekki fara fram á kerfisbundinn hátt og að einangrunarfangar fengju ekki reglubundnar heimsóknir frá læknum eða hjúkrunarfólki.²³²

Að mati CPT-nefndarinnar skal heilbrigðisstarfsfólk ávallt látið vita þegar fangi er vistaður í einangrun og upphafsskoðun skal fara fram samstundis. Þaðan í frá skal heilbrigðisstarfsfólk heimsækja einangrunarfanga reglulega, í það minnsta daglega, og veita honum nauðsynlega aðstoð og þjónustu. Þar að auki ber heilbrigðisstarfsfólki að láta forstöðumann fangelsis vita þegar heilsu fanga er stefnt í hættu með einangrunarvistun.²³³ Í eldri skýrslum hefur CPT-nefndin gagnrýnt að geðheilbrigðisþjónustu sé verulega ábótavant og hefur hún mælt eindregið til þess að fangar með geðræn vandamál séu vistaðir á viðeigandi stofnunum. Einnig þurfi þeir sem starfa með föngum að þekkja leiðbeiningarreglur er varða umönnun manna í sjálfsvígshættu.²³⁴

Umboðsmaður Alþingis hefur einnig gert athugasemdir við heilbrigðisþjónustu fanga á Litla-Hrauni. Telur hann skorta á að heilbrigðisstarfsfólk hafi fullnægjandi aðgang að heilbrigðisupplýsingum um fanga en Fangelsismálastofnun ber við tregðu af hálfu heilbrigðisyfirvalda um að veita aðgang að sjúkraskrá þeirra. Umboðsmaður hefur jafnframt gagnrýnt að skyldubundin lækni skoðun fari ekki alltaf fram við upphaf afplánunar heldur á þeim dögum sem lækni hafa viðveru.²³⁵

²³¹ Tölvupóstur frá Arnari Þór Guðmundssyni, yfirlækni heilsugæslunnar á Selfossi, dags. 24. febrúar 2015.

²³² *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 24 September 2012*, CPT/Inf (2013) 37, dags. 5. desember 2013, 64. mgr.

²³³ *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 24 September 2012*, CPT/Inf (2013) 37, dags. 5. desember 2013, 64. mgr.

²³⁴ *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 3 to 10 June 2004*, CPT/Inf (2006) 3, dags. 26. janúar 2006, 53.-55. mgr. og *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 29 March to 6 April 1998*, CPT/Inf (99) 1, dags. 16. febrúar 1999, 87.-89. mgr.

²³⁵ *Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013 (drög)*, 41. og 52. mgr.

Geðheilbrigðisþjónusta fyrir fanga er það sem einna helst skortir á, að mati umboðsmanns. Í skýrslu hans vegna heimsóknar á Litla-Hraun í maí 2013, segir að geðlæknir hafi þar fasta viðveru tvisvar í mánuði. Tveir hjúkrunarfræðingar sinna þjónustu í fangelsinu og er annar þeirra geðhjúkrunarfræðingur. Sálfræðingar Fangelsismálastofnunar veita sálfræðiþjónustu tvisvar í viku, en starfa hins vegar ekki á bakvöktum. Að sögn fangelsisýfirvalda eru fangar í sjálfsvígshættu færðir í myndavélaklefa til að hægt sé að fylgjast með þeim. Reynt er að ræða við þá og kalla til geðlækni.²³⁶ Í fyrrgreindum samningi um heilbrigðisþjónustu við fanga á Litla-Hrauni segir að Heilbrigðisstofnun Suðurlands beri ábyrgð á því að fangar fái nauðsynlega og sérhæfða lækniþjónustu, þar með talið geðheilbrigðisþjónustu, í samræmi við tillögur lækna stofnunarinnar.²³⁷

Andlega veikir gæsluvarðhalds- og afplánunarfangar hafa verið vistaðir í einangrun á Litla-Hrauni.²³⁸ Líkt og áður er rakið er það í höndum dómara að meta hæfi einstaklinga til að sæta einangrun þegar hennar er krafist af hálfu rannsóknaraðila. Séu skilyrði gæsluvarðhalds uppfyllt er dómara heimilt að mæla fyrir um vistun gæsluvarðhaldsfanga á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun, sbr. 1. mgr. 100. gr. sakamálalaga. Í dæmaskyni má nefna dóm Hæstaréttar, *Hrd. 2006, bls. 1634 (179/2006)*:

Hrd. 2006, bls. 1634 (179/2006): Kærður var úrskurður héraðsdóms um áframhaldandi gæsluvarðhaldsvist sakborningsins X. Atvik máls voru þau að X hafði stungið föður sinn, A, í bakið, meðan X var í helgarleyfi frá geðsjúkrahúsi. Samkvæmt geðrannsókn sem lá fyrir í málinu var X haldinn alvarlegum geðsjúkdómi. Hæstiréttur féllst á það með ákærvaldinu að skilyrði gæsluvarðhalds væru uppfyllt, en hins vegar skyldi X sæta vistun á viðeigandi stofnun í stað gæsluvarðhalds í fangelsi, sbr. þágildandi 110. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð sakamála.

Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga er heimilt að vista sakborninga með geðræn vandamál á þar til gerðum stofnunum og í 2. mgr. 12. gr. refsifullnustulaga segir að fangi sem er lagður inn á sjúkrahús teljist taka út refsingu meðan hann dvelst þar. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. síðargreindu laganna getur Fangelsismálastofnun heimilað vistun á heilbrigðisstofnun tímabundið eða allan refsitímann.

Að mati fangelsisýfirvalda má rekja vandamál tengd geðheilbrigðisþjónustu við fanga að einhverju leyti til þess að fulltrúar innan stjórnarsýslunnar eru ósammála um hver beri ábyrgð á því að veita hana, hvers konar þjónustu eigi að veita og hvernig skuli greitt fyrir hana. Forstöðumaður geðsviðs Landspítala hefur lýst því yfir í fjölmiðlum að það sé óeðlilegt og í

²³⁶ Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013 (drög), 47. mgr.

²³⁷ Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013 (drög), 48.-50. mgr.

²³⁸ Tölvupóstur frá Erlu Kristínu Árnadóttur, lögfræðingi og staðgengli forstjóra Fangelsismálastofnunar, dags. 10. mars 2015 og Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013 (drög), 48. mgr.

ósamræmi við lög að fangar fái að afplána dóma á sjúkrastofnunum. Slíkar yfirlýsingar ganga þvert á áðurgreind lagaákvæði 2. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 15. gr. refsifullnustulaga, einkum meðan ekki er fyrir hendi sérhæfð stofnun fyrir sakhæfa afbrotamenn með geðræn vandamál, sbr. 2. mgr. 16. gr. hgl. Að mati umboðsmanns kann vistun geðsjúks manns í afplánunarfangelsi að ganga nærri því að brjóta gegn 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. MSE, einkum ef nauðsynleg lækniþjónusta er ekki tryggð. Telur hann að af fyrrgreindum ákvæðum og dómaframkvæmd MDE leiði að færa beri geðsjúka gæsluvarðhalds- eða afplánunarfanga á sérstaka réttargeðdeild eða, sé henni ekki til að dreifa, á geðdeild á sjúkrahúsi.²³⁹

Börn hafa einnig sætt einangrun í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni.²⁴⁰ Með börnum er hér átt við sakhæfa einstaklinga undir lögræðisaldri, þ.e. 15-17 ára, sbr. 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997, sbr. einnig 14. gr. almennra hegningarlaga. Í a-lið 37. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins segir að ekkert barn skuli látið sæta pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í c-lið sömu greinar segir að halda skuli hverju því barni sem svipt er frjálrsræði aðskildu frá fullorðnum, nema talið sé því fyrir bestu að gera það ekki. Samningurinn hefur nú verið lögfestur með lögum nr. 19/2013 og því er hægt að beita ákvæðum hans fyrir íslenskum dómstólum, sbr. umfjöllun í kafla 4.3. Í 4. mgr. 14. gr. refsifullnustulaga segir enn fremur að fangar undir 18 ára aldri skuli vistaðir á heimili á vegum barnaverndaryfirvalda, nema sérstakar ástæður gefi tilefni til að vista þá í fangelsi, sbr. 4. gr. laga nr. 19/2013.

Börn sem sæta afplánun eða lausagæslu í gæsluvarðhaldi eru vistuð á vegum barnaverndarstofu. Börn sem hafa verið úrskurðuð í einangrun hafa hins vegar verið vistuð á Litla-Hrauni, enda eru þau þá ekki innan um aðra fullorðna fanga. Að mati fangelsis- og barnaverndaryfirvalda telst starfsfólk Litla-Hrauns sérhæft í að sinna einangrunarföngum.²⁴¹ Einangrunarvistun barna vekur upp spurningar í tengslum við 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar, 3. gr. MSE og a-lið 37. gr. Barnasáttmálans um bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð. Hvers konar meðferð eða refsing sem er til þess fallinn að stefna líkamlegri eða andlegri heilsu barna í hættu er óheimil.²⁴² Nefnd Sameinuðu

²³⁹ Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013 (drög), 49.-50. mgr.

²⁴⁰ Tölvupóstur frá Erlu Kristínu Árnadóttur, lögfræðingi og staðgengli forstjóra Fangelsismálastofnunar, dags. 10. mars 2015.

²⁴¹ Tölvupóstur frá Erlu Kristínu Árnadóttur, lögfræðingi og staðgengli forstjóra Fangelsismálastofnunar, dags. 10. mars 2015.

²⁴² Rachel Hodgkin og Peter Newell: *Implementation Handbook for the Convention on the Rights of the Child*, bls. 554.

þjóðanna um réttindi barnsins²⁴³ hefur lýst yfir áhyggjum sínum við yfirvöld ríkja þar sem börn eru látin sæta einangrunarvistun. Í skýrslu sinni um Danmörku frá árinu 2005 hvatti nefndin dönsk yfirvöld til þess að endurskoða þáverandi framkvæmd um einangrunarvistun barna. Takmarka skyldi notkun einangrunarvistunar við alger undantekningartilvik, stytta þann tíma sem börn eru látin sæta einangrun og leita loks afnáms þessa úrræðis í tilfellum barna.²⁴⁴

Fulltrúar fangelsisyfirvalda hafa gengist við því að verulega skorti á heilbrigðisþjónustu í fangelsum landsins, einkum geðheilbrigðisþjónustu, en einungis tveir sálfræðingar eru starfandi á vegum Fangelsismálastofnunar. Þessi vöntun sé ekki sist til komin vegna skorts á fjármagni í þessum málaflokki. Verulega þurfi að auka á viðveru lækna, það þurfi að bæta læknaaðstöðuna og stórbæta geðheilbrigðisþjónustu. Byggi þetta á þeirri meginreglu að fangar eigi að njóta sömu heilbrigðisþjónustu og aðrir þegnar landsins.²⁴⁵

7.3 Álit umboðsmanns Alþingis

Í þessum kafla verða reifuð sjónarmið úr álitum umboðsmanns Alþingis er varða einangrunarvistun fanga. Álitin varpa einkum ljósi á þær kröfur sem gerðar eru til heilbrigðismats og -eftirlits með gæsluvarðhalds- og afplánunarföngum í einangrun. Þó að efni ritgerðarinnar sé einangrun gæsluvarðhaldsfanga á grundvelli 2. mgr. 98. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 99. gr. sakamálalaga, gilda sömu sjónarmið um meðferð og þjónustu við gæsluvarðhalds- og afplánunarfanga í einangrunarvistun, að breyttu breytanda. Því verða einnig reifuð sjónarmið umboðsmanns úr álitum um einangrun vegna agabrota eða vegna öryggisástæðna, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 57. gr. og 58. gr. refsifullnustulaga. Einangrunarfangar sem telja sig hafa verið beitta rangsleitni geta kvartað til umboðsmanns Alþingis á grundvelli 2. mgr. 4. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis, sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga.

Í áliti umboðsmanns, *UA 29. mars 2005 (4192/2004 og 4195/2004)*, kvartaði fanginn A yfir þeirri ákvörðun forstöðumanns fangelsisins á Litla-Hrauni að vista hann í einangrun í 78 klukkustundir. A hafði kvartað yfir því að hann fengi ekki almennilega heilbrigðisþjónustu í fangelsinu og krafðist hann tilfærslu í annað fangelsi. Yrði þessu ekki sinnt sagðist hann myndu taka eigið líf eða annarra. Af atvikum málsins verður ráðið að A hafi verið nokkuð til vandræða í fangelsinu, meðal annars hótaði hann að „stúta“ hjúkrunarfræðingi og sýndi af sér

²⁴³ Committee on the Rights of the Child.

²⁴⁴ *Concluding Observations of the Committee on the Rights of the Child: Denmark, CRC/C/DNK/CO/3*, dags. 23. nóvember 2005, 59. mgr.

²⁴⁵ Erla Kristín Árnadóttir, lögfræðingur og staðgengill forstjóra Fangelsismálastofnunar: *Refsivist eða betrun - hugleiðingar um aðbúnað í íslenskum fangelsum*, fyrirlestur 6. mars 2015 og *Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013 (drög)*, 46. mgr.

ýmiss konar andfélagslega hegðun. Af hálfu fangelsisýfirvalda kom fram að heilbrigðisteymi fangelsisins teldi ekkert því til fyrirstöðu að einangra fangann. A var því látinn sæta einangrun á grundvelli 1. og 2. mgr. 30. gr. þágildandi laga um fangelsi og fangavist. Þar sagði að heimilt væri að einangra fanga frá öðrum föngum þegar það væri nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans væri búin og til að afstýra því að hann beitti aðra fanga yfirgangi. Umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun fangelsisýfirvalda um einangrun A hefði fyrst og fremst byggt á þeim hótunum sem A viðhafði í viðtali við starfsmenn sama dag, án þess að gerður væri reki að því að upplýsa hvort af honum stafaði ógn í skilningi þeirra lagaákvæða sem ákvörðunin var byggð á, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga.

Umboðsmaður lagði áherslu á að undirbúningur svo íþyngjandi ákvörðunar þyrfti að vera fullnægjandi og að framkvæmd einangrunar og tímalengd skyldi vera í samræmi við tilefni hennar. Enn fremur ætti ekki að fara strangar í sakirnar en nauðsyn bæri til, sbr. meðalhöfsreglu 12. gr. ssl. og 3. mgr. 53. gr. sml. Ljóst væri að ákvörðun um einangrunina hefði öðrum þræði verið tekin á grundvelli sjálfsvígshættu, sbr. orðalag forstöðumanns fangelsisins um að „fanginn [skyldi] ekki hafa inni á klefa sínum neitt það sem valdið [gæti] honum sjálfum skaða eða öðrum hættu“. Í ljósi þessa taldi umboðsmaður að fangelsisýfirvöldum hefði borið að grípa til verklagsreglna um aðgerðir starfsmanna fangelsa vegna sjálfsvígshættu fanga o.fl. Af gögnum málsins væri ekki séð að þessum reglum hefði verið fylgt við töku þeirrar ákvörðunar að einangra A, ef frá væri talin ákvörðun forstöðumannsins um að hafa samband við sálfræðing. Ljóst væri að ekki hefði verið leitað eftir sjónarmiði læknis um líkamlegt og andlegt ástand A áður en hann var vistaður í einangrun, til að meta hvort hann þyldi slíka ráðstöfun. Enn fremur hefði enginn læknir rætt við A meðan á einangrunarvistun stóð. Í álitinu segir svo:

Á íslenska ríkinu hvílir skylda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, til að haga fullnustu refsídóma þannig að gætt sé að líkamlegri og andlegri velferð fanga [...]. Þegar maður er vistaður gegn vilja sínum í fangelsi á vegum ríkisins verður almennt að ganga út frá því að stjórnvöld beri meginábyrgð á aðbúnaði fanga með tilliti til heilbrigðis hans og heilbrigðisþjónustu honum til handa [...].

Taldi umboðsmaður takmörkun á aðgangi að heilbrigðisþjónustu kunna að leiða til vanrækslu sem talin væri brjóta í bága við 1. mgr. 68. gr. stj.skr. og 3. gr. MSE, enda hefði það verið staðfest í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.²⁴⁶

²⁴⁶ Sbr. t.d. MDE, *McGlinchey o.fl. gegn Bretlandi*, 29. apríl 2003 (50390/99).

Í álitum umboðsmanns, *UA 28. mars 2003 (3518/2002)* kvartaði fanginn A yfir því að beiðni hans um aðstoð geðlæknis, meðan hann var vistaður í einangrun, hefði ekki verið sinnt. Í kjölfar þess að umboðsmaður aflaði upplýsinga frá fangelsisfyrvöldum kom í ljós að haft var samband við geðlækninn B, vegna beiðni A. B sagðist myndu hafa samband við A símléiðis sama dag en ekkert varð úr því. Gekkst hann við því að mistök hefðu orðið þegar hann brást ekki við beiðni A. Umboðsmaður minnti á skyldu yfirvalda samkvæmt þágildandi lögum, nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, þess efnis að fangar skyldu njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildi, auk sérstakrar heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur segðu til um. Í máli A sagðist umboðsmaður meðal annars hafa í huga þær skyldur sem hvíldu á fyrvöldum að því er varðaði líkamlega og andlega velferð fanga í ljósi 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar, 3. gr. MSE og þágildandi 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna. Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til ráðuneytisins og Fangelsismálastofnunar að gerðar yrðu nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á framfæri við starfsfólk fangelsa og heilbrigðisstofnana upplýsingum um hvaða viðbragða bæri að grípa til þegar beiðnum um læknisaðstoð væri ekki sinnt, eins og raunin hefði verið í máli A.

Álit *UA 27. nóvember 2001 (2805/1999)* varðaði frumkvæðisathugun umboðsmanns um réttarstöðu fanga og meðferð mála hjá fangelsisfyrvöldum. Athugun hans beindist meðal annars að reglum um agaviðurlög í fangelsum, framkvæmd þeirra og lagagrundvelli. Í því samhengi lagði umboðsmaður áherslu á heilbrigðisþjónustu til handa föngum og þá skyldu fangelsisfyrvalda að athuga líkamlegt og andlegt ástand fanga áður en þeim yrði gert að sæta einangrun, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga. Í álitinu sagði nánar tiltekið:

Í ljósi þess sem að framan er rakið tel ég að almennt verði að leggja til grundvallar að ef fangelsisfyrvöld gera ekki reka að því að fá fram sjónarmið læknis um líkamlegt og andlegt ástand fanga áður en honum er gert að sæta einangrun [...] leiði það til þess að meðferð málsins verði ekki talin uppfylla 4. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988 og 10. gr. stjórnarsýslulaga. Þá minni ég á að með því að fanga sé ekki tryggð nauðsynleg læknisþjónusta við vistun hans í fangelsi, og þá einkum þegar honum er gert að sæta einangrun, eigi stjórnvöld á hættu að meðferð slíks máls verði talin brjóta í bága við 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994.

Álit umboðsmanns Alþingis, *UA 7. júlí 2000 (2426/1998)* (sbr. kafla 2.4), varðaði fangann A, sem var vistaður á Litla-Hrauni. A kvartaði meðal annars yfir þeirri ákvörðun framkvæmdastjóra fangelsisins að setja hann í einangrun vegna agabrota. Taldi A andlegu ástandi sínu hafa verið mjög ábótavant á þeim tíma sem ákvörðunin var tekin, en fram kom í málinu að sama dag var komið að A nöktum, við opinn eld á gólfinu. Hafði hann rispað sig til blóðs og kveikt í fötunum sínum. Hann sagði einhverjar raddir vera að ásækja sig, var mjög deyfðarlegur og hafði ekki sofið í tvo sólarhringa.

Í svari dóms- og kirkjumálaráðuneytisins við fyrirspurn umboðsmanns vegna málsins sagði meðal annars:

Jafnan er haft samband við lækni þegar úrskurðað er í einangrun, en ekki er farið fram á sérstakt samþykki hans. [...] Þegar ljóst er að fanginn er í miklu ójafnvægi eða mjög óvenjulegu ástandi, er læknir kvaddur til. Löngum hefur það verið eina úrræði fangelsisins gagnvart andlega vanheilum föngum að einangra þá til þess að koma í veg fyrir að þeir verði sjálfum sér eða öðrum að tjóni, enda hefur þess ávallt verið gætt að sérstakt eftirlit sé haft með þeim. Litið hefur verið svo á, að meðan læknir hreyfir ekki við andmælum við vistun fanga í einangrun, hafi hann samþykkt að fangi þoli slík viðurlög, enda oftast um örfáa daga að ræða.

Í álitinu sagði umboðsmaður að aðeins mætti beita fanga innilokun eða einhverri annarri refsingu sem gæti haft skaðleg áhrif á líkamlega eða andlega heilsu hans ef fangelsislæknir hefði staðfest skriflega, að lokinni skoðun, að fanginn þyldi slík viðurlög, sbr. þágildandi 1. mgr. 38. gr. evrópsku fangelsisreglnanna. Þess ber að geta að samkvæmt núgildandi 43. evrópsku fangelsisreglnanna er skrifleg staðfesting læknis ekki skilyrði fyrir beitingu einangrunar. Hins vegar ber lækni skylda til að tilkynna forstöðumanni fangelsis þegar líkamlegri eða andlegri heilsu fanga er stefnt í hættu með fangelsisvist eða öðrum þvingunarúrræðum, þar á meðal einangrunarvistun, sbr. 3. mgr. 43. gr. reglnanna.

Umboðsmaður taldi rannsókn málsins hafa verið áfátt, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga, enda þyrfti við slíka ákvörðun að meta möguleg skaðleg áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu viðkomandi fanga, sbr. núgildandi 43. gr. evrópsku fangelsisreglnanna. Samkvæmt 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu ætti enn fremur að haga refsifullnustu þannig að gætt væri að andlegri og líkamlegri velferð fanga, enda hefðu Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóll Evrópu litið svo á að skortur á nauðsynlegri læknismeðferð gæti talist brot á 3. gr. MSE.

Að endingu má bæta við álitinu *UA 15. ágúst 2001 (3123/2000)*, sbr. kafla 2.3. Málið varðaði afplánunarfanga sem var settur í fjögurra daga einangrun á grundvelli rannsóknarhagsmuna, vegna gruns um fíkniefnamisferli. Umboðsmaður taldi þágildandi lög um fangelsi og fangavist ekki veita fangelsisyfirvöldum sjálfstæðar heimildir til að tryggja rannsóknarhagsmunum opinbers máls með því að einangra fanga. Áður var ákvörðunin í höndum rannsóknaraðila en skv. núgildandi b-lið 1. mgr. 99. gr. sml. getur aðeins dómari tekið slíka ákvörðun.

Samkvæmt ofangreindum álitum umboðsmanns snúa helstu athugasemdirnar að heilbrigðisþjónustu til handa föngum í einangrun. Fangelsisyfirvöld hafa enn fremur gengist við því að henni sé ábótavant. Umboðsmaður leggur áherslu á að fram fari rannsókn um mat á andlegu og líkamlegu heilbrigði þess sem skal sæta einangrun, sbr. 10. gr. ssl. og enn fremur

að aldrei skuli ganga lengra en þarft er til að ná því markmiði sem að er stefnt. sbr. 12. gr. sömu laga.

7.4 Dómar Hæstaréttar

Úrskurðir dómara um einangrun sæta kæru til Hæstaréttar, sbr. 1-lið 1. mgr. 192. gr. sakamálalaga. Maður sem sætt hefur gæsluvarðhaldi og einangrun getur enn fremur krafist bóta á grundvelli 2. mgr. 228. gr. sakamálalaga, sbr. 1. mgr. sömu greinar. Þó má lækka bætur eða fella þær niður ef sakborningur hefur sjálfur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem gripið var til á grundvelli ákvæða XIV. kafla sakamálalaga, sbr. 2. mgr. 228. gr. sml.

Skoðaðir voru 185 hæstaréttardómar er vörðuðu kærur vegna úrskurða um einangrun í gæsluvarðhaldi á árunum 2009-2015, þ.e. eftir gildistöku sakamálalaga, sbr. töflu sex hér fyrir neðan. Af 185 málum var sjö þeirra vísað frá en með einum dómi var einangrunarvistun markaður skemmri tími.²⁴⁷ Í fjórum málum taldi Hæstiréttur kæranda ekki hafa haft lögvarða hagsmuni í málinu, þar sem einangrun og gæsluvarðhaldi hafði verið aflétt.²⁴⁸ Þremur málum var vísað frá þar sem lagaskilyrði voru ekki uppfyllt skv. 2. mgr. 193. gr. sml.²⁴⁹ Kröfum rannsóknaraðila um einangrun var hafnað í 11 tilvikum. Af þessum 11 tilvikum var kröfu um gæsluvarðhald vísað frá í sex tilvikum, og þar með kröfu um einangrun.²⁵⁰ Einangrunarkrafan var því ekki tekin sérstaklega fyrir. Í fimm tilvikum var krafa um gæsluvarðhald samþykkt en kröfu um einangrun hafnað.²⁵¹

²⁴⁷ *Hrd. 16. janúar 2014 (3/2013)*. Í þessu máli var einangrunarvistun markaður skemmri tími.

²⁴⁸ *Hrd. 15. júlí 2013 (473/2013)*, *Hrd. 15. júlí 2013 (474/2013)*, *Hrd. 15. júlí 2013 (475/2013)* og *Hrd. 6. janúar 2014 (4/2014)*.

²⁴⁹ *Hrd. 25. febrúar 2009 (85/2009)*, *Hrd. 25. febrúar 2009 (86/2009)* og *Hrd. 24. júní 2009 (342/2009)*.

²⁵⁰ *Hrd. 21. janúar 2009 (26/2009)*, *Hrd. 13. maí 2009 (226/2009)*, *Hrd. 23. október 2009 (607/2009)*, *Hrd. 8. október 2012 (640/2012)*, *Hrd. 15. maí 2014 (332/2014)* og *Hrd. 15. ágúst 2014 (541/2014)*.

²⁵¹ *Hrd. 12. júní 2009 (316/2009)*, *Hrd. 17. nóvember 2009 (649/2009)*, *Hrd. 17. nóvember 2009 (651/2009)*, *Hrd. 7. desember 2009 (692/2009)* og *Hrd. 7. desember 2009 (693/2009)*.

Tafla 6²⁵²

Niðurstöður athugunar á 185 hæstaréttardómum á árunum 2009-2015 vegna úrskurða um einangrun í gæsluvarðhaldi	
Málum vísað frá	7
Einangrun markaður skemmri tími	1
Kröfu um gæsluvarðhald og einangrun hafnað	6
Krafa um gæsluvarðhald samþykkt en kröfu um einangrun hafnað	5
Krafa um gæsluvarðhald og einangrun staðfest	166
Samtals:	185

Ljóst er að úrskurðir dómara um gæsluvarðhald og einangrun eru staðfestir í yfirgnæfandi meirihluta tilvika, þ.e. um 90%. Hæstiréttur staðfestir þá yfirleitt á grundvelli forsendna í héraðsdómi, rökstuðningurinn er almennur og aðallega er vikið að lagaskilyrðum á grundvelli sakamálalaga, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar, *Hrd. 22. júlí 2010 (456/2010)* og *Hrd. 8. janúar 2013 (7/2013)*.²⁵³ Í báðum málunum sættu sakborningar einangrun á grundvelli rannsóknarhagsmuna, sbr. b-lið 1. mgr. 99. gr. sml., vegna gruns um fíkniefnabrot. Í báðum tilvikum staðfesti Hæstiréttur dóma héraðsdóms um einangrun og gæsluvarðhald með vísan til forsendna. Rökstuðningur héraðsdóms í málunum er almennur og aðallega er vikið að því hvort skilyrði um rannsóknarhagsmuni séu uppfyllt. Hæstaréttardómarnir eru stutturdir og vísa til forsendna héraðsdóms. Á hvorugu dómstigi er vikið að persónulegum högum sakborninganna, s.s. líkamlegu og andlegu heilbrigði.

Svo virðist sem krafa um einangrunarvistun sé ekki alltaf tekin fyrir sérstaklega, heldur stendur hún gjarnan og fellur með kröfu um gæsluvarðhaldsvist, sbr. t.d. *Hrd. 1. október 2010 (562/2010)*:

Hrd. 1. október 2010 (562/2010): Sakborningurinn X var grunaður um líkamsárás sem varðaði við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. X var látinn sæta gæsluvarðhaldi og einangrunarvistun vegna rannsóknarhagsmuna. Héraðsdómur staðfesti úrskurð um gæsluvarðhald og einangrun en Hæstiréttur var stutturður og staðfesti héraðsdóm með vísan til forsendna. Í héraðsdómi kom fram að rannsókn málsins væri á frumstigi og enn ætti eftir að taka skýrslur af vitnum, m.a. brotþola, sem hafði ekki viljað tjá sig af ótta við hefndaraðgerðir. Því næst segir í héraðsdómi: „Samkvæmt framansögðu má fallast á það með lögreglustjóra að ætla megri að kærði muni torvelda rannsókn málsins haldi hann frelsi sínu óskertu, s.s. með því að hafa áhrif á möguleg vitni, en af því hefur hann augljósa hagsmuni“. Þannig fellst

²⁵² Sótt á vefsíðu Fons Juris, 30. mars 2015: <http://www.fonsjuris.is>.

²⁵³ Sbr. t.d. einnig *Hrd. 31. ágúst 2010 (510/2010)*, *Hrd. 28. október 2011 (580/2011)* og *Hrd. 25. febrúar 2014 (135/2014)*.

héraðsdómur á kröfu um gæsluvarðhald, en ekki var sérstaklega vikið að kröfu um einangrunarvistun fyrr en í úrskurðarorði: „Kærði, X, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 4. október 2010 kl. 16:00. Kærði skal í gæsluvarðhaldinu sæta einangrun skv. b lið 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008“.

Fljótt á litið verður ekki séð að fyrir íslenskum dómstólum fari fram einstaklingsbundið mat á hæfi sakbornings til að sæta einangrun, í samræmi við kröfur 3. gr. MSE sem raktar eru í 3. kafla. Sem fyrr segir virðist aðallega kannað hvort skilyrði sakamálalaga séu uppfyllt. Við mat á þörf einangrunar í gæsluvarðhaldi hefur þó verið höfð hliðsjón af málsmeðferðarreglum stjórnisýsluréttar, s.s. meðalhófsreglunni. Í þessu samhengi má benda á dóma Hæstaréttar, *Hrd. 13. júlí 2010 (441/2010)* og *Hrd. 13. maí 2009 (226/2009)*. Atvik fyrra málsins voru þau að sakborningur í málinu, X, hafði verið látinn sæta einangrun og gæsluvarðhaldi vegna gruns um stórfellt fíkniefnabrot. Hæstiréttur staðfesti kröfu rannsóknaraðila um gæsluvarðhald en stytta hins vegar einangrunina með svofelldum rökum:

Í 2. mgr. 98. gr. laga nr. 88/2008 eru lagðar takmarkanir á heimild til að úrskurða sakborning til þess að sæta einangrun í gæsluvarðhaldi og lagt bann við að einangrun standi samfleytt lengur en í fjórar vikur nema að uppfylltum tilgreindum skilyrðum. Þó að þeim skilyrðum sé í sjálfum sér fullnægt í málinu þykir sóknaraðili ekki hafa fært fram fullnægjandi rök fyrir nauðsyn þess að varnaraðili sæti einangrun allan gæsluvarðhaldstímamann.

Síðarnefndi dómurinn, *Hrd. 13. maí 2009 (226/2009)*, varðaði sakborninginn X, sem var erlendur ferðamaður. X var grunaður um kynferðisbrot og látinn sæta einangrunarvistun á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Að mati Hæstaréttar var einangrunarvistun talin óþörf og talið nægilegt að meina X för frá Íslandi. Var úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi með svofelldum rökum:

Samkvæmt gögnum málsins eins og þau liggja fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili haft nægan tíma til að ljúka rannsókn á þeim þáttum málsins, sem talið verður að varnaraðili geti haft áhrif á, svo sem að samprófa hann við nefndan samferðamann hans. Við þessar aðstæður verður talið rétt að beita heimild í 1. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008 og ákveða að varnaraðila skuli í stað gæsluvarðhalds bönnuð för frá Íslandi þann tíma sem gæsluvarðhaldi var ætlað að gilda samkvæmt hinum kærða úrskurði.

Kröfu um gæsluvarðhald og einangrun var hafnað í sex málum, á þeim grundvelli að skilyrði sakamálalaga þar að lútandi væru ekki uppfyllt. Niðurstöðurnar byggðu ýmist á því að ekki hefði nægilega verið sýnt fram á rökstuddan grun um refsiverðan verknað, sbr. 1. mgr. 95. gr. sml.,²⁵⁴ eða að ekki hefði verið sýnt fram að sakborningur myndi torvelda rannsókn

²⁵⁴ Sbr. t.d. *Hrd. 23. október 2009 (607/2009)* og *Hrd. 8. október 2012 (640/2012)*.

máls, gengi hann laus, sbr. a-lið 1. mgr. 95. gr. sml.²⁵⁵ Í fyrrgreindum dómum var ekki vikið sérstaklega að kröfu um einangrunarvistun, enda gerðist þess ekki þörf þar sem skilyrði gæsluvarðhalds voru ekki uppfyllt, sbr. 1. mgr. 95. gr. sml.

Í fimm dómum Hæstaréttar var kröfu um einangrunarvistun hafnað en fallist á kröfu um gæsluvarðhald. Í *Hrd. 17. nóvember 2009 (649/2009)* og *Hrd. 17. nóvember 2009 (651/2009)* var staðfestur úrskurður héraðsdóms um gæsluvarðhaldsvistun sakborninga. Á hinn bóginn var talið óheimilt að láta þá sæta áframhaldandi einangrunarvistun og var henni því aflétt. Í dómunum, sem voru kveðnir upp 17. nóvember, kom fram að sakborningar hefðu sætt gæsluvarðhaldi og einangrun frá 14. október. Af hálfu Hæstaréttar var bent á að gæsluvarðhaldsfangi gæti aðeins sætt einangrun, lengur en fjórar vikur samfleytt, væri hann grunaður um brot sem gæti varðað 10 ára fangelsi, sbr. 2. mgr. 98. gr. sakamálalaga. Brotin sem sakborningar voru grunaðir um gátu aðeins varðað sex og átta ára fangelsi. Því var ekki talið heimilt að láta þá sæta frekari einangrun. Að öðru leyti voru hinir kærðu úrskurðir staðfestir.

Í *Hrd. 12. júní 2009 (316/2009)* var einnig fallist á kröfu um gæsluvarðhald en kröfu um einangrun var hafnað:

Hrd. 12. júní 2009 (316/2009): Sóknaraðili gerði kröfu um gæsluvarðhald og einangrun sakborningsins X í stórfelldu fikniefnamáli. Sá hafði sætt gæsluvarðhaldi og einangrun frá 21. apríl 2009. Héraðsdómur féllst á kröfu sóknaraðila og úrskurðaði X í gæsluvarðhald og einangrun til 23. júní 2009. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um gæsluvarðhald en felldi úrskurð um einangrun úr gildi. Í dómi meirihluta Hæstaréttar segir svo orðrét: „Varnaraðili hefur sætt einangrun um langa hríð og hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti að enn sé nauðsynlegt að úrskurða varnaraðila til slíkrar vistar. Verður því ekki fallist á þessa kröfu sóknaraðila.“ Einn dómari skilaði sératkvæði og staðfesti úrskurð héraðsdóms.

Í *Hrd. 7. desember 2009 (692/2009)* og *Hrd. 7. desember 2009 (693/2009)* var fallist á kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald en kröfu um einangrun hafnað með svofelldum orðum:

Varnaraðili er einn fimm manna sem nú sæta gæsluvarðhaldi vegna þeirrar rannsóknar sem getur í hinum kærða úrskurði. Er hann annar tveggja sem talinn er liggja undir grun um að hafa framið brot sem að lögum getur varðað[ð] meira en 10 ára fangelsi en slíkt er meðal forsendna fyrir að fallast megi á kröfu sóknaraðila um einangrun varnaraðila í gæsluvarðhaldinu sbr. 2. mgr. 98. gr. laga nr. 88/2008. Hinir sakborningarnir sæta takmörkunum í gæsluvarðhaldi samkvæmt c., d. og f. liðum 1. mgr. 99. gr. laganna. Sóknaraðili hefur ekki fært fram fullnægjandi rök fyrir því að samskonar takmarkanir dugi ekki í máli varnaraðila og nauðsynlegt sé að hann sæti einangrun samkvæmt b. lið sömu lagagreinar. Verður því ákvæði hins kærða úrskurðar um einangrun varnaraðila felld úr gildi en úrskurðurinn að öðru leyti staðfestur með vísan til forsendna.

²⁵⁵ Sbr. t.d. *Hrd. 15. maí 2014 (332/2014)*.

Varnaraðilar í þessum tveimur málum lágu undir grun vegna brota sem gátu varðað meira en 10 ára fangelsi. Aðrir sem sættu gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar sættu einnig heimsóknar-, símtals- og vinnubanni en ekki einangrunarvistun. Hæstiréttur taldi sóknaraðila ekki hafa sýnt fram á að önnur og vægari úrræði en einangrun dygðu ekki til að tryggja rannsóknarhagsmuni í málinu.

Maður sem hefur sætt þvingunarúrræðum á grundvelli IX.-XIV. kafla sakamálalaga getur krafist bóta á grundvelli 2. mgr. 228. gr. laganna, sbr. 1. mgr. sömu greinar, ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann sýknaður. Í dæmaskyni má benda á dóma Hæstaréttar, *Hrd. 8. mars 2012 (492/2011)* og *Hrd. 26. mars 2013 (601/2012)*:

Hrd. 8. mars 2012 (492/2011): R kærði íslenska ríkið vegna einangrunar, gæsluvarðhalds og farbanns sem hún hafði sætt að ósekju vegna rannsóknar á umfangsmiklu fíkniefnamáli. R taldi sig hafa orðið fyrir miska og mannorðsmissi vegna frelsissviptingarinnar og tilhæfulausra sakargifta. Sagðist hún hafa þurft að þola mikla andlega þjáningu meðan hún sat saklaus í gæsluvarðhaldi og einangrun í 42 daga. Íslenska ríkið var sýknað í héraðsdómi en Hæstiréttur taldi gæsluvarðhaldið hafa staðið lengur en efni stóðu til og dæmdi íslenska ríkið til að greiða R 600.000 kr. í miskabætur, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 228. gr. sakamálalaga. Bæturnar voru þó lækkaðar þar sem talið var að R hefði sjálf stuðlað að þeim aðgerðum sem lögregla greip til gagnvart henni, sbr. 2. málsl. 2. mgr. sömu greinar. Ekki var vikið að lögmæti einangrunarinnar sérstaklega, enda var frelsissviptingin yfir höfuð ólögmæt frá þeim tíma sem málið taldist upplýst.

Hrd. 26. mars 2013 (601/2012): S krafði íslenska ríkið, Í, um skaða- og miskabætur vegna fjártjóns og miska sem hann taldi sig hafa orðið fyrir við rannsókn á mansalsmáli og tryggingasvikum. Í var sýknað í héraðsdómi af kröfum S en Hæstiréttur dæmdi Í til að greiða S 400.000 kr. í miskabætur. S sat í gæsluvarðhaldi frá 20. október til 11. nóvember 2009 og sætti einangrunarvistun allan tímann. Þremur árum áður hafði S verið ávísað lyf vegna andlegra veikinda, en við komu í fangelsið var það tekið af honum. Í kjölfarið var S settur á annað lyf sem fór mjög illa í hann. Í bréfi sálfræðings Fangelsismálastofnunar til verjanda S kom fram að líðan hans hefði verið mjög slæm og nauðsynlegt væri að fylgjast vel með honum. Læknir sem þekkti S gaf út vottorð þess efnis að hann hefði verið mjög langt niðri og ólíkur sjálfum sér, en áður hefði hann ávallt verið mjög hress og glaður. Læknirinn sagði S hafa verið óvinnufæran frá árinu 2010 vegna veikinda. Samkvæmt skýrslu annars sálfræðings hafði gæsluvarðhaldið haft afgerandi neikvæð áhrif á líf S og valdið honum verulegri röskun. Taldi sálfræðingurinn að áfrýjandi hefði verið í mun betra andlegu og líkamlegu ástandi hefði hann ekki verið úrskurðaður í einangrun. S taldi sig ekki hafa notið fullnægjandi heilbrigðisþjónustu í fangelsinu, í samræmi við kröfur 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. MSE. Hæstiréttur taldi ósannað að S hefði orðið óvinnufær og því ætti hann ekki rétt til skaðabóta. Hins vegar taldi Hæstiréttur S hafa sætt gæsluvarðhaldi lengur en efni stóðu til og einnig hefði aðbúnaður hans í fangelsinu verið ófullnægjandi að því er varðaði fyrrgreinda lyfjagjöf. Var Í því gert að greiða S 400.000 kr. í miskabætur. Í niðurstöðu Hæstaréttar var ekki vikið sérstaklega að áhrifum einangrunarinnar á S.

Það vekur athygli að í hvorugum dóminum er sérstaklega vikið að einangruninni við ákvörðun bóta. Þrátt fyrir að rannsókn höfundar á dómum Hæstaréttar sé ekki tæmandi,

verður í fljótu bragði ekki séð að dæmdar hafi verið bætur vegna einangrunar eingöngu, líkt og Hæstiréttur Danmerkur gerði í máli Peter Rohde, sbr. umfjöllun í kafla 4.4.5.

7.5 Samantekt

Að lokinni umfjöllun um beitingu einangrunar í gæsluvarðhaldi hér á landi kemur í ljós rauður þráður. Í ljósi ummæla fulltrúa Fangelsismálastofnunar, athugasemda umboðsmanns Alþingis og dóma Hæstaréttar virðist skorta á fullnægjandi heilbrigðisþjónustu til handa föngum. Í dóma Hæstaréttar vantar ítarlegri rökstuðning og einstaklingsbundið mat um áhrif einangrunar á þann sem í hlut á. Helst er vikið að lagagrundvelli fyrir beitingu einangrunar og meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga og 3. mgr. 53. gr. sakamálalaga. Þeir andstæðu hagsmunir sem um ræðir, rannsóknarhagsmunir annars vegar og hagsmunir sakbornings hins vegar, virðast aðeins vegnir á mjög almennan hátt, þ.e. á grundvelli þess að einangrun sé almennt meira íþyngjandi úrræði en gæsluvarðhald. Matið sem fer fram hjá umboðsmanni Alþingis er hins vegar til þess fallið að uppfylla kröfur 3. gr. MSE um að höfð sé hliðsjón af markmiði og tímalengd einangrunar, hversu íþyngjandi hún er og, síðast en ekki síst, þeim áhrifum sem hún hefur á þann sem fyrir verður.

8 Niðurstöður og lokaorð

Beiting þvingunarúrræða í þágu rannsóknar sakamáls er nauðsynleg í ákveðnum tilvikum, sbr. umfjöllun í 2. kafla. Hins vegar eru þvingunarúrræði þess eðlis að þau skerða mannréttindi. Þar af leiðandi ber að fara afar varlega í slíkar ráðstafanir. Einangrunarvistun er þvingunarúrræði sem gengur einna lengst í því að skerða frelsi manna. Af þeim sökum ætti hún að heyra til undantekninga. Enn fremur er einangrun til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu þeirra sem henni sæta. Krafa um einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfangna skal ekki aðeins fullnægja skilyrðum XIV. kafla sakamálalaga, heldur verður hún að byggjast á *raunverulegri* hættu á því að sakborningur geti torveldað rannsókn máls eða valdið öðrum föngum skaða - eða þeir honum. Í flestum tilvikum ætti að vera hægt að tryggja rannsóknarhagsmuni máls með öðrum og vægari úrræðum, s.s. tilfærslu í annað fangelsi. Af hálfu danskra og norskra lögfræðinga hefur því verið haldið fram að einangrun hafi jafnvel verið beitt í þeim tilgangi að valda þrýstingi, til að fá sakborninga til að tjá sig, sbr. umfjöllun í köflum 5.2.1 og 5.3.1. Sé raunin sú, gefur það auga leið að slík sjónarmið eru ólögæt og geta aldrei legið til grundvallar einangrunarvistun.

Í XIV. kafla sakamálalaga er að finna skilyrði fyrir beitingu einangrunar í gæsluvarðhaldi. Stjórnvaldsákvæðanir um beitingu þvingunarúrræða ber að taka í ljósi málsmeðferðarreglna stjórnsýslulaga nr. 37/1993, s.s. meðalhófsreglu 12. gr. laganna. Hins vegar er ljóst að stjórnvöld og dómstólar eru ekki aðeins bundin af ákvæðum sakamála- og stjórnsýslulaga, heldur einnig af ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum á sviði mannréttinda. Þrátt fyrir þær breytingar sem áttu sér stað með sakamálalögum nr. 88/2008 - þar sem ákvörðunarvald um einangrun var fært frá rannsóknaraðila til dómstóla - hefur eftirlitsnefnd um varnir gegn pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð (CPT-nefndin) gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir óhóflega einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga.

Fortakslaust bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð er að finna bæði í 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. MSE. Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur verið innleiddur í landslög og þar með er hægt að beita ákvæðum hans fyrir íslenskum dómstólum. Með 3. gr. MSE er gerð krafa um að fram fari tiltekið mat áður en þvingunarúrræðum á borð við einangrun er beitt gagnvart frelsissviptum einstaklingum. Markmið einangrunarinnar skiptir máli, tímalengdin sem hún spannar og hversu íþyngjandi hún er, s.s. hvort að öðrum þvingunarúrræðum sé beitt samhliða einangruninni. Síðast en ekki síst verður að eiga sér stað mat á þeim áhrifum sem einangrunarvistun kann að valda. Þar getur meðal annars skipt máli aldur, kyn og heilbrigðisástand sakbornings, sem og aðstæður allar í einangrunarvistun, þ.á.m. tækifæri til útivistar.

Við skoðun á tölfræði um beitingu einangrunar í gæsluvarðhaldi kemur í ljós að á Íslandi er einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga meginregla, í það minnsta við upphaf vistunar. Sé íslenska tölfræðin borin saman við tölfræði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð kemur í ljós að hún er vart samanburðarhæf við Danmörku og Noreg en líkist fremur framkvæmdinni í Svíþjóð. Ef til vill er ekki heppilegt að horfa til Svíþjóðar í þessum málaflokki, enda hafa sænsk yfirvöld hlotið mikla gagnrýni af hálfu CPT-nefndarinnar vegna óhóflegra takmarkana á réttindum gæsluvarðhaldsfanga.

Eftir samanburð á norrænni löggjöf telur höfundur að danska sakamálalöggjöfin sé best til þess fallin að tryggja réttindi gæsluvarðhaldsfanga í samræmi við áskilnað 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Ítarleg ákvæði dönsku laganna innihalda ströng skilyrði fyrir einangrunarvistun í gæsluvarðhaldi og gera ríkar kröfur um rökstuðning ákærvalds og dómstóla. Heimild til einangrunarvistunar að hluta og sérstakt tillit til ungra brotamanna er einnig til þess fallið að minnka umfang einangrunarvistunar. Ljóst er að breytingar til

batnaðar hafa ekki gerst af sjálfu sér. Opinber tölfræði frá Danmörku varpar einkum ljósi á þann árangur sem lagabreytingar síðustu ára hafa skilað.

Ekki verður talið að íslensk löggjöf um gæsluvarðhald og einangrun sé beinlínis í andstöðu við 3. gr. MSE, þó að hægt sé að gera mun betur, einkum í ljósi þeirra framfara sem hafa áunnist í Danmörku og Noregi. Hins vegar er framkvæmdinni ábótavant að mörgu leyti. Af álitum umboðsmanns Alþingis og ummælum fulltrúa fangelsisýfirvalda að dæma er skortur á nauðsynlegri og viðeigandi heilbrigðisþjónustu til handa föngum á Íslandi, einkum geðheilbrigðisþjónustu. Hæstaréttarlögmaðurinn Ragnar Aðalsteinsson hefur tekið undir þetta: „Þetta ástand hefur varað árum og áratugum saman og samræmist ekki rétti fangans til heilbrigðisþjónustu eins og honum er áskilinn í til að mynda stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.“²⁵⁶ Með hliðsjón af áskilnaði 3. gr. MSE liggur helsti veikleikinn þarna. Umboðsmaður hefur einnig gagnrýnt að skyldubundin lækni skoðun og daglegar lækniheimsóknir fari ekki alltaf fram í samræmi við ákvæði refsifullnustulaga og evrópskra fangelsireglna. Líkt og rakið var í 2. og 3. kafla er einangrunarvistun til þess fallin að hafa skaðleg og jafnvel varanleg áhrif á þann sem fyrir verður, þó einkum á þá sem eru veikir fyrir. Viðkvæmir einstaklingar, s.s. börn og andlega vanheilir sakborningar, hafa sætt einangrun í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni. Er þetta meðal annars til komið vegna skorts á úrræðum og fjármagni til þessa málaflokks.

Við gildistöku sakamálalaga nr. 88/2008 var dómurum fengið í hendur vald til að ákvarða um einangrunarvistun í gæsluvarðhaldi. Við skoðun á dómaframkvæmd verður ekki séð að dómstólar setji ávallt fram rökstudda umfjöllun um beitingu einangrunar, á einstaklingsbundnum grundvelli. Oft og tíðum er ekki tekin afstaða til einangrunarvistunar sérstaklega, heldur má segja að hún „fylgi með“ kröfu rannsóknaraðila um gæsluvarðhald. Þetta hefur CPT-nefndin gagnrýnt í skýrslu sinni um Svíþjóð, líkt og fram kemur í 5. kafla. Í þeim tilfellum sem ekki hefur verið fallist á kröfu um gæsluvarðhald og einangrun hér á landi, hefur aðallega verið litið til lagaskilyrða samkvæmt XIV. kafla sakamálalaga og meðalhófsreglunnar, sbr. 12. gr. ssl. og 3. mgr. 53. gr. sml.

Bæði dómstólar og fangelsisýfirvöld hafa heimild til að ákvarða vistun gæsluvarðhaldsfanga á sjúkrahúsi, ef andleg eða líkamleg vanheilsa gefur tilefni til þess, sbr. 1. mgr. 100. gr. sakamálalaga og 2. mgr. 15. gr. refsifullnustulaga. Ef marka má umfjöllun í fjölmiðlum hafa fulltrúar heilbrigðisstofnana lýst yfir óánægju með þetta fyrirkomulag. Það verður að teljast óheppilegt í ljósi þess að hér á landi er ekki fyrir hendi sérstök stofnun til að

²⁵⁶ „Brotið á mannréttindum fanga“, <http://www.ruv.is>.

vista andlega vanheila brotamenn, í samræmi við 2. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga. Ljóst er að sömu sjónarmið eiga ekki við um heilbrigða einstaklinga annars vegar og andlega eða líkamlega vanheila fanga eða börn hins vegar. Af þeim sökum þarf matið sem fram fer við ákvörðun um beitingu einangrunar að vera einstaklingsbundið og kerfisbundið. Það þarf að vera einstaklingsbundið að því leyti að tekið sé mið af þörfum hvers og eins, og kerfisbundið að því leyti að ekki séu undanbrögð frá því að matið fari fram.

Það vekur athygli að hlutfall gæsluvarðhaldsfanga í einangrun á Norðurlöndum er í miklu samhengi við það hversu ströngum lagaskilyrðum einangrunarvistunin lýtur. Það vekur upp spurningar um það hvort ekki sé nægilegt að fela dómstólum að úrskurða um einangrun, líkt og gert var hér á landi árið 2009. Ef til vill er vænlegra til árangurs að binda hendur rannsóknaraðila enn frekar með kröfu um ítarlegan rökstuðning vegna beiðna um einangrunarvistun og lögfestingu þeirra sjónarmiða sem dómurum ber að tileinka sér í slíkum málum, sbr. 3. gr. MSE. Ef mat dómara um hæfi einstaklings til að sæta einangrunarvistun fer ekki fram, er verndin samkvæmt samningnum ekki tryggð. Enginn á að þurfa að þola ómannúðlega meðferð. Til að aðildarríki Mannréttindasáttmálans teljist standa við skuldbindingar sínar honum samkvæmt verður verndin að vera tryggð í innlendri löggjöf, stjórnarsýslu og dómsýslu, sbr. umfjöllun í kafla 4.3.1. Þó að segja megi að Mannréttindadómstóll Evrópu sé einskonar varðhundur, sbr. 19. gr. MSE, er það fyrst og fremst hlutverk innlendra dómstóla að dæma um lögmæti aðgerða framkvæmdavaldsins og ganga úr skugga um að efnisleg réttindi sáttmálans séu tryggð.

Tíð einangrunarvistun gæsluvarðhaldsfanga á Íslandi orkar tvímælis. Í ljósi þess sem hér hefur komið fram geta flestir vonandi verið sammála um að mikilvægir hagsmunir felist í því að draga úr notkun einangrunarvistunar - hagsmunir sakborninga og hagsmunir samfélagsins í heild sinni. Eigi breyting að eiga sér stað verður annað tveggja að koma til, strangara mat dómstóla eða ítarlegri lagaákvæði með tilvísun til þeirra atriða sem ber að horfa til við mat á nauðsyn einangrunarvistunar og hæfi sakborninga til að sæta henni. Bæði ákærvaldið og dómstólarnir verða að tileinka sér þau sjónarmið sem lög og alþjóðlegar skuldbindingar áskilja. Með hliðsjón af þeim árangri sem hefur áunnist í Danmörku og Noregi er ljóst að hér er hægt að gera mun betur. Samkvæmt ummælum fulltrúa fangelsisyrvalda er skortur á pólitískum áhuga og fjármagni til málefna fanga hér á landi. Höfundur hefur ekki forsendur til að taka afstöðu til þess en heyrði því einhvern tíma fleygt að hægt sé að dæma velmegun samfélags eftir því hvernig það kemur fram við fangana sína.²⁵⁷

²⁵⁷ Sjá Fred R. Shapiro: *The Yale Book of Quotations*, bls. 210. Upprunaleg heimild: Bók rússneska skáldsins Fyodor Dostoevsky, „The House of the Dead“ frá árinu 1862 í þýðingu Constance Garnett.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Anders Brosveet: „Det norske isolasjonssyndromet - hvad bør gjøres?“. *Kritisk Juss*, 1999, bls. 207-208.

Anders Brosveet: „Nye regler om isolasjon ved varetektsfengsling - mer enn bare flytting av kompetanse“. *Tidsskrift for strafferett*, 1. tbl. 2003, bls. 71-82.

Åklagarmyndighetens årsredovisning. Skrifstofa ríkissaksóknara, Stokkhólmi 2009, 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014.

Bernadette Rainey, Elizabeth Wicks og Clare Ovey: *Jacobs, White & Ovey: The European Convention on Human Rights*. 6. útgáfa. Oxford 2014.

Betænkning om isolation af varetægtsarrestanter nr. 975/1983. Dómsmálaráðuneytið 1983.

Björg Thorarensen: „Áhrif meðalhófsreglu við skýringu stjórnarskrárákvæða“. *Lögberg, rit lagastofnunar Háskóla Íslands*. Ritstj. Viðar Már Matthíasson o.fl. Reykjavík 2003, bls. 51-105.

Björg Thorarensen: „Einkaréttaráhrif Mannréttindasáttmála Evrópu og skyldur ríkja til athafna samkvæmt sáttmálanum“. *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Ritstj. Katrín Jónasdóttir o.fl. Reykjavík 1994, bls. 83-119.

Björg Thorarensen: „Frávik frá stjórnarskrá á grundvelli neyðarréttar“. *Afmælisrit. Páll Sigurðsson sjötugur 16. ágúst 2014*. Ritstj. Eyvindur G. Gunnarsson o.fl. Reykjavík 2014, bls. 75-104.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og einkenni íslenskrar stjórnskipunar*. Reykjavík 2013.

Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson: *Þjóðaréttur*. Reykjavík 2011.

Björn Þórðarson: *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Reykjavík 1926.

„Brasilískur strokufangi vill hæli hér: Íslensk fangelsi eru eins og lúxushótel“, <http://www.pressan.is>, 15. ágúst 2009 (skoðað 7. apríl 2015).

„Brotið á mannréttindum fanga“, <http://www.ruv.is>, 23. maí 2013 (skoðað 30. apríl 2015).

Concluding Observations of the Committee on the Rights of the Child: Denmark, CRC/C/DNK/CO/3, New York 2005.

Conclusions and Recommendations of the Committee against Torture: Denmark, CAT/C/DNK/CO/5. New York 2007.

David Rothman: *The Discovery of the Asylum*. Boston 1971.

Davíð Þór Björgvinsson: *Theoretical and Practical Intersection of International and Domestic Law*. Doktorsritgerð við Háskólann í Strassborg 2013.

Ditlev Tamm: „Torture - Attitudes and Arguments for its Abolition“. *How to eradicate torture*. Peking 2003, bls. 500-506.

Dorte Maria Sestoft o.fl.: „Impact of Solitary Confinement on Hospitalization Among Danish Prisoners in Custody“. *International Journal of Law and Psychiatry*, 21. bindi, 1. tbl. 1998, bls. 99-108.

Einar Arnórsson: *Ágrip af íslenskri stjórnlagafraeði*. Reykjavík 1927.

Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarráðstafanir*. Reykjavík 2012.

„Ekkert sældarlíf í Hegningarhúsinu: Stéttaskipting, klukkutíma útivera og litlir klefar“, <http://www.pressan.is>, 13. febrúar 2015 (skoðað 7. apríl 2015).

Erla Kristín Árnadóttir, lögfræðingur og staðgengill forstjóra Fangelsismálastofnunar: *Refsivist eða betrun - hugleiðingar um aðbúnað í íslenskum fangelsum*. Fyrirlestur á málþingi: „Hvernig má staðfesta að pyndingum sé ekki beitt á Íslandi?“, 6. mars 2015.

Eva Smith o.fl.: *Straffeprocessen*. 2. útgáfa. Kaupmannahöfn 2008.

Fred R. Shapiro: *The Yale Book of Quotations*. Yale 2006.

Gustave de Beaumont og Alexis de Tocqueville: *On the Penitentiary System in the United States, and Its Application in France*. Filadelfía 1833.

Hákningstider och restriktioner. Skrifstofa ríkissaksóknara, Stokkhólmur 2014.

Hemme Battjes: „In Search of a fair balance: The Absolute Character of the Prohibition of *Refoulement* under Article 3 ECHR Reassessed“. *Leiden Journal of International Law*. 22. bindi, 3. tbl., bls. 583-621.

Health in Prisons. A WHO Guide to the Essentials in Prison Health. Svæðisskrifstofa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Kaupmannahöfn 2007.

Ian Brownlie: *Principles of Public International Law*. 7. útgáfa. Oxford 2008.

Javid Rehman: *International Human Rights Law*. 2. útgáfa. Harlow 2010.

Johs. Andenæs: *Norsk straffeprosess*. 4. útgáfa. Osló 2009.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík 1992.

Karnov. Svensk lagsamling med kommentarer. Ritstj. Bergman, Cecilia o.fl. 2. bindi. Stokkhólmur 2012.

Karnovs Lovsamling. Ritstj. Bo von Eyben, Jan Pedersen og Thomas Rørdam. 4. bindi, 26. útgáfa. Kaupmannahöfn 2012.

Kriminalomsorgens årsstatistik. Norske fangelsismálastofnunin, Lillestrøm 2009, 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014.

Lars Lindencrone Petersen og Erik Werlauff: *Dansk retspleje*. 6. útgáfa. Kaupmannahöfn 2014.

Lögfræðiorðabók. Með skýringum. Ritstj. Páll Sigurðsson, Barbara Björnsdóttir og Hulda Guðný Kjartansdóttir. Reykjavík 2008.

Malcolm N. Shaw: *International Law*. 6. útgáfa. Cambridge 2008.

Maureen L. O'Keefe o.fl.: *One Year Longitudinal Study of the Psychological Effects of Administrative Segregation*. Colorado Springs 2010.

Norsk lovkommentar. Ritstj. Peter Lødrup, Knut Kaasen og Steinar Tjomsland. 1. bindi. Osló 2008.

Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*. Reykjavík 1960.

Ólafur Ólafsson: „Óráðlegt er að einangra fanga lengur en 3-4 vikur“. *Læknablaðið*. 7.-8. tbl. 1998, bls. 591.

Peer Lorenzen o.fl.: *Den Europæiske Menneskerettighedskonvention*. Kaupmannahöfn, 2011.

Rachel Hodgkin og Peter Newell: *Implementation Handbook for the Convention on the Rights of the Child*. 3. útgáfa. Genf 2007.

Report to the Danish Government on the visit to Denmark carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 4 to 13 February 2014, CPT/Inf (2014) 25. Strassborg 2014.

Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 24 September 2012, CPT/Inf (2013) 37. Strassborg 2013.

Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 3 to 10 June 2004, CPT/Inf (2006) 3, Strassborg 2006.

Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 29 March to 6 April 1998, CPT/Inf (99) 1. Strassborg 1999.

Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 6 to 12 July 1993, CPT/Inf (94) 8. Strassborg 1994.

Report to the Norwegian Government on the visit to Norway carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 18 to 27 May 2011, CPT/Inf (2011) 33. Strassborg 2011.

Report to the Swedish Government on the visit to Sweden carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT) from 9 to 18 June 2009, CPT/Inf (2009) 34. Strassborg 2009.

Róbert R. Spanó: „Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar“. *Lögberg, rit lagastofnunar Háskóla Íslands*. Ritstj. Viðar Már Matthíasson o.fl. Reykjavík 2003, bls. 635-682.

Róbert R. Spanó: *Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar*. Reykjavík 2012.

Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*. Reykjavík 2007.

Shira E. Gordon: „Solidary Confinement, Public Safety, and Recidivism“. *University of Michigan Journal of Law Reform*. 47. bindi, 2. tbl. 2013, bls. 425-598.

Sigurður Guðmundsson: „Varðandi einangrun gæsluvarðhaldsfanga“. Bréf til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 26. nóvember 1999.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði*. Reykjavík 2007.

Skipulag og úrræði í fangelsismálum. Ríkisendurskoðun, Reykjavík 2010.

Skýrsla starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál til innanríkisráðherra. Reykjavík 2013.

Skýrsla um eftirfylgni: Skipulag og úrræði í fangelsismálum. Ríkisendurskoðun, Reykjavík 2013.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangelsið Litla-Hrauni 3. maí 2013 (drög). Umboðsmaður Alþingis, Reykjavík 2013.

Ståle Eskeland: „Isolasjon og fangers rettssikkerhet“. *Kritisk Juss*, 1983, bls. 23-26.

Stephan Hurwitz: *Den danske Kriminalret, Alm. del*. Kaupmannahöfn 1971.

Statistik om Isolationsfængsling. Dómsmálaráðuneyti Danmerkur, Kaupmannahöfn 2014.

Stijn Smet: „The 'absolute' prohibition of torture and inhuman or degrading treatment in Article 3 ECHR. Truly a question of scope only?“. *Shaping Rights in the ECHR. The Role of the European Court of Human Rights in Determining the Scope of Human Rights*. Ritstj. Eva Brems og Janneke Gerards. Cambridge 2013, bls. 273-293.

Stjórnartíðindi.

Stuart Grassian: „Psychiatric Effects of Solitary Confinement“. *Washington University Journal of Law and Policy*. 22. bindi 2006, bls. 325-383.

Tölvupóstur frá Arnari Þór Guðmundssyni, yfirlækni heilsugæslunnar á Selfossi, dags. 24. febrúar 2015.

Tölvupóstur frá Erlu Kristínu Árnadóttur, lögfræðingi og staðgengli forstjóra Fangelsismálastofnunar, dags. 10. mars 2015.

Tölvupóstur frá Ingeborg Margrethe Svanes, ráðgjafa í norska dóms- og öryggismálaráðuneytinu (n. Det kongelige Justis- og beredskapsdepartementet), um tölfræði norsku fangelsismálastofnunarinnar fyrir árið 2014, dags. 9. mars 2015.

Tölvupóstur frá Margréti Frimannsdóttur, forstöðumanni Fangelsisins Litla-Hrauni, dags. 24. febrúar 2015.

Vefsíða Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, <http://www.cpt.coe.int/icelandic.htm> (skoðað 30. apríl 2015).

Vefsíða Fangelsismálastofnunar: <http://www.fangelsi.is> (skoðað 11. mars 2015).

Vefsíða Fons Juris: <http://www.fonsjuris.is> (sótt 30. mars 2015).

Written replies by the Government of Iceland to the list of issues (CAT/C/ISL/3) to be taken up in connection with the consideration of the third periodic report of ICELAND (CAT/C/ISL/3), CAT/C/ISL/Q/3/Add. 1. Reykjavík 2008.

DÓMA- OG ÁLITASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1975, bls. 601.

Hrd. 1980, bls. 89.

Hrd. 1985, bls. 1290.

Hrd. 1990, bls. 2.

Hrd. 1992, bls. 174.

Hrd. 1996, bls. 27.

Hrd. 1997, bls. 3239.

Hrd. 1999, bls. 3386 (65/1999).

Hrd. 2006, bls. 1634 (179/2006).

Hrd. 18. júní 2008 (331/2008).

Hrd. 22. september 2008 (493/2008).

Hrd. 21. janúar 2009 (26/2009).

Hrd. 25. febrúar 2009 (85/2009).

Hrd. 25. febrúar 2009 (86/2009).

Hrd. 13. maí 2009 (226/2009).

Hrd. 15. maí 2009 (236/2009).

Hrd. 12. júní 2009 (316/2009).

Hrd. 24. júní 2009 (342/2009).

Hrd. 23. október 2009 (607/2009).

Hrd. 17. nóvember 2009 (649/2009).

Hrd. 17. nóvember 2009 (651/2009).

Hrd. 7. desember 2009 (692/2009).

Hrd. 7. desember 2009 (693/2009).

Hrd. 22. júní 2010 (393/2010).

Hrd. 22. júlí 2010 (456/2010).

Hrd. 6. júlí 2010 (430/2010).

Hrd. 13. júlí 2010 (441/2010).

Hrd. 31. ágúst 2010 (510/2010).

Hrd. 1. október 2010 (562/2010).

Hrd. 28. október 2011 (580/2011).

Hrd. 8. mars 2012 (492/2011).

Hrd. 8. október 2012 (640/2012).

Hrd. 8. janúar 2013 (7/2013).

Hrd. 26. mars 2013 (601/2012).

Hrd. 15. júlí 2013 (473/2013).

Hrd. 15. júlí 2013 (474/2013).

Hrd. 15. júlí 2013 (475/2013).

Hrd. 31. október 2013 (201/2013).

Hrd. 6. janúar 2014 (4/2014).

Hrd. 25. febrúar 2014 (135/2014).

Hrd. 15. maí 2014 (332/2014).

Hrd. 15. ágúst 2014 (541/2014).

Danskir dómur:

UfR. 1985, bls. 124.

UfR. 1999, bls. 1415.

UfR. 2000, bls. 2385.

UfR 2002, bls. 1134

UfR. 2004, bls. 968.

Norskir dómur:

Rt. 1999, bls. 1794.

Rt. 2005, bls. 1242.

Rt. 2006, bls. 1726.

Rt. 2007, bls. 767.

Rt. 2008, bls. 109.

Rt. 2008, bls. 111.

Sænskir dómur:

NJA 1991, bls. 374.

Dómur Hæstaréttar Bandaríkjanna:

In Re Medley, 134 U.S. 160 (1890).

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

MDE, Írland gegn Bretlandi, 18. janúar 1978 (5310/71).

MDE, Tyrer gegn Bretlandi, 25. apríl 1978 (5856/72).

MDE, Ensslin, Baader og Raspe gegn Þýskalandi, 8. júlí 1978 (7572/76, 7586/76 og 7587/76).

MDE, Schenk gegn Sviss, 12. júlí 1988 (10862/84).

MDE, Brannigan og McBride gegn Bretlandi, 25. maí 1993 (14554/89).

MDE, Aksoy gegn Tyrklandi, 18. desember 1996 (21987/93).

MDE, Selmouni gegn Frakklandi, 28. júlí 1999 (25803/94).

MDE, Smith and Grady gegn Bretlandi, 27. september 1999 (33985/96 og 33986/96).

MDE, Erdem gegn Þýskalandi, 9. desember 1999 (38321/97).

MDE, V gegn Bretlandi, 16. desember 1999 (24888/94).

MDE, Kudla gegn Póllandi, 26. október 2000 (30210/96).

MDE, Keenan gegn Bretlandi, 3. apríl 2001 (27229/95).

MDE, Peers gegn Grikklandi, 19. apríl 2001 (28524/95).

MDE, Z o.fl. gegn Bretlandi, 10. maí 2001 (29392/95).

MDE, Price gegn Bretlandi, 10. júlí 2001 (33394/96).

MDE, Al-Adsani gegn Englandi, 21. nóvember 2001 (35763/97).

MDE, Mouisel gegn Frakklandi, 14. nóvember 2002 (67263/01).

MDE, Van der Ven gegn Hollandi, 4. febrúar 2003 (50901/99).

MDE, Poltoratskiy gegn Úkraínu 29. apríl 2003 (38812/97).

MDE, McGlinchey o.fl. gegn Bretlandi, 29. apríl 2003 (50390/99).

MDE, Öcalan gegn Tyrklandi, 12. maí 2005 (46221/99).

MDE, Moldovan o.fl. gegn Rúmeníu, 12. júlí 2005 (41138/98 og 64320/01).

MDE, Rohde gegn Danmörku, 21. júlí 2005 (69332/01).

MDE, Mathew gegn Hollandi, 29. september 2005 (24919/03).

MDE, Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku, 11. janúar 2006 (52562/99 og 52620/99).

MDE, Ramirez Sanchez gegn Frakklandi, 4. júlí 2006 (59450/00).

MDE, Jalloh gegn Þýskalandi, 11. júlí 2006 (54810/00).

MDE, Maslova og Nalbandov gegn Rússlandi, 24. janúar 2008 (839/02).

MDE, Khider gegn Frakklandi, 9. júlí 2009 (39365/05).

MDE, Nikiforov gegn Rússlandi, 1. júlí 2010 (42837/04).

MDE, Iorgov (II) gegn Búlgaríu, 2. september 2010 (36295/02).

MDE, O'Keefee gegn Írlandi, 28. janúar 2014 (35810/09).

Álit umboðsmanns Alþingis:

UA 7. júlí 2000 (2426/1998).

UA 15. ágúst 2001 (3123/2000).

UA 27. nóvember 2001 (2805/1999).

UA 28. mars 2003 (3518/2002).

UA 29. mars 2005 (4192/2004 og 4195/2004).